2010

BÓKA FRÉTTIR

Forlagsins

ERLENDUR SNÝR AFTUR

Oksanen
bókmenntalegt undur

KRISTJÁN JÓHANNSSON
LEGGUR SPILIN Á BORÐIÐ

Loksins ný bók frá
BRAGA ÓLAFSSYNI

Dávaldurinn
rauk beint á toppinn

GUNNAR THORODDSEN
og dómur sögunnar

ÞORGRÍMUR
vinsæll verðlaunahöfundur

Fullt af skemmtilegum barnabókum

NÝ SMÁRÉTTABÓK NÖNNU

GUNNAR EYJÓLFSSON
dramatík á leiksviði lífsins



Forsíðumyndin er úr *Poppkorni* Sigurgeirs Sigurjónssonar og Einars Kárasonar

Íslendingum er áskapað að tjá sig

„Það eru örlög Íslendinga að vera skapandi þjóð. Þeir voru rifnir upp úr heimkynnum sínum í árdaga og settir niður hér svo að segja á óþekktri reikistjörnu og þurftu að hafa fyrir því að búa allt til upp á nýtt. Taka upp úr töskum hugans: trú, siði, skáldskap, ættfræði, örnefni … Þeir eru ásamt Færeyingum einasta dæmið í nútíma um þjóð sem hefur komið að ónumdu landi. Fyrir bragðið geta Færeyingar ekki hætt að dansa og Íslendingum er áskapað að tjá sig og skapa.“

(Úr Pétursspostillu – Hugvekjum handa Íslendingum, 2010)



Lagerverslun Forlagsins, Fiskislóð 39, 101 Reykjavík

Þar sem (næstum) allar bækur fást

Við Fiskislóð 39 stendur gríðarstór bygging sem Forlagið hefur lagt undir sig. Stærstur hluti fer undir lager þar sem geymdar eru á að giska tvær milljónir bóka í hillum sem ná tíu metra upp í loftið. Það þarf lyftarapróf til að komast inn í þann helgidóm en fremsti hluti húsnæðisins hýsir glæsilega **lagerverslun Forlagsins** sem opin er almenningi alla virka daga kl. 10–17. Þar má alltaf nálgast allar útgáfubækur Forlagsins sem á annað borð eru fáanlegar og oft á mjög góðum kjörum. Ætíð eru næg bílastæði við verslunina og um að gera að renna þangað um leið og verslað er í Krónunni eða Bónus við sömu götu. Það er meira að segja leikur einn að taka strætó á Fiskislóðina því leið 14 stoppar steinsnar frá versluninni.





„FREMSTUR NORRÆNNA SAKAMÁLAHÖFUNDA.“

THE TIMES





„Á heimsmælikvarða.“
Westdeutsche Allgemeine

„Sagnameistari.“
The Guardian

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Furðustrandir


eftir sagnameistarann Arnald Indriðason:

Lögreglumaðurinn Erlendur er kominn á æskuslóðir til fundar við fortíðina, fundar sem verður afdrifaríkari en nokkurn grunar.

Arnaldur bregst ekki lesendum sínum í magnaðri bók.

Bókin með langa nafnið

Lesendur Braga Ólafssonar hafa beðið óþreyjufullir í fjögur ár eftir nýrri bók frá honum, en nú er hún komin. Löng bók með löngu nafni og alveg ómótstæðileg: **Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson**. Þar fylgjum við tveimur gömlum vinum, Erni og Jóni, föður Sturlu sem við minnumst úr *Sendiherranum*, til Englands með skipi en þangað fara þeir til að sækja föðurarf Arnar, tæplega 200 pör af forláta mokkasíum. Það er fyrrum mágkona Jóns, hinn meinti glæpasagnahöfundur Jenný, sem lýsir þeirri ferð fyrir okkur.



Aðdáendum Braga hefur þó ekki þurft að leiðast biðin. Þjóðleikhúsið frumsýndi í febrúar harmþrungna gáskaleikinn *Hænuungana* sem hefur notið gífurlegra vinsælda og gert bæði að sefa hungrið eftir nýrri bók og efla það.

Sérhæfðar bókabúðir í New York

Ekki var Bragi fyrr búinn að setja punktinn aftan við nýju söguna en hann fór til Bandaríkjanna til að fylgja eftir þýðingu á næstu skáldsögu á undan, Sendiherranum. „Ég las úr henni tvisvar í New York og svo tók ég þátt í lítilli og ansi skemmtilegri bókmenntahátíð í bænum Scranton í Philadelphiu. Sat þar meðal annars í panel ásamt argentískum rithöfundi, útgefanda mínum og tveimur þýðendum og spjallaði um gildi bókmenntaþýðinga," segir Bragi.

Í New York las Bragi annars vegar í Scandinavian House, norrænu menningarmiðstöðinni, og hins vegar í lítilli úrvals bókabúð á Manhattan sem heitir *192 Books* og sérhæfir sig í þýðingum. „Í New York eru fjölmargar svona litlar bókabúðir sem sérhæfa sig á einhverju sviði," segir Bragi, „alveg frábærar búðir, næstum eins góðar og Amazon!" Um upplestrana segir hann: „Þeir eru vel kynntir, sérstaklega á netinu. Bækurnar eru nefndar oft og það skiptir máli. Þar, eins og hér, kvarta útgefendur yfir lítilli umfjöllun um bækur í prentmiðlum en svona kynning og umfjöllun í bókmenntatímaritum og bloggi á netinu virkar held ég mjög vel."

Lukkuleg er sú bókmenntaþjóð …

Sendiherranum, eins og Gæludýrunum, hefur verið tekið með miklum ágætum vestanhafs. Rithöfundurinn Sam Munson endar ílangan dóm sinn í The National á þessum orðum: „Þetta er ískyggileg, næstum því lygileg rannsókn á hinum óendanlega áhugaverðu leyndardómum um mannlegt eðli og hvernig gerðir okkar spegla þá. Lukkuleg er sú bókmenntaþjóð sem á svo sannfærandi erindreka." Sendiherrann var áður kominn út á þýsku og dönsku.



Skáldsaga um einstaka konu

Kristín Steinsdóttir var þekkt fyrir barnabækur sínar og leikrit þegar hún sendi frá sér fyrstu bókina fyrir fullorðna lesendur, *Sólin sest að morgni* (2004). Sú hlaut góðar viðtökur en ekkert þó í samanburði við skáldsöguna *Á eigin vegum* (2006), sem hlaut fullt hús stiga hjá flestum sem um hana skrifuðu og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Bókin sem Kristín sendir frá sér í ár heitir **Ljósa**, áhrifamikil uppvaxtarsaga konu sem fæðist á ofanverðri 19. öld og lifir fram á þá tuttugustu.



Amma kveikja að sögunni

Kristín leggur áherslu á að *Ljósa* sé skáldsaga en dregur þó enga dul á að ævi ömmu hennar var kveikja að sögunni. Hún var hreppsstjóradóttir í Suðursveit og glímdi við alvarlegan geðsjúkdóm á þeim tímum þegar fólk, að minnsta kosti til sveita, stóð ráðalítið gagnvart slíkum sjúkdómum. Þar var meira gagn að því að sækja góðan smið en lækni og smíða dárakistu til að geyma sjúklinginn í. „Heima hjá mér var aldrei talað um ömmu," segir Kristín. „Á þessum tíma var geðveiki ekki til umræðu en mig dreymdi alltaf um að vita meira um ömmu. Kannski af því að hún hét Kristín eins ég."

Í fótspor Einsteins

Skáldsögu Kristínar *Á eigin vegum* var vel tekið í Þýskalandi og seinna á þessu ári kemur út þriggja diska hljóðbók, *Leben im Fisch*, þar sem Kristín segir frá uppvexti sínum á Seyðisfirði. Í sömu ritröð hafa m.a. komið út hljóðbækur með endurminningum Nóbelsverðlaunahafans Hertu Müller og rithöfundarins Peter Kurzeck ásamt fyrirlestrum og ræðum Einsteins svo Kristín er ekki í slæmum félagsskap!

„Örlög Kristínar ömmu leituðu sterkara á mig eftir því sem árin liðu. Í framhaldinu fór ég að kynna mér tímann og safna efni, leitaði víða fanga. Og þannig varð skáldsagan um Ljósu til."



Kynngimögnuð saga

★★★★

„... breið skáldsaga um ástina og dauðann ... mörgum þrepum ofar í bókmenntastiganum en formúlubókmenntirnar.“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið



Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir spinnur snilldarlegan vef þar sem afbrýðisemi og græðgi ráða för. Haglega fléttuð og óvenjuleg spennusaga eftir hæfileikaríkan höfund.



„... Þórunn hefur einstakt lag á að komast inn í hugarheim sögupersónanna og færa lesandann þangað með sér.“

Bjarni Ólafsson / Morgunblaðið

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Makalausar vinsældir

Skáldsagan **Makalaus** eftir Tobbu Marinós kom út í vor og fór varla fram hjá neinum – seldist roknavel og var á allra vörum. Fljótlega eftir útkomuna undirritaði höfundurinn samning við SkjáEinn um gerð sjónvarpsseríu eftir bókinni. Áætlað er að framleiðsla þáttanna hefjist strax á þessu ári og að sögn Kristjönu Thors Brynjólfsdóttur, dagskrárstjóra SkjásEins, munu þeir sýna „stefnumótamenningu landsmanna og þær skemmtilegu uppákomur sem geta skapast við þær aðstæður." Það gerir bókin líka svo hörðustu harðjaxlar grenja af hlátri.

Einróma lof gagnrýnenda




Í byrjun vors kom út skáldsagan **Kvöldverðurinn** í vandaðri þýðingu Jónu Dóru Óskarsdóttur. Þessi einstaklega vel flétt-aða saga hefur vakið heimsathygli – og ekki að ástæðulausu. Íslenskir gagnrýnendur luku upp einum munni um ágæti bókarinnar, ekki síður en kollegar þeirra í útlöndum: „… full af nýjum og óvæntum vendingum sem halda lesandanum við efnið þannig að erfitt er að leggja hana frá sér," sagði Karl Blöndal í *Morgunblaðinu,* og Maríanna Clara Lúthersdóttir á *Kritik.is* var ekki síður hrifin: „… bók sem skilur lesandann eftir með verulega óþægilegar spurningar um fjölskyldu, ást og tryggð ekki síður en grimmd, ofbeldi og mannlegt eðli. Hreint ekki notaleg lesning – en grípandi, vel skrifuð og meinfyndin."

Forlagið er afar stolt af ungliðum sínum á þessu ári; fjórir ungir höfundar senda frá sér ný prósaverk

„Ungur prósi"

Í vor kom út fyrsta skáldsaga Kára Tuliniusar, **Píslarvottar án hæfileika**, en áður hafði Kári einkum fengist við ljóðagerð. Í þessari fyrstu bók hans segir frá fimm ungmennum í Reykjavík sem öll vilja láta til sín taka. Þau gætu hugsað sér að fremja hryðjuverk en það er erfitt að vera öfgamaður þegar ekkert er þess virði að drepa eða deyja fyrir. „Styrkleiki **Píslarvotta án hæfileika** felst einkum í byggingunni, hvernig tímaplanið er spunnið saman og fléttunni … fyrirtaks frumraun," sagði Einar Falur Ingólfsson í *Morgunblaðinu*.


Ófeigur


Kristín


Kári


Hugrún

Hver voru amma og afi eiginlega?

Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir er íslenskufræðingur sem lengi hefur skrifað fyrir skúffuna og fáeina vini. Nú kemur fyrsta skáldsaga hennar, **Stolnar raddir**, beint úr hráu djamminu í Reykjavík. Þar situr barina stúlkan Sóllilja og veit ekki sitt rjúkandi ráð. Karlmennirnir í lífi hennar eru annaðhvort of traustir til að vera spennandi eða of ótraustir til að á þeim sé byggjandi og hún veit ekki hvort hún á að druslast í gegnum próf eða fara bara að vinna. Svo finnur hún gamla mynd af ömmu sinni með manni sem ekki er afi – og allt í einu fær hún um annað að hugsa en sjálfa sig.

Vægðarlausar sögur og ríkar af samúð

Margir hafa dáðst að kraftmiklum og áleitnum ljóðstíl Kristínar Eiríksdóttur en þrátt fyrir ungan aldur hefur hún sent frá sér þrjár ljóðabækur sem allar hafa vakið mikla athygli. Nú snýr Kristín sér að prósa og fyrsta bók hennar af því tagi, smásagnasafnið **Doris deyr**, sætir bókmenntalegum tíðindum. Hér skrifar ungur höfundur sem þegar hefur komið sér upp sérstakri rödd; stíl sem er í senn nærfærinn og áleitinn, viðkvæmur og ögrandi, og nær furðusterkum tökum á lesandanum.

Hjartans guðsgjöf og ekta kona

Ófeigur Sigurðsson er vel kunnur sem ljóðskáld og skáldsaga hans *Áferð* vakti talsverða athygli. Í nýju sögunni, sem ber heitið **Jón**, fer hann aftur á átjándu öld og lifir sig inn í líf og hugarheim eins frægasta klerks Íslandssögunnar, Jóns Steingrímssonar. Hann fylgir honum úr Skagafirði suður í Mýrdal og sest að í helli með honum og bróður hans á meðan Katla gýs. Ófeigur hefur legið yfir verkum Jóns, ferðabók Eggerts og Bjarna og fleiri átjándu aldar ritum í nokkur ár til að viða að sér efni í söguna sem er ekki bara skemmtileg lýsing á lífinu í hellinum heldur líka hugþekk ástarsaga um örlagaríkar ástir Jóns og konu hans.

Hver er maðurinn?

Mér er skemmt er óvenjuleg ævisaga – eiginlega bók af gerðinni „sögukaflar af sjálfum mér" því þar tekur Einar Kárason fyrir ævi sína þematískt. Skrykkjótt skólaganga frá Ísaki upp í menntó er til dæmis í einum kafla, í öðrum eru tröllasögur af ferðunum með Bubba Morthens á Hraunið um jól og í enn einum óborganlegar sögur af afskiptum hans af kvikmyndagerð. Þar fá lesendur sjaldgæfa innsýn í handritsþátt þeirrar listgreinar. Kattafólki mun hlýna um hjartaræturnar við lestur kaflans af köttum Einars gegnum tíðina. En einn þátt bókarinnar munu félagsmenn Bandalags íslenskra listamanna lesa sérlega vandlega og eins og spennusögu – nefnilega kaflann um félagsmálastúss Einars fyrir rithöfunda og aðra listamenn.

Hér er svo ein spurning sem þið getið velt fyrir ykkur áður en þið lesið bókina: Hvaða menntamálaráðherra sagði þetta í viðurvist Einars: „Menn sitja á ríkisstjórnarfundum og ef það vantar meiri peninga til að niðurgreiða rollukjöt samþykkja menn marga milljarða án þess að depla auga, en ef það á að láta hálfa milljón í menninguna þá er það eins og maður sé að grátbiðja á hnjánum um ásmundarjárn og snæri!"



Ískrandi húmor og yndislegar sögur


Lifandi, dramatískar og meinfyndar sögur úr einkalífi Einars Kárasonar: Skólagangan, jólin á Hrauninu, rithöfundar í stríði og ógleymanlegir kettir.

Einar opnar hér af fágætri einlægni dyrnar að lífi sínu, hugmyndum og hugsjónum.

„Mikill og nútímalegur sagnamaður.“

Litteraturen





MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Missir Guðbergs – fengur lesandans



Í vor kom út í kilju skáldsagan **Missir** eftir Guðberg Bergsson. Hvert leitar hugurinn þegar komið er á leiðarenda og fátt framundan nema eilífðin sjálf? Til liðinnar tíðar, í athvarf minninganna. Ekkert rýfur þögnina nema miskunnarlaust suðið í katlinum, hversdagslegur undirleikur við uppgjör einmana manns við tilveru sína, ástina eða ástleysið sem nær yfir mörk lífs og dauða – og ellina, það hlutskipti sem allra bíður þegar líkaminn hrörnar og þrekið þverr.

Hugrakkur höfundur

Fáir höfundar hafa kjark til að takast á við hversdagsleikann, sýna okkur inn þá hversdagsheima sem allir þekkja en hver og einn fegrar á sinn einstaka hátt – og gera það af slíkri list að unun er að lesa. Einmitt þetta tekst Guðbergi hér með einstakri stílsnilld sinni.

Nú kemur bókin út innbundin í eitt þúsund tölusettum og árituðum eintökum ásamt diski með upplestri höfundar á verkinu. Gagnrýnendur voru á einu máli um *Missi*:

★★★★½ stjarna
„… tvímælalaust eitt af hans áhrifameiri verkum, knappt og meitlað og vekur lesandann til umhugsunar.“
Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið

„Fáir rithöfundar ná að grípa mig jafn sterkum tökum og þessi meistari stílsins.“
Jenný Anna Baldursdóttir / eyjan.is

„… mjög fallega skrifað verk … hrífandi … það sem hann ætlar sér – að lýsa einmanaleik og hnignun síðustu áranna sem maðurinn lifir – er gert af virðingu og smekkvísi.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan

„Ofsalega vel skrifuð og góð bók, það er gaman að fá svona bók í hendurnar.“
Egill Helgason / Kiljan

„Efnið er um margt áleitið og það er margt gríðarvel gert í þessari bók.“
Sigurður Ólafsson / midjan.is



Fyrsta bók Guðbergs Bergssonar, Músin sem læðist, *kom út árið 1961. Hann er óumdeilt einhver áhrifamesti höfundur okkar á síðari hluta tuttugustu aldar – og raunar fram á þennan dag.*

Enginn venjulegur reyfari

„Það er ekkert að raunveruleikanum, nema hvað hann getur verið leiðinlegur. Ekki má heldur gleyma sársaukanum þó hann sé ekki alltaf í manni sjálfum. Hann er nefnilega raunverulegastur.“ Svo mælti Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir rithöfundur árið 2002. Þessi orð hennar bera vott um innsæi og frjóa sýn á mannlega tilveru – það sem einkennir ævinlega skáldskap Þórunnar. Hún er næm á blæbrigði í mannlegu samfélagi, kemur oftar en ekki auga á það sem áður hefur verið hulið, hvað það er sem rekur fólk til að ryðja öðrum úr vegi – og hvað gerist þegar hömlurnar hverfa ein af annarri.



Slátturinn í sambandi karls og konu

Þórunn er sérlega vel læs á samskipti, ekki síst sláttinn í samskiptum karls og konu, þessi örfínu skilaboð sem eru í rót sinni einhvers konar efnafræði. Hún hefur „einstakt lag á að komast inn í hugarheim sögupersónanna“, eins og einn gagnrýnandinn komst að orði um nýútkomna bók hennar, **Mörg eru ljónsins eyru**. Þórunn leitar víða fanga í sögur sínar en í þessari nýju bók nýtir hún sér söguþráð Laxdælu.



Ferill Þórunnar Erlu-Valdimarsdóttur er einkar glæsilegur. Hún hefur jöfnum höndum sent frá sér skáldskap, fræðirit og ævisögur og hlotið níu tilnefningar og fern verðlaun fyrir verk sín. Skáldsaga hennar, Stúlka með fingur, *hefur notið sérstakrar hylli, fékk Menningarverðlaun DV og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Þórunn hlaut líka mikið lof, tvær tilnefningar og ein verðlaun, fyrir verk sitt* Upp á Sigurhæðir. Sögu Matthíasar Jochumssonar. *Skáldsaga hennar* Kalt er annars blóð *sem kallast á við Njálu var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.*

„MEISTARA-KRIMMI

Besta bók Árna Þórarinssonar. Hugrökk og sönn.“

Árni Matthíasson, blaðamaður, Morgunblaðinu

★★★★


„... glæsilega unnin, með sterkri samfélagslegri sýn og ríkri siðferðilegri boðun ... voveifleg lýsing á því samfélagi sem við höfum búið okkur ...“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

★★★★½

„... lygilega sannsöguleg og endurspeglar meinið í íslensku samfélagi ... frábær bók, besti krimmi sem ég hef lesið í nokkurn tíma.“

Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið






Grípandi saga úr íslenskum samtíma, áleitin og nístandi

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Loksins loksins

Þessi fleygu orð má vel nota um bókina **Meistarar og lærisveinar** sem kom út í sumar í klassíska kiljuklúbbnum. Þar kemst loksins á prent í heilu lagi „stóra ævisögulega handritið“ úr eftirlátnum blöðum Þórbergs Þórðarsonar sem ævisöguritarar hans hafa óspart vitnað í. Aðdáendum Þórbergs hefur fundist mikill fengur að því að fá loksins að lesa það í heilu lagi.




Mjótt á mununum

Árið 1976 vakti bókin **Fátækt fólk**, endurminningar Tryggva Emilssonar verkamanns, mikla athygli, bæði djúpa aðdáun og mikla reiði. Árið eftir var hún tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og lengi hefur sú þjóðsaga verið á sveimi að hún hafi verið mjög nálægt því að fá verðlaunin. Í formála Þorleifs Haukssonar að nýrri útgáfu er þessi orðrómur staðfestur. Fátækt fólk og *Pubertet* eftir Ivar Lo-Johansson fengu jafnmörg atkvæði í fyrstu umferð. Svo litlu munaði að þessi aldraði verkamaður sem aldrei hafði haft aðstæður til að skrifa sigraði einn helsta rithöfund Svía. Rætt var um að skipta verðlaunanum á milli þeirra Tryggva og Ivars en slík ráðstöfun hefur ekki verið vinsæl og því voru greidd atkvæði aftur. Þá hafði einn nefndarmanna skipt um skoðun …

Söguleg skáldsaga um uppvöxt Hallgríms Péturssonar

eftir höfund metsölubókarinnar *Reisubók Guðríðar*

Hvað gerði Hallgrím Pétursson að stórskáldi? Hver var heimanfylgja hans? Móðir hans og faðir, fjölskylda, vinir og fjölskrúðugt mannlíf á Hólum í Hjaltadal – allt vaknar þetta hér til lífsins í stórbrotinni náttúru Skagafjarðar. Frásögnin fylgir drengnum frá fæðingu og til þess er hann heldur af landi brott á unglingsárum. Af alúð og hugkvæmni eru stopular heimildir nýttar um sálmaskáldið og þá hörðu öld sem fóstraði hann. Galdrabrenna, eldsumbrot og Tyrkjarán, valdatogstreita höfðingja og barátta almúgans við óblíða náttúru mynda baksvið atburðanna þegar næm barnssálin



tekst á við áföll og sviptingar í eigin lífi – með hjálp einstakrar náðargáfu: skáldskaparins.

Steinunn Jóhannesdóttir hefur rannsakað líf og skáldskap Hallgríms Péturssonar um árabil. **Heimanfylgja** er önnur skáldsaga hennar; áður hefur hún skrifað *Reisubók Guðríðar Símonardóttur* um ævintýralegt lífshlaup eiginkonu Hallgríms.



Ekki er mikið vitað um æsku Hallgríms Péturssonar og uppvöxt. Þó er hann talinn hafa fæðst árið 1614 á bænum Gröf á Höfðaströnd í Skagafirði og vitað er að faðir hans var um hríð hringjari á Hólum. Gert er ráð fyrir að hann hafi stundað nám í Hólaskóla en „tjáist að Hallgrímur hafi misst skólann“ eins og segir í einni af elstu ævisögum hans. Ókunnugt er um tildrög þess að hann fór ungur að árum af landi brott með erlendum sjómönnum.

Sagnir eru um dvöl hans í Þýskalandi og í Kaupmannahöfn komst hann til náms á ný fyrir milligöngu Brynjólfs Sveinssonar. Þar varð á vegi hans Guðríður Símonardóttir, gift kona úr Vestmannaeyjum sem frelsuð hafði verið úr ánauð í Alsír. Þau felldu hugi saman, þótt hann væri sextán árum yngri en hún, og gengu í hjónaband þegar ljóst var að eiginmaður hennar væri látinn. Hallgrímur varð prestur á Íslandi, fyrst á Suðurnesjum en lengst af í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd þar sem hann orti meðal annars *Passíusálmana* sem fylgt hafa íslenskri þjóð æ síðan. Hann lést árið 1674 úr holdsveiki.

„Vara þína fingur …“

Heimur útrásarvíkinganna



Óskar Hrafn Þorvaldsson, fyrrverandi fréttastjóri á Stöð 2 og núverandi ritstjóri *Fréttatímans*, hefur nú skrifað spennusögu um útrásarvíkingana.

Það var sukkað og grætt, fylgst með Formúlu 1 í snekkju við hlið-ina á lúxussnekkju Romans Abramovits; reynt að toppa næsta mann í lúxus og grunnt var á öfund og illgirni, enda réðu græðgi og siðblinda för.

Einn af þeim var mesti tossinn í Versló
og vill sífellt vera að sanna sig.
Einn af þeim var aðalgaurinn í
Versló og þarf ekki að sanna sig – en
getur bara ekki hætt að græða.
Og einn af þeim finnur pottþétta aðferð
til að milljarðarnir fari að rúlla inn.
Einn af þeim er myrtur …

Frásögnin stekkur heimshornanna á milli. Ævintýraleg viðskipti rússnesku mafíunnar í Mílanó koma við sögu, demantar eru keyptir í Antwerpen, leyniherbergi full af seðlum er að finna í París – og í Kópavogi fara fram skuggalegir dílar.


Svo finnst lík í heitum potti. Það kemur í hlut Gunnars Finnbjörnssonar og félaga hans í lögreglunni að rannsaka málið. Það fer í taugarnar á honum að lesa alltaf um afrakstur gærdagsins í *Dagblaðinu*, en hann lætur ekkert trufla sig fyrr en hann er búinn að upplýsa málið að fullu.

Hvað gerði Hallgrím Pétursson að stórskáldi?

Hver var heimanfylgja hans?



Í skáldsögu sinni *Heimanfylgju* fylgir Steinunn Jóhannesdóttir drengnum Hallgrími frá fæðingu og þar til hann heldur af landi brott sem unglingur. Af alúð og hugkvæmni nýtir hún stopular heimildir um sálmaskáldið og þá hörðu öld sem fóstraði hann.



Galdrabrenna, eldsumbrot og Tyrkjarán, valdatogstreita höfðingja og barátta almúgans við óblíða náttúru mynda baksvið atburðanna þegar næm barnssálin tekst á við áföll og sviptingar í eigin lífi – með hjálp einstakrar náðargáfu: skáldskaparins.

Eftir höfund metsölubókarinnar
Reisubók Guðríðar Símonardóttur

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


Spennuár hjá Forlaginu




Henning Mankell hefur verið tíður gestur á útgáfulista Máls og menningar í mörg ár, aðdáendum hans til hrollkenndrar ánægju. Nú kemur **Danskennarinn snýr aftur**, „hörkuspennandi, níst-ingsköld og löðrandi í




illsku," eins og gagnrýnandi The Times komst að orði … **Barnið í ferðatöskunni** kom út í sumar og var „smellur ársins" að mati Páls Baldvins Baldvinssonar. Þetta er fyrsta bók þeirra Lene Kaaberbøl og Agnete Friis og við getum glatt lesendur með því að næsta haust kemur önnur bók um hjúkrunarkonuna með stóra hjartað, Ninu Borg … Jack Reacher, löggan hans Lee Child, er líka með í ár í




sögunni **Friðlaus**. Þeir sem þekkja til Jacks vita að titillinn smellpassar við hann … Aðdáendur James Patterson vita líka að hjá honum geta þeir gengið að krassandi og blóðugum spennusögum og **Fyrirsætumorð-**



in eru þar engin undantekning … Og svo hefur Patterson lagt saman við sænsku glæpadrottninguna Lizu Marklund í spennutryllinum **Póstkortamorðin** … Önnur sænsk glæpasagna-



drottning sem nýtur sívaxandi vinsælda um allan heim, Åsa Larsson, á bókina **Blóðnætur**, magnaða sögu sem hlaut Sænsku glæpasagnaverðlaunin … Nei, það vantar ekki spennuna á útgáfulista Forlagsins þetta árið fremur en endranær.



Frakkar skynja taktinn eins og Íslendingar

Nýjasta spennusaga Árna Þórarinssonar, **Morgunengill**, hefur fengið frábærar viðtökur; allmargir gagnrýnendur og lesendur hafa talið hana bestu bók Árna hingað til. En það eru fleiri sem taka bókum hans fagnandi því að *Sjöundi sonurinn*, sem nýlega kom út í Frakklandi, hefur fengið ríf-andi móttökur.



Sláandi samfélagsmynd – íslenskt fjármálakerfi í þrot

Oft er lærdómsríkt að sjá hvað erlendum lesendum finnst um íslenskar bókmenntir, hvað fangar athygli þeirra, vekur forvitni eða aðdáun. Tvö stef eru mest áberandi í skrifum franskra gagnrýnenda um Árna: samfélagsmyndin og samúð með persónum. Flestir nefna þá merkilegu mynd af íslensku samfélagi sem Árni dregur upp, enda hafi bókin komið út aðeins nokkrum vikum eftir að kreppan, sem síðan átti eftir að keyra íslenskt fjármálakerfi í þrot árið 2008, skall á íslenskum verðbréfamarkaði. Hér er tekist á við þær harkalegu samfélagsbreytingar sem áttu sér stað á Íslandi sem fram að hruni var einangrað og sjálfhverft. Samfélagið stefnir hraðbyri í „gereyðingu sem hellist yfir íbúana og gerir þá (enn) gráðugri, sjálfselskari og helteknari af hillingunni um neyslusamfélagið." (Mikäel Demets). En þótt Árni Þórarinsson „lýsi íslensku samfélagi, samfélagi sem týndi sér í alþjóðavæðingunni" þá sé samt sem áður von fólgin í kreppunni sem muni lýsa þessu skrýtna landi leiðina út úr henni.

Góður samfélagsrýnir

Gagnrýnendur víkja einnig iðulega að samúð Árna með sögupersónum sínum, hann sé laus við þann myrka og ísaða stíl sem oft einkenni skandinavíska höfunda. Fyrir vikið verði lýsingar hans á mannlegu eðli, breyskleika þess, göllum og kostum, áhrifameiri og „sannari".

Af þessum góðu viðtökum er að minnsta kosti ljóst að bækur Árna Þórarinssonar fara vel í franska þjóðarsál.

Erlendur snýr aftur – 1. nóvember

Eins og mörg undanfarin ár geta unnendur sakamálasagna merkt 1. nóvember sem sparidag í almanakinu sínu. Sú hefð hefur skapast að þann dag komi út ný bók eftir Arnald Indriðason og engin breyting verður á því þetta árið. Lesendur bíða jafnan spenntir eftir útgáfudeginum og fjöldi fólks mætir í bókabúðir strax á fyrsta degi til þess að ná sér í það sælgæti sem ný Arnaldarbók auðvitað er. Eflaust eru sumir svo kappsamir að vilja lesa bókina á undan öllum kunningjunum!

Bókin í ár heitir **Furðustrandir** og sögusvið hennar er á Austfjörðum þar sem lögreglumaðurinn góðkunni, Erlendur Sveinsson, heimsækir bernskuslóðir sínar. Í seinustu tveimur sögum hefur Erlendur verið fjarri hringiðunni og félagar hans í lögreglunni, þau Elínborg og Sigurður Óli, hafa þurft að leysa flókin sakamál upp á eigin spýtur. En nú er sjónum beint að Erlendi á ný og er það mikið tilhlökkunarefni fyrir fjölmarga aðdáendur hans sem geta vart hugsað sér að halda jól nema í félagsskap þessa hryssingslega einfara.



Arnaldur Indriðason hefur sent frá sér skáldsögu á hverju hausti allt frá 1997 og **Furðustrandir** er því fjórtánda bókin. Sögurnar njóta ekki aðeins gríðarlegra vinsælda hér heima heldur hafa þær verið þýddar á fjölmörg tungumál og komið út við miklar vinsældir í hverju landinu af öðru. Sömuleiðis hafa þær sópað að sér viðurkenningum og verðlaunum. En við hér heima fáum að vera fyrst allra til að lesa og njóta nýrrar og safaríkrar sögu frá Arnaldi; viðbúin, tilbúin og … 1. nóvember!

Þegar útrásin breyttist í martröð ...

Hver drap hrokafulla útrásarvíkinginn? Hvers vegna voru fingurnir klipptir af honum? Hvaða leyndarmál var rætt í snekkjupartíinu í Cannes?


Íslensku milljarðamæringarnir flugu hátt en fallið var líka mikið.

„Stundum er veruleikinn svo lygilegur að skáldskapurinn fangar hann betur en fréttirnar. Þessi bók hittir beint í mark.“

Jón Kaldal, ritstjóri Fréttatímans



Óskar Hrafn Þorvaldsson veit hvað gerðist á bak við tjöldin og notar þekkingu sína til að skrifa æsilega spennusögu um örlög og illvirki ...




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Íslensk skáldverk




ALLT FÍNT ... EN ÞÚ?
Jónína Leósdóttir
Nína veit ekki hvernig hún á að taka því þegar sjötugur faðir hennar er kominn með kærustu, örfáum vikum eftir lát eiginkonu sinnar. En stjörnuleikkonan Sunna, systir Nínu, velkist ekki í vafa: Hún vill slíta öllu sambandi við föður sinn. Strax! Bráðfyndin saga um grafalvarleg málefni sem geta komið upp í hvaða fjölskyldu sem er.
279 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3186-5



AUÐUR
Vilborg Davíðsdóttir
Auður djúpúðga er í hópi þekktustu landnema Íslands. Í þessari átakamiklu og spennandi sögu kynnumst við henni á unga aldri og fylgjum henni inn í stormasamt hjónaband með Ólafi hvíta Dyflinnarkonungi. Vilborg Davíðsdóttir er þaulkunnug mannlífi sögutímans og söguhetja hennar rís úr djúpi aldanna, sterk og heillandi kona. „Skemmtileg og innihaldsrík saga.“ Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið
269 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3112-4
Kilja



DORIS DEYR
Kristín Eiríksdóttir
Með *Doris deyr* kveður Kristín Eiríksdóttir sér hljóðs með eftirminnilegum hætti. Smásögur hennar eru skrifaðar af næmi og ímyndunarafli, eru ríkar af samúð án þess að vera blíðar. Kristín er einn af okkar athyglisverðustu ungu höfundum.
167 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-140-1




DÝRIN Í SAIGON
Sigurður Guðmundsson
Heimspekilegt verk og óvenjuleg ástarsaga, skrifuð á tíu mánuðum í Víetnam þar sem myndlistarmaðurinn Sigurður Guðmundsson reyndi að komast af án tungumáls, segja skilið við eigin menningu og lifa eins og viturt dýr. Margslungin flétta hefðbundins æviþátta og heillandi skáldskapar. „Ljóðrænt hugmyndaverk fullt með erótík.“ **** Skafti Þ. Halldórsson / Morgunblaðið
228 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3160-5
Kilja



EINEYGÐI KÖTTURINN KISI OG LEYNDARDÓMAR EYJAFJALLAJÖKULS
Hugleikur Dagsson
Myndir: Pétur Antonsson
Eineygði kötturinn Kisi er kominn aftur og í þetta sinn betur teiknaður en nokkru sinni fyrr! Kisi er í ástarsorg og fer út í sveit til að slaka á með vinum sínum, Kötu kanínu og Skúla skjaldböku. En fyrr en varir lenda þau í klónum á harðsvíruðum glæpamönnum, stökkbreyttum hákörlum, mannætujólasveinum og gjósandi Eyjafjallajökli! Höfundurinn Hugleikur Dagsson fékk í þetta sinn til liðs við sig teiknarann Pétur Antonsson sem gerir Kisa og félögum æðisleg skil! Tímamót í íslenskum myndasögum!
52 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-170-8
Óbundin



ÉG SÉ EKKERT SVONA GLERAUGNALAUS
Óskar Magnússon
Í smásögum Óskars Magnússonar er oft galsafengin tónn en undir niðri býr alvara og stundum hárfín ádeila. Höfundur hefur einkar glöggt auga fyrir smáatriðum og gæðir sögupersónur lífi með nærum skilningi á einkennum þeirra og hátterni. „Það er einfaldleikinn og tilgerðarleysið sem er aðall frásagnanna. Skemmtileg bók.“ Einar Kárason
160 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-153-1



FÁTÆKT FÓLK
Tryggvi Emilsson
Frásögn Tryggva Emilssonar verkamanns af uppvexti sínum, móðurmissi og vondum vistum hefur engu glatað af styrk sínum og töfrum síðan hún kom fyrst út 1976 og á ef til vill ennþá brýnna erindi við okkur nú en nokkru sinni fyrr. Þorleifur Hauksson hafði umsjón með útgáfunni og ritaði formála. Íslensk klassík Forlagsins
378 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-541-6
Kilja



FÓLKIÐ Í KJALLARANUM
Auður Jónsdóttir
Klara og Svenni hafa boðið í glæsilegan kvöldverð en Klöru er ekki rótt. Gestagangur í kjallara hússins vekur minningar sem erfitt er að bæla. Bókin sem færði höfundi sínum Íslensku bókmenntaverðlaunin er komin í nýrri útgáfu í tilefni af vel heppnaðri leikgerð á Nýja sviði Borgarleikhússins. „Makalaus bók …“ Páll Baldvin Baldvinsson / Stöð 2
290 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3196-4
Kilja




FURÐUSTRANDIR
Arnaldur Indriðason
Erlendur er á æskuslóðum og liðin tíð sækir á, atvik úr hans eigin lífi sem og önnur óuppgerð mál. Gömul saga af breskum hermönn-

um sem lentu í hrakningum og ungri konu sem hvarf á sama tíma vekur forvitni Erlendar sem þyrstir í svör við gátum fortíðar, hversu sársaukafull sem þau reynast. Mögnuð saga um myrk leyndarmál eftir meistarann Arnald Indriðason.
301 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2123-4



GERPLA
Halldór Laxness
Gerpla er ein af sígildum skáldsögum Halldórs Laxness og gerist á 11. öld þegar tveir vestfirskir garpar sverjast í fóstbræðralag. Þetta er öfugsnúin hetjuharmsaga í sögualdarstíl; margræð, beitt og fyndin háðsádeila á stríðsrekstur og hetjudýrkun að fornu og nýju. Bókin kom fyrst út 1952, þremur árum áður en Halldór hlaut Nóbelsverðlaunin. Íslensk klassík Forlagsins.
333 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-529-4
Kilja



HANDRITIÐ AÐ KVIKMYND ARNAR FEATHERBY OG JÓNS MAGNÚSSONAR UM UPPNÁMIÐ Á VEITINGAHÚSINU EFTIR JENNÝ ALEXSON
Bragi Ólafsson
Óborganleg saga um ferð tveggja gamalla vina, Arnar og Jóns, sjóleiðina til Englands til að sækja föðurarf Arnar, tæplega tvö hundruð pör af forláta mokkasíum. Á leiðinni vinna þeir að handriti að tímamótakvikmynd. Atburðarásin er skráð af Jenný Alexson, fyrrum mágkonu Jóns.
464 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3197-1



HEIMANFYLGJA – SKÁLDSAGA UM UPPVÖXT HALLGRÍMS PÉTURSSONAR BYGGÐ Á HEIMILDUM UM ÆTTFÓLK HANS OG SAMTÍÐ
Steinunn Jóhannesdóttir
Hvað gerði Hallgrím Pétursson að því skáldi sem hann var? Í þessari heillandi skáldsögu hefur Steinunn Jóhannesdóttir endurskapað það umhverfi sem mótaði Hallgrím. Við kynnumst foreldrum hans, systkinum, frændfólki, vinum, höfðingjum aldarinnar og almúgafólki. Ástríður, ástir og átök einkenna frásögnina og í bakgrunni eru stórtíðindi aldarinnar: eldgos, valdabarátta og Tyrkjaránið. Steinunn hefur áður skrifað skáldsöguna *Reisubók Guðríðar Símonardóttur* um ævintýri eiginkonu Hallgríms.
420 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-161-6



HEIMSLJÓS
Halldór Laxness
Ný útgáfa á einni ástsælustu skáldsögu Halldórs Laxness. Lífshlaup Ólafs Kárasonar Ljósvíkings, niðursetnings og alþýðuskálds, er óslitin þrautaganga en stefna hans er ætíð skýr: til móts við fegurðina, þar sem engar sorgir búa. *Heimsljós* er stórvirki í ýmsum skilningi: margslungið átakaverk, áhrifaríkt, fyndið og róttækt – ómótstæðilegur skáldskapur.
706 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2107-4



HYLDÝPI
Stefán Máni
Fjórir ungir drengir róa í leyfisleysi út á stórt stöðuvatn. Einn þeirra er nærri drukknaður. Tíu árum síðar hverfa tvö ungmenni, piturinn finnst, stúlkan ekki. Mögnuð saga sem lesandinn gleypir í sig – undir niðri kraumar þetta ósagða, þessi martröð sem engan enda ætlar að taka …
264 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-105-0
Kilja



INDJÁNINN
Jón Gnarr
Saga drengs sem ekki aðeins á gamla foreldra heldur er líka rauðhærður, nærsýnn og ofvirkur með athyglisbrest. Áhrifamikil uppvaxtarsaga sem einnig lýsir vel andrúmslofti 8. áratugarins á Íslandi.
221 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3201-5
Kilja



KARLSVAGNINN
Kristín Marja Baldursdóttir
Þegar Gunnur vaknar hefur heimili hennar verið rænt. Í ofboði ákveður hún að flýja austur í sumarbústað en þangað fer með henni unglingsstúlka sem hún þekkir afar lítið. Þetta verður óvenjuleg helgi með skemmtilegum en líka sársaukafullum gönguferðum um hús minninganna. „Athyglisverð og vel skrifuð saga.“ Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið
176 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3107-0
Kilja




LJÓSA
Kristín Steinsdóttir
Ljósa elst upp seint á 19. öld undir hvelfdum jökli með víðsýni yfir sjó og sanda. Hana dreymir um framtíð þar sem hamingjan ríkir og sólin skín. En veruleikinn ætlar henni annað: þrátt fyrir góð efni og ástríka fjölskyldu vofir yfir henni ógn sem gefur engin grið. *Ljósa* er einstök örlagasaga um vanmátt og styrk eftir verðlaunahöfundinn Kristínu Steinsdóttur.
242 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2121-0



MAKALAUS
Þorbjörg Marinósdóttir
Drepfyndin saga úr samtímanum eftir blaðakonuna og bloggarann Þorbjörgu Marinósdóttur sem engin kona má láta fram hjá sér fara. Bókin sló rækilega í gegn í sumar og verður án efa ein af söluhæstu bókum ársins.
322 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-125-8
Kilja



MARTRÖÐ MILLANNA
Óskar Hrafn Þorvaldsson
Útrásarvíkingurinn, milljarðamæringurinn og hrokagikkurinn Reynir Sveinn Reynisson finnst myrtur á hrottalegan hátt og afklipptir fingur fljóta í kringum hann. Hér segir frá sturluðum lífsstíl með snekkjupartíum, kókaíni og fylgdarkonum, glannalegum viðskiptafléttum, ofsagróða og háu falli. Óskar Hrafn Þorvaldsson var blaðamaður og fréttastjóri á Stöð 2 og Vísi og veit hvað gerðist á bak við tjöldin …
238 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-158-6



MÉR ER SKEMMT
Einar Kárason
Einlægar og fjörugar frásagnir höfundar úr eigin lífi, dramatískar sögur af brogaðri skólagöngu og félagsmálastússi á fullorðinsárum, gráthlægilegar sögur af afskiptum hans af kvikmyndum, dásamlegar sögur af „jólunum á Hrauninu“, misþroskavænlegri sumarvinnu og öllum köttunum sem hann hefur átt.
227 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3191-9



MISSIR
Guðbergur Bergsson
Hér segir Guðbergur frá uppgjöri einmana manns við tilveru sína, ástina eða ástleysið sem nær yfir mörk lífs og dauða – og ellina, það hlutskipti sem allra bíður þegar líkaminn hrörnar og þrekið þverr. Verkið var frumútgefið í kilju en er jafnframt fáanlegt í fallegri innbundinni útgáfu – 1000 tölusett og áritað eintök ásamt diski með upplestri höfundarins á verkinu.
128 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-118-0 / 160-9
Innbundin/kilja



MORGUNENGILL
Árni Þórarinsson
Það er ekki margt líkt með fátækum bréfbera norðan heiða og auðmanni með milljarðaskuldir á bakinu. Örlög beggja fléttast þó saman við leit Einars blaðamanns að réttlæti ekki síður en forsíðufréttum. Grípandi sakamálasaga úr íslenskum samtíma um glatað sakleysi. „Meistarakrimmi. Besta bók Árna Þórarinssonar. Hugrökk og sönn.“ Árni Matthíasson.
300 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-133-3




MÖRG ERU LJÓNSINS EYRU
Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir
Glæsikonan Guðrún Óðinsdóttir hefur örlög margra í hendi sér. Mennirnir í lífi hennar elska hana allir en hverjum er hún verst? Hvern elskar hún mest? Efniviðurinn er sóttur til Laxdælu og ofið á snilldarlegan hátt með þann slátt sem ævinlega ríkir í sambandi karls og konu. Þessi heillandi spennusaga er fáanleg bæði innbundin og í kilju.
324 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-132-6 / 167-8
Innbundin/kilja




ÞÍSLARVOTTAR ÁN HÆFILEIKA
Kári Tulinius
Fyrsta skáldsaga Kára Tulinius fjallar um fimm ungmenni í Reykjavík sem vilja setja mark sitt á samfélagið. Þau eiga sér óljósan draum um að fremja hryðjuverk en það er erfitt að vera öfgamaður þegar ekkert er þess virði að drepa eða deyja fyrir.
224 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-117-3
Kilja



SKÁLDSAGA UM JÓN & HANS RITUÐU BRÉF TIL BARNSHAFANDI KONU SINNAR ÞÁ HANN DVALDI Í HELLI YFIR VETUR & UNDIRBJÓ KOMU HENNAR & NÝRRA TÍMA
Óttar Sigurðsson
Haustið 1755 hrekst Jón Steingrímsson úr Skagafirði suður í Mýrdal. En Suðurland er ekki fýsilegt til búsetu: Katla gýs eldi og eimyrju, landið er hulið ösku og rógurinn fylgir Jóni. Hann sest að í helli við Reynisfjöru og skrifar konu sinni innileg bréf um fortíðina, gestakomur í hellinn og daglegt líf. Einstæð skáldsaga um eldklerkinn sem ungan mann.
213 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3198-8



SÓLSTJAKAR
Viktor Arnar Ingólfsson
Morð er framið á skrifstofu íslenska sendiherrans í Berlín. Átta manns liggja undir grun en það reynist þrautin þyngri fyrir lögregluliðið úr *Aftureldingu* að finna hina seka. „… fín saga, vel uppbyggð og spennandi með ýmsum, óvæntum snúningum.“ Katrín Jakobsdóttir / Eyjan.is.
286 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3193-3
Kilja



STOLNAR RADDIR
Hugrún Kristjánsdóttir
Sóllilja hefur ekki miklar áhyggjur af lífinu í kjallaranum hjá ömmu. En þegar hún finnur af tilviljun mynd falda á bak við fallegu trúlofunarmyndina af afa og ömmu koma brestir í skorður hversdagsins. Smám saman fá bernskuminningarnar nýja merkingu og raddir fortíðar annan blæ. Fjörug og spennandi kynslóðasaga eftir nýjan höfund.
272 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3168-1




SVÖRTULOFT
Arnaldur Indriðason
Kona er barin til ólífis nánast fyrir augum lögreglunnar en árásarmaðurinn kemst undan. Rannsókn málsins fellur í óvæntan farveg en á sama tíma virðist kunnur ógæfumaður eiga brýnt erindi við lögregluna. Enn ein snilldarbók Arnaldar um lögregluteymið á Hverfisgötu; sterk og þaulhugsuð saga um grægði og grimmd.
326 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2112-8
Kilja

Ófeigur Sigurðsson

Eldklerkurinn og hans rituðu bréf





EINSTÆÐ SKÁLDSAGA UM ELDKLERKINN JÓN STEINGRÍMSSON SEM UNGAN MANN, RITUÐ AF ÓFEIGI SIGURÐSSYNI.

Árið er 1755. Hrikalegir jarðskjálftar ríða yfir landið og Katla gýs eldi og eimyrju. En í helli í Mýrdal situr ungur maður og skrifar fjarstaddri konu sinni ástarbréf.

Lestrarnautn

★★★★★

„Besta ljóðabók Gerðar Kristnýjar. Meitlaður texti sem talar til lesandans á mörgum sviðum.“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið




BLÓÐHÓFNIR

Feikisterk ljóðabók eftir Gerði Kristnýju með rætur í hinum fornu Skírnismálum.




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




Systkinabækur



Jólabókaflóð án systkinanna Þórarins og Sigrúnar Eldjárn er nær óhugsandi og í ár koma þau að allmörgum bókum Forlagsins. Saman senda þau frá sér barnaljóðabókina **Árstíðirnar**. Þar fylgja þau eftir gríðarvinsælum barnaljóðabókum sínum með fjörugum vísum og fallegum myndum sem Sigrún vinnur að þessu sinni með olíulit á pappír.



Þórarinn yrkir einnig í nýja útgáfu af **Karnivali dýranna** og sígild bók þeirra systkina, **Óðhalaringla**, er endurútgefin.



Forngripasafnið er fyrsta bókin í nýjum þríleik eftir Sigrúnu. Þetta er spennandi saga fyrir lesendur á aldrinum 8 til 12 ára, aðgengileg aflestrar og skreytt fjölmörgum myndum. Sögur Sigrúnar fyrir eldri lesendur hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár og verið tilnefndar til verðlauna.



Í sumar sendi Þórarinn frá sér **Vísnafýsn**, bók sem geymir stökur og smáljóð um ýmsar hliðar tilverunnar, ekki síst þær óvæntu, og hlaut fyrir hana fimm stjörnu dóm í Fréttablaðinu.

Þá gefur Forlagið út þýðingu Þórarins á **Lé konungi**, en verkið verður jólasýning Þjóðleikhússins.



Að lokum má geta þess að tvær vinsælar bækur um Kugg eftir Sigrúnu eru endurútgefnar: **Þorrablót** og **Í sveitinni**.


Sýning á myndum úr *Forngripasafninu* og *Árstíðunum* verður á Þjóðminjasafninu út nóvembermánuð.

Dávaldurinn rauk á toppinn

Sterk flétta • Magnþrungin spenna • Miklar vinsældir víða um heim



Sænski glæpatryllirinn **Dávaldurinn** er einhver mest selda bók síðari ára í Svíþjóð og ef Stieg Larsson einn er undanskilinn hefur enginn höfundur selt þar fleiri bækur en Lars Kepler. Lars Kepler? Hver er það? spurðu menn hissa og í fyrstu var einungis gefið upp að það væri dulnefni. **Dávaldurinn** rauk strax með miklum látum upp á topp metsölulistans í Svíþjóð og um leið jókst forvitni almennings um hver, eða hverjir skýldu sér á bak við þetta annars vegar venjulega (Lars) og hins vegar sérstæða (Kepler) nafn. Þetta varð fljótlega ein vinsælasta gestaþraut in í sænskum fjölmiðlum, sem tókst að lokum að þrengja hringinn utan um rithöfundahjónin Alexöndru og Alexander Ahndoril, sem voru hvort í sínu lagi allþekktir höfundar margra bóka.



Dáleiðsla með ófyrirséðum afleiðingum

Sigurför **Dávaldsins** hefur svo haldið áfram í öðrum löndum. En hvað veldur þessum miklu vinsældum bókarinnar? Eitt er hinn óvenjulegi þáttur dáleiðslu í sögufléttunni, þar sem læknirinn Erik Maria Bark fer óhefðbundnar leiðir í lækningaskyni, með ófyrirséðum afleiðingum. Þetta minnir á Freud, og ekki leiðum að líkjast, en lýsingin er tvíræð og ekki dregin dul á að ekki sé á vísan að róa með að nota dáleiðslu til þess að varpa ljósi á fortíð persóna. Þá hefur einnig verið bent á sterka fléttu, þar sem spennan er vakin strax í upphafi og takinu síðan ekki sleppt af lesanda fyrr en í blálokin. Hin magnþrungna spenna helst líka í hendur við óvenju hrottafengið og miskunnarlaust ofbeldi.

Nýjasta bók Lars Kepler, *Paganinikontraktet*, er nýkomin út í Svíþjóð og fór beint í efsta sæti bóksölulista.

Bókmenntagreinin sem vantaði

Fyrir um tveim árum kom Jónína Leósdóttir að máli við ritstjóra sinn og sagðist vera með hugmynd. Þannig væri að hún og vinkonur hennar flyttu á hverju ári inn nokkrar handtöskufyllir af ákveðinni grein bókmennta sem ekki væri enn til hér á landi, skáldsögur um mannleg samskipti í víðum skilningi út frá sjónarhóli kvenna. Og hún spurði hvort hún mætti reyna sig við þetta.



Leyfið fékkst umsvifalaust og nú er kominn fyrsti afraksturinn, **Allt fínt … en þú?** Söguna segir Nína, tæplega fertug prestsfrú í Reykjavík sem er nýbúin að missa móður sína og hefur áhyggjur af fjölskyldunni. Er eldri dóttirin í rugli? Verður sú yngri lögð í einelti af því að hún er „öðruvísi"? Ráða þau hjónin við skuldirnar? En þegar pabbi gamli nær sér í kærustu … þá fyrst fer allt í háaloft.

*Bókaútgáfan KiWi í Köln keypti útgáfuréttinn á **Allt fínt … en þú?** áður en hún kom út á frummálinu og hyggst gefa hana út í tíma fyrir bókamessuna í Frankfurt að ári.*

Í anda Guðrúnar frá Lundi?

Þetta er fyndin saga en þó um alvarleg málefni, hún gerir grín að persónum sínum en sýnir um leið hvað þær eru brothættar. **Allt fínt … en þú?** er sem sagt af nýrri gerð bóka hjá okkur en slíkar bækur hafa lengi notið vinsælda í nágrannalöndum okkar. Bækur um tilfinningar en þó ekki venjulegar ástarsögur. Bækur um samskipti en þó ekki um djamm og makaleit. Bækur um þig og þína … og fólkið í næsta húsi.

Hefði Guðrún frá Lundi skrifað bækur í þessum dúr sem borgardama á 21. öld?

BÓKMENNTA-VIÐBURÐUR ÁRSINS





Fáar skáldsögur hafa vakið aðra eins aðdáun og *Hreinsun*, áhrifamikil frásögn Sofi Oksanen af lífi tveggja kvenna af ólíkum kynslóðum. Margradda og spennandi saga um ást, svik, vald og valdaleysi.

Sigurður Karlsson þýddi.

„... ÓSKAPLEGA SPENNANDI ... ALGJÖRT MEISTARAVERK ... FRÁBÆR BÓK Í ALLA STAÐI.“

Illugi Jökulsson / Kiljan

„... SNILLDARBÓK ... OFBOÐSLEGA GÓÐ SKÁLDSAGA.“

Egill Helgason / Kiljan

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Bók sem fer sigurför um heiminn

Gleðileikurinn guðdómlegi loksins allur á íslensku

Ljós og sómi allra annarra skálda

Hið mikla leiðslukvæði ítalska skáldsins Dante Alighieri, **Gleðileikurinn guðdómlegi**, var saminn á árunum 1307–20 en ekki gefinn út í bók fyrr en 1472. Þó var kvæðið þegar þekkt áður en Dante lést 1321 og hefur æ síðan verið eitt vinsælasta, virtasta og áhrifamesta bókmenntaverk í heimi. Dante var frá Flórens, fæddur 1265, og tók virkan þátt í grimmum pólitískum átökum í borginni uns hann var gerður útlægur árið 1302. Eftir það bjó hann víða á Ítalíu, síðast í Ravenna.



Myndir eftir Gustave Doré (1832–1883) prýða bókina.

„Höfundur" ítalsks ritmáls

Dante tók þá stórpólitísku ákvörðun að semja þetta mikla verk sitt ekki á bókmenntamálinu latínu heldur á mállýskunni sem töluð var í heimaborg hans, og lagði með því, nánast einn síns liðs, grunn að ítölsku ritmáli. Þessu má líkja við þá ákvörðun höfunda Íslendingasagna og Sturlungu að semja sín verk á íslensku en ekki latínu og leggja þar með grunn að okkar tungu sem ritmáli strax á 12. öld. Einnig á Gleðileikurinn það sameiginlegt með Íslendingasögum að ekkert handrit að honum er til frá dögum Dante, hvað þá með rithendi hans. Þó eru mörg handrit að verkinu til frá 14. og 15. öld, hið elsta frá því um 1330.

„Hann velur að nota málfar sem er dálítið fyrnt og sértækt og minnir á köflum á miðaldamál íslenskt. Þetta er kjarnmikið mál en þó auðvelt aflestrar. Það styrkir þýðinguna og tengir hana betur við ritunartímann. Þetta rit er því meistaraverk."
Skafti Þ. Halldórsson / Morgunblaðið

★★★★★



Dante Alighieri (1265–1321).

Á ferð með Virgli og Beatrís

Kvæðið er þrjár kviður ortar undir tersínuhætti eða þríhendum hætti og skiptast þær hver um sig í þrjátíu og þrjá þætti auk inngangs að Víti. Þar lýsir Dante ferð sinni um Víti, Hreinsunareld og Paradís. Rómverska skáldið Virgill fylgir honum um Víti og Hreinsunareld en hann var heiðinn og fær því ekki að fara til Paradísar. Þangað fer æskuástin Beatrís með hann. Á leið sinni lýsir Dante af djúpri samúð örlögum ótal manna sem hann hittir og fléttar listilega saman forna tíma og samtíma sinn þannig að allur tími verður einn tími.



Ómetanlegt afrek þýðanda

Íslendingar eru ekki ókunnugir Gleðileiknum því Guðmundur Böðvarsson skáld þýddi tólf þætti úr verkinu undir þríhendum hætti og birti í bók 1968 og síðar einn enn í Skírni 1970. Og nú nýlega lifnaði Gleðileikurinn á sviði Borgarleikhússins undir heitinu *Dauðasyndirnar* þar sem trúðarnir Barbara, Gjóla, Za-ra og Úlfar túlkuðu þetta mikla verk á sinn einstæða hátt við geysilegar vinsældir.

Það eru stór tíðindi að fá Gleðileikinn nú í fyrsta sinn út í heild sinni á íslensku í meistaralegri lausamálsþýðingu Erlings E. Halldórssonar. Erlingur er löngu landskunnur fyrir þýðingar sínar, meðal annars á Gargantúa og Pantagrúl eftir Rabelais, Satýrikon eftir Gajus Petrónius, Tídægru Boccaccios og Kantaraborgarsögum eftir Chaucer.

All you need is love

Ný skáldsaga eftir höfund metsölubókarinnar Alkemistans

Ný skáldsaga eftir brasilíska rithöfundinn Paulo Coelho vekur alltaf athygli og nú kemur út á íslensku nýjasta saga hans, **Sigurvegarinn stendur alltaf einn**.

Fjöðrin vísaði leiðina

Coelho var um fertugt þegar hann skrifaði fyrstu bók sína. Hann stóð á krossgötum, gerði sér ferð til Santiago de Compostela á Spáni og sagði við sjálfan sig að ef hann kæmi auga á fjöður merkti það að hann ætti að verða rithöfundur. Og það gekk eftir, hann kom auga á bláa fjöður og þar með voru örlög hans ráðin.



Það er ekkert að óttast

Coelho segir að menn þurfi að leyfa sér að sýna kvenleika sinn því að það sé hið kvenlega í manneskjunni sem sjái um að skynja lífið. Menn geti haft stjórn á vindinum en aldrei ástinni, hún lúti öðrum og eigin lögmálum. Við getum ekki skilgreint ást þótt við reynum að flokka hana eða skilja – en hún sé hluti af lífinu. Auðvitað fylgir dauðinn manni líka, segir hann, en það þýðir ekki að maður þurfi að vera hræddur við lífið.



Og iðulega vitnar Paulo Coelho í orð eins frægasta tónlistarmanns Breta, Pauls McCartney: *All you need is love*. Hvað gæti verið sannara?

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM!

Dávaldurinn eftir Lars Kepler er ein umtalaðasta og mest selda spennusaga sem út hefur komið á Norðurlöndum á síðustu árum. Hún er í senn sálfræðitryllir og hrollvekjandi glæpasaga sem heldur lesandanum í heljargreipum frá fyrstu blaðsíðu.

Jón Daníelsson þýddi.

★★★★★

„Dáleiðandi lestrarupplifun!“

BERLINGSKE TIDENDE

♥♥♥♥

„Dramatík í stöflum og spenna í massavís … Kræsingar fyrir hinn kröfuharða krimmalesanda.“

POLITIKEN






JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

KEPLER

Ofurþýðandinn



Ofurþýðandinn Guðni Kolbeinsson þýðir hvorki meira né minna en 15 bækur sem koma út hjá Forlaginu í ár. Sígildri speki Dalai Lama snýr Guðni á skýra og auðlæsilega íslensku í bókinni **Lífshamingja í hrjáðum heimi**.



Tvær spennandi unglingabækur koma út í þýðingu Guðna, fimmta bókin um ofurtöffarann Artemis: **Artemis Fowl – Atlantisduldin**, og annað bindið í göldróttum bókaflokki Michaels Scott um gullgerðarmanninn Nicolas Flamel: **Töframaðurinn**.



Þrjár nýjar bækur um prakkarann Skúla skelfi



þýðir Guðni listilega: **Skúli skelfir fer í frí**, **Skúli skelfir vekur upp draug** og **Skúli skelfir rænir bankann**. Þá á Guðni heiðurinn af íslensku herramönnunum: **Herra Hvolfi**; **Klaufi**; **Þögull** og **Klár**; og sígilda meistaraverkið **Úlfurinn bundinn** eftir Peter Madsen er endurútgefin.



Tvær áhrifamiklar skáldsögur þýðir Guðni í ár, **Fæddur í dimmum skugga** eftir Andreu Busfield og **Bláu minnisbókina** eftir James A. Levine. Þá snaraði hann spennusögunni **Póstkortamorðin** eftir James Patterson og Lizu Marklund.





Að sjálfsögðu varð Guðni svo fyrir valinu þegar þýða þurfti bók um allt milli himins og jarðar: **Svona á að …** kennir lesendum að gera 500 hluti og er því ómissandi á hvert heimili.

Spádómarnir sem týndust

Mögnuð spennusaga byggð á spásögn Nostradamusar

Á 16. öld sagði franski læknirinn og sjáandinn Michel de Nostredame, betur þekktur sem Nostradamus, fyrir um örlög mannkyns í torræðum spádómsvísum sem allar götur síðan hafa verið mönnum tilefni mikilla heilabrota.

Vísurnar sem Nostradamus skildi eftir sig eru 942 að tölu. Þær skiptast í níu 100 vísna flokka og einn með 42 vísum. Mörgum hefur þótt þetta undarlegt – skyldi eitthvað vanta? Er ekki líklegt að allir flokkarnir hafi verið jafnstórir …?

Sérfræðingur í Nostradamusi

Rithöfundurinn Mario Reading er einn helsti sérfræðingur heims í spádómum Nostradamusar. Í bókum sínum hefur hann sett fram nýja túlkun á spádómunum sem sýnir þá í algjörlega nýju ljósi. Kenning hans er sú að Nostradamus hafi ekki aðeins verið að segja fyrir um framtíðina og örlög mannkyns, heldur hafi tilgangur hans verið að vara okkur við, spá heimsendi en benda einnig á leið til að breyta gangi sögunnar og afstýra ragnarökum.

Hvaða ógn innihalda glötuðu vísurnar?

Mario Reading hefur nú nýtt hina miklu þekkingu sína á viðfangsefninu til að skrifa æsilega skáldsögu, **Spádóma Nostradamusar**, um kapphlaup tveggja manna í leit að 58 glötuðum vísum sjáandans. Hvar leynast þær, hvers vegna voru þær faldar og hvaða leyndardóm innihalda þær? Reading kann tökin á skrifunum og hér er allt til staðar sem búast mætti við – ævaforn leyndardómur, leyniregla, illmenni, hörkuspennandi eltingaleikur – en honum tekst að sýna þetta allt í nýju ljósi og koma lesandanum á óvart hvað eftir annað. Sagan gerist að hluta meðal Roma-fólksins í Frakklandi og veitir innsýn í líf og dulheima þessarar fornu flökkuþjóðar sem sjálf býr yfir ótal leyndardómum.



Nostradamus er sívinsæll

Bækur sem geyma spádóma Nostradamusar hafa komið út í mörg hundruð útgáfum á síðustu 450 árum og selst í milljónum eintaka. Spennusaga Mario Reading slær það kannski ekki út en hún hefur vakið mikla athygli, verið þýdd á 35 tungumál og klifið metsölulista víða – í Þýskalandi seldust t.d. 60.000 eintök strax í fyrstu viku.

Ég sé ekkert svona gleraugnalaus



Ein óvæntasta metsölubók jólanna 2006 var smásagnasafn Óskars Magnússonar, *Borðaði ég kvöldmat í gær?* En Óskar hafði fram að því verið þekktari fyrir viðskipti en bókmenntir. Kunnugir vissu þó vel af frásagnarhæfileikum hans sem komu glöggt fram í bókinni, ásamt afar lævísum húmor. Nú kemur frá hans hendi nýtt smásagnasafn, **Ég sé ekkert svona gleraugnalaus**, og rétt eins og áður einkennir sögurnar látlaus tónn en galsafenginn, og undir öllu háðinu leynist líka hárfín ádeila.



En hvað segir Óskar um sjálfan sig?

„Ég er óreiðumaður á bækur. Á náttborðinu (les: Á gólfinu) eru yfirleitt margar bækur, opnar hér og þar eða lokaðar. Þetta stafar af því að ég klára oft ekki bækur heldur les þær eftir því hvernig skapi ég er í. Ljóð Hannesar Hafstein eru þarna í fallegu bandi með rauðum kili og gylltu letri. Nýjasti reyfari James Patterson er þarna líka, mjög stórt og gott letur. Svokölluð Airport Edition. Ég finn ekki kverið með vísum Ærа-Tobba en veit að það er þarna samt. Kannski aðeins lengra undir rúminu. Sögur skrifa ég gjarnan ígrófum dráttum í hugan- um ef ég vaki á nóttunni. Þegar ég sest við tölvuna er hugmyndin sæmilega mótuð. Þess vegna er ég oft fljótur að skrifa fyrsta uppkast. Mér þykir það yfirleitt afbragðsgott og tel það svo fullkomið að ekki megi hreyfa staf eða kommu. Erfiðleikarnir byrja ekki fyrr en heimilisfólkið, forleggjarinn og ritstjóri hans fara að tuska mann til. Án þeirra væri þetta mun auðveldara."



Bókin sem hefur heillað lesendur um allan heim

„Oksanen er bókmenntalegt undur“

„Maður les með stífa fingur og heldur niðri í sér andanum, það er nærri því óbærilegt að lesa lengra en maður flettir samt til að gá hvað gerist og æfir sig í að lesa hægt til að njóta tungumálsins sem er eins og húðflúrsnál á heilaberkinum.“

Þetta skrifaði gagnrýnandi Berlingske Tidende í Danmörku og í Times í London kallaði gagnrýnandinn Sofi Oksanen „bókmenntalegt undur“. Álíka stóryrði hafa menn látið falla víða um lönd, meðal annars í Frakklandi, Englandi, Bandaríkjunum, Ísrael, Þýskalandi og auðvitað Eistlandi þar sem hún er þjóðhetja. **Hreinsun** hefur nú verið þýdd á 28 tungumál og sigurgöngunni er ekki lokið enn.

Hálfur Finni og hálfur Eisti

Sofi Oksanen fæddist 1977, faðir hennar er finnskur en móðirin eistnesk. Hún ólst upp í Finnlandi en var á sumrin hjá ömmu sinni í Eistlandi og hlustaði á endalausar sögur af dramatískum átökum Eista, bæði innbyrðis og við herraþjóðina Rússa. Enda gerði Sofi pólitískan klofning Evrópu að umfjöllunarefni sínu strax í sinni fyrstu bók, *Kúm Stalíns* (2003). Fyrir hana hlaut hún Finlandia verðlaunin, yngst allra höfunda, og skipaði sér um leið í röð fremstu rithöfunda Finnlands af yngri kynslóðinni. Í næstu sögu, *Baby Jane* (2005), fjallar hún um tilvistarvanda ungra kvenna á nýstárlegan hátt og vakti sömuleiðis mikla athygli. En það var með *Hreinsun* (2008) sem hún sló endanlega í gegn á heimsmælikvarða.

Tvær konur

Styrkur bókarinnar er ekki síst að sína stóru sögu segir Sofi með hjálp tveggja ólíklegra söguhetja. Önnur er gömul og tortryggin kona sem hefur aldrei farið úr sinni eistnesku sveit, hin er lítt skólagengin stelpa, illa farin á sál og líkama eftir að hafa verið flutt sem kynlífsleikfang milli landa. Þær verða lesanda ótrúlega nákomnar í sögunni og skilja ekki við hann þaðan í frá.



Sofi lærði leikhúsfræði og *Hreinsun* var upphaflega leikrit sem sýnt var við gríðarlegar vinsældir í finnska þjóðleikhúsinu. Þjóðleikhúsið hér hefur tryggt sér sýningarrétt á því og það verður sett upp á næsta leikári.

******

Finnar geta verið stoltir af sinni skæru nýju stjörnu. Það eru einungis þeir allra bestu sem geta dýrkað upp harðlokaðan beiskan huga og fundið særða þjóð þar inni.“
Jyllands-Posten

Verðlaun og viðurkenningar fyrir Hreinsun
Finlandia verðlaunin 2008
Mika Waltari verðlaunin 2008
SSKR/Finnsku bókaklúbbsverðlaunin 2008
Christina ársins 2008 (verðlaun Háskólans í Helsinki)
Varjo-Runeberg verðlaunin 2008
Kalevi Jäntti verðlaunin 2008
Varjo-Finlandia verðlaunin 2008
Runebergverðlaunin 2009
Maður ársins, Postimees dagblaðið 2009
Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2010
Frönsku FNAC verðlaunin 2010
Prix Femina verðlaunin 2010



Blóð, blóð, blóð

Bækur Charlaine Harris um vampírurnar í Suðurríkjum Bandaríkjanna hafa heldur betur slegið í gegn og birtast nú á sjónvarpsskjánum í þáttunum True Blood. Fyrstu tvær bækurnar eru komnar út á íslensku: **Dauð þar til dimmir** og **Lifandi dauð í Dallas**. Gagnrýnendur eru sammála um að Harris hafi með þessum bókum skapað nýja og ómótstæðilega bókmenntagrein, hárrétta blöndu af spennu, ástum og yfirnáttúrlegum fyrirbærum þannig að lesandinn situr sem lamaður þar til bókin er fulllesin.



„Hann trúir ekki sögu minni“

Móðir Önnu B. Ragde grét þegar hún las í ritdómi um **Arsenikturninn** að saga Ruby í bókinni væri nokkuð ævintýraleg. „Hann trúir ekki sögu minni,“ sagði hún. Raunin er nefnilega sú að í Arsenikturninum er Anna að segja sína eigin fjölskyldusögu – þótt vissulega taki hún sér mörg skáldaleyfi. Anna er sjálf Therese, þriðja kynslóð kvenna í bókinni. Ruby er móðir hennar en gamla kabarettsöngkonan Amalie er amma hennar.




Íslenskir lesendur tóku Neshov-þríleik Önnu fagnandi og ekki er að efa að Arsenikturninn hlýtur sömu vinsældir.

Þýdd skáldverk



AÐÞRENGD Í ODESSU
Janet Skeslien Charles
Þýð.: Salka Guðmundsdóttir
Daría er ung, falleg og vel menntuð – en hún býr í Odessu í Úkraínu þar sem atvinnuleysi er gríðarlegt og mafíósar ráða lögum og lofum. Daría fær starf hjá fyrirtæki sem útvegar einmana Ameríkönum úkraínskar konur og brátt fer fyrirheitna landið að freista hennar … um of. Fyndin og dásamlega kaldhæðin saga um vonir, vonbrigði og krók á móti bragði.
448 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-108-1
Kilja



ARSENIKTURNINN
Anne B. Ragde
Þýð.: Pétur Ástvaldsson
Þegar gamla revíusöngkonan Amalie Thalía deyr opnast gamlar grafir sem geyma vel falin fjölskylduleyndarmál. Lesandi fikrar sig hægt aftur í tímann og kynnist kynslóðunum, hverri af annarri, uns allt liggur ljóst fyrir. Óvenjuleg og heillandi ættarsaga eftir höfund Berlínaraspanna, dularfull, grimm og sár, um óbugandi lífsvilja, leiklistardrauma og afdrifaríkar ástir. „Mikill örlagalitteratúr, fallega skrifuð.“ Illugi Jökulsson / Kiljan
399 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3176-6
Kilja



BARNIÐ Í FERÐATÖSKUNNI
Lene Kaaberbøl og Agnete Friis
Þýð.: Ólöf Eldjárn
Nina starfar fyrir Rauða krossinn með flóttamönnum í Danmörku. Hún er vön óvæntum útköllum og hefur iðulega horft upp á kúgun, mansal, misnotkun og ofbeldi. En þegar hún finnur lítinn dreng vandlega pakkaðan ofan í ferðatösku getur hún ekki látið hann í hendur yfirvalda. Hún verður að komast að því hver hann er. Það reynist háskaleg ákvörðun. „Eðalreyfari til að gleypa í einum bita.“ Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið
341 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3170-4
Kilja



BLÁA MINNISBÓKIN
James A. Levine
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Batuk er barnung stúlka sem ætti að vera að leika sér og læra en er þess í stað lokuð inni í nöturlegu búri í Mumbai. Þar spinnur hún upp ævintýri í bláu minnisbókina sína um leið og hún segir frá botnlausri grimmd og örvæntingu. Þetta er áhrifamikil saga af fórnarlömbum barnamisnotkunar, saga sem nístir hjartað.
236 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-109-8
Kilja




BLÓÐNÆTUR
Åsa Larsson
Þýð.: Eyrún Edda Hjörleifsdóttir
Í heimsókn til æskustöðvanna flækist lögfræðingurinn Rebecka Martinson inn í skelfilegt mál: Presturinn umdeildi, Mildred Nilsson, hefur verið myrt af mikilli heift á bjartri sumarnótt og alblóðugt lík hennar hengt upp í kirkjunni. Åsa Larsson hefur slegið í gegn með sögum sínum og fékk meðal annars Sænsku glæpasagnaverðlaunin fyrir Blóðnætur.
365 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-147-0
Kilja



DANSKENNARINN SNÝR AFTUR
Henning Mankell
Þýð.: Þórdís Gísladóttir
Líkið af Herbert Molin, fyrrverandi lögregluþjóni, finnst fyrir utan afskekkt heimili hans í Härjedal. Allt bendir til að hann hafi verið myrtur með óhugnanlegum aðferðum. Inni í húsi hans eru blóðug spor sem mynda undarlegt munstur: Hefur morðinginn dansað tangó við fórnarlambið? Hyldjúp og hörkuspennandi saga eftir einn fremsta glæpasagnahöfund heims.
448 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3195-7
Kilja




DAUÐ ÞAR TIL DIMMIR
Charlaine Harris
Þýð.: Halla Sverrisdóttir
Sookie Stackhouse verður himinlifandi þegar vampírinn Bill gengur inn á barinn til hennar og fyrr en varir er samband þeirra orðið náið. En bæjarbúar eru ekki allir jafnhrifnir og eftir að morð er framið í bænum er ekki tekið út með sældinni að eiga kærasta sem er vampíra. Sögurnar um hugsanalæsu gengilbeinuna Sookie hafa vermt efstu sæti metsölulista og eftir þeim eru sjónvarpsþættirnir True Blood gerðir.
357 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-113-5
Kilja




DÁVALDURINN
Lars Kepler
Þýð: Jón Daníelsson
Karlmaður finnst myrtur í búningsklefa í úthverfi Stokkhólms. Skömmu síðar kemur í ljós að kona hans og dóttir hafa einnig verið myrtar. En sonurinn lifir, helsærður. Lögregluforingi fær dávaldinn Bark til að dáleiða drenginn. Sérlega spennandi

sálfræðitryllir sem vakið hefur heimsathygli. „Bygging sögunnar er gífurlega snjöll. Spennan og undirliggjandi ógnin vex stöðugt á meðan lesandi nagar neglurnar upp í kviku.“ Aftonbladet
536 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-154-8



FRIÐLAUS
Lee Child
Þýð.: Eiríkur Örn Norðdahl
Jack Reacher situr í neðanjarðarlest í New York um miðja nótt. Einn farþeganna vekur grunsemdir hans og innan fárra mínútna er allt þakið blóðslettum og beinflísum. Reacher vill vita hvað gerðist og hvers vegna. En leitin er háskaleg og líkin hrannast upp … Lee Child er einn vinsælasti spennusagnahöfundur heims og einfarinn Reacher á sér ótal aðdáendur.
425 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-114-2
Kilja




FYRIRSÆTUMORÐIN
James Patterson
Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir
Ung ofurfyrirsæta hverfur við myndatökur á Hawaii. Brátt kemur á daginn að í sólskinsparadísinni liggur höggormur í leyni – slóttugur og fullur kvalalosta. Önnur fyrirsæta finnst myrt á hrottafenginn hátt og fórnarlömbin verða fleiri. Blaðamaðurinn Ben Hawkins verður að stöðva illvirkjann … einhvern veginn. James Patterson er langmest seldi höfundur Bandaríkjanna og heldur lesendum í heljargreipum.
260 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-115-9
Kilja



FÆDDUR Í DIMMUM SKUGGA
Andrea Busfield
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Fawad er ungur drengur í Afganistan og hefur á stuttri ævi kynnst stórum sorgum: Faðir hans og bróðir voru drepnir, systir hans numin á brott og móðir hans verður að treysta á góðvild ættingja til að komast af. Fyrir glettni örlaganna eignast Fawad voldugan vin en ekki einu sinni hann getur afstýrt enn einum harmleik. Forvitnileg og hjartnæm saga um framandi líf.
293 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-139-5



GLEÐILEIKURINN GUÐDÓMLEGI
Dante Alighieri
Þýð.: Erlingur E. Halldórsson
Myndir: Gustave Doré
Eitt vinsælasta, virtasta og áhrifamesta bókmenntaverk heims í fyrsta sinn í heild á íslensku í meistaralegri lausamálsþýðingu Erlings E. Halldórssonar. Dante Alighieri fer um víti, hreinsunareld og paradís í fylgd rómverska skáldsins Virgils og sinnar ástkæru Beatrísar og lýsir í lifandi máli og af djúpri samúð örlögum ótal manna sem hann hittir á leið sinni. „Þetta er lykilverk.“ Egill Helgason / Kiljan
514 BLS.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3175-9



GÓÐA NÓTT, YNDIÐ MITT
Dorothy Koomson
Þýð.: Halla Sverrisdóttir
Hrífandi saga eftir geysivinsælan höfund um ást, vináttu og leyndarmál sem aldrei gleymist. Mal og Stephanie lifa áhyggjulausu lífi í London – að því er virðist – en í Brighton situr Nova yfir syni sínum sem sefur dásvefni. Leyndarmálið sem olli vinslitum þeirra víkur aldrei frá þeim.
485 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-104-3
Kilja



HREINSUN
Sofi Oksanen
Þýð.: Sigurður Karlsson
Aliide á ekki von á góðu þegar hún finnur ókunnuga stúlku hrakta og hrjáða í garðinum sínum. Hún skýtur yfir hana skjólshúsi og kemst smám saman að því að saga þeirra tveggja er samfléttuð. Margradda saga sem nær yfir hálfa öld og hefur fært höfundi sínum fjölmörg virt verðlaun og viðurkenningar, nú síðast Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. „Gríðarlega merkileg bók og góð skáldsaga.“ Þorgerður E. Sigurðardóttir / Kiljan
355 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3189-6



HUNDRAÐ ÁRA EINSEMD
Gabriel García Márquez
Þýð.: Guðbergur Bergsson
Búendíafjölskyldan og förunautar hennar nema land í óbyggðum og reisa þorpið Macondo þar sem börnin vaxa upp og hjól tímans rennur áfram eftir brautum örlaganna, í gegnum stríð og ástir, líf og dauða. Hundrað ára einsemd er oft talin ein besta skáldsaga 20. aldar; töfrandi og litrík frásögn af ævintýralegri fjölskyldu sem speglar ólgandi átakasögu Suður-Ameríku. Erlend klassík Forlagsins.
416 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-540-9
Kilja



HVÍTI TÍGURINN
Aravind Adiga
Þýð.: Ísak Harðarson
Balram Halwai er hugmyndaríkur frumkvöðull sem brýst úr fjötrum þrældóms; í senn siðblint ljúfmenni og auðmjúkur fantur. Ævintýraleg saga hans er um leið nöpur lýsing á veruleika Indlands – örbirgð, kúgun, græðgi og spillingu. Frábærlega snjöll frásögn, háðsk og fyndin, heillandi og sláandi. Bókin hlaut hin heimsþekktu Booker-verðlaun 2008.
299 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-099-2
Kilja



KIRKJA HAFSINS
Ildefonso Falcones
Þýð.: María Rán Guðjónsdóttir
Móðurlaus og örsnauður drengur vex upp í Barcelona á 14. öld, í skjóli kirkjunnar fögru sem alþýðan reisir af litlum efnum. Þar glímir hann við forboðna ást í skugga hungurs, plágu, styrjalda og hins illræmda rannsóknarréttar. Viðburðarík metsölubók; ævintýraleg örlagasaga um ánauð, svik og hefndir. Tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna.
620 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-106-7
Kilja



KVÖLDVERÐURINN
Herman Koch
Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir
Hvað gengurðu langt til að verja börnin þín? Bræðurnir Paul og Serge sitja á glæsilegu veitingahúsi með konum sínum. Á yfirborðinu virðist allt slétt og fellt en fimmtán ára synir þeirra hafa framið ódæðisverk sem vekur óhug hjá þjóðinni. Aðeins foreldrarnir vita hverjir hinir seku eru. Eiga þau að horfast í augu við voðaverkið? Eða á að vernda orðspor fjölskyldunnar? Bók ársins í Hollandi 2009.
295 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-110-4
Kilja




LÉR KONUNGUR
William Shakespeare
Þýð.: Þórarinn Eldjárn
Kynngimagnað og stórbrotið leikrit, einn frægasti harmleikur Shakespeares. Verkið á erindi við fólk á öllum tímum og er sviðsett í leikhúsum um víða veröld á ári hverju. Hér er komin ný þýðing Þórarins Eldjárns á þessu sígilda meistaraverki, gerð fyrir nýja uppfærslu Þjóðleikhússins á *Lé konungi*.
184 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2118-0
Kilja




LIFANDI DAUÐ Í DALLAS
Charlaine Harris
Þýð.: Halla Sverrisdóttir
Sookie Stackhouse getur lesið hugsanir. Hún hefur alltaf álitið það leiðindafötlun en vampírurnar í Louisiana meta hæfileika hennar mikils. Að þessu sinni þurfa þær á þjónustu hennar að halda í Dallas þar sem vampíra er horfin sporlaust. Bækurnar um hugsanalæsu gengilbeinuna Sookie Stackhouse njóta gríðarlegra vinsælda og eftir þeim eru gerðir sjónvarpsþættirnir vinsælu *True Blood*.
304 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-148-7
Kilja



MAÐURINN SEM HVARF
Mai Sjöwall og Per Wahlöö
Þýð.: Þráinn Bertelsson
Martin Beck fer til Ungverjalands á tímum kalda stríðsins að grennslast fyrir um afdrif sænsks blaðamanns, en hann virðist hafa gufað gjörsamlega upp. – Ritröðin Skáldsaga um glæp eftir Maj Sjöwall og Per Wahlöö náði á sínum tíma geysilegum vinsældum og olli straumhvörfum í norrænni glæpasagnaritun. Sögurnar hafa staðist tímans tönn og eru sannarlega klassískar.
208 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3190-2
Kilja



MORGNAR Í JENÍN
Susan Abulhawa
Þýð.: Ásdís Guðnadóttir
Við stofnun Ísraelsríkis hrekst palestínsk fjölskylda á flótta og sest að í flóttamannabúðunum í Jenín. Á leiðinni hverfur eitt barnanna og elst upp í gyðingadómi en bróðir hans fórnar öllu fyrir málstað Palestínumanna. Saga fjölskyldunnar er saga palestínsku þjóðarinnar, flóttamanna í sextíu ár – einlæg og mannleg frásögn sem hefur komið út víða um heim og hvarvetna vakið eftirtekt.
393 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-112-8
Kilja



PÓSTKORTAMORÐIN
James Patterson og Liza Marklund
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Jacob Kanon ferðast á milli evrópskra stórborga í leit að morðingja dóttur sinnar og unnusta hennar. Í félagi við blaðakonuna Dessie Larsson reynir hann að finna mynstur í óhugnanlegum raðmorðum – áður en það verður of seint. Metsöluhöfundurinn James Patterson og glæpasagnadrottningin Liza Marklund leggja saman krafta sína og útkoman er æsispennandi tryllir.
318 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-098-5
Kilja



PRJÓNAKLÚBBURINN
Kate Jacobs
Þýð.: Aðalheiður Jónsdóttir
Prjónabúð Georgiu Walker er ekki bara miðdepill lífs hennar og dótturinnar Dakotu, hún er líka athvarf kvenna á ýmsum aldri sem hittast þar til að prjóna, tala, hlæja og gráta. Þær eiga ekkert sameiginlegt nema prjónaskapinn – og sumar kunna varla að prjóna – en þær eiga hver aðra að þegar á reynir. Heillandi bók um vináttu, ást, fjölskyldu og prjónaskap.
379 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-166-1
Kilja



SEX GRUNAÐIR
Vikas Swarup
Þýð.: Ísak Harðarson
Óvenjuleg saga um morðrannsókn á Indlandi, sonur umdeilds ráðherra finnst myrtur og sex grunaðir teknir í yfirheyrslu. Atburðarásin er ófyrirsjáanleg. „Spennandi, fyndin í margvíslegum og skrautlegum sögum af ólgandi og spennuríku lífi … lyktirnar margfaldar í roðinu og koma lesanda á óvart.“

Páll Baldvin Baldvinsson / *Fréttablaðið*
560 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-103-6
Kilja




SIGURVEGARINN STENDUR EINN
Paulo Coelho
Þýð.: Karl Emil Gunnarsson
Margslungin og mögnuð saga úr heimi hátísku og kvikmynda, sem gerist á einum sólarhring á kvikmyndahátíðinni í Cannes og berst um skúmaskot og skuggahliðar glæsiveraldar hinna ríku og frægu. Paulo Coelho, höfundur Alkemistans, er einn vinsælasti rithöfundur heims og fjallar hér um dýrkun samtímans á auði, völdum og frægð.
393 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-142-5



SÍTRÓNUR OG SAFFRAN
Kajsa Ingemarsson
Þýð.: Þórdís Gísladóttir
Agnes er í óskastöðu, orðin yfirþjónn á fínasta veitingastað Stokkhólms og sæti kærastinn hennar er frægur gítarleikari. En á einni kvöldstund breytist allt; hún er rekin úr vinnunni og kærastinn tekur bakrödd-ina með risastóru brjóstin fram yfir hana. Dramatísk og fyndin saga um sorgir og sigra, ástir og vináttu, mat og mannlíf eftir einn vinsælasta rithöfund Svíþjóðar.
342 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3152-0
Kilja



SPÁDÓMAR NOSTRADAMUSAR
Mario Reading
Þýð.: Eiríkur Örn Norðdahl
Sjáandinn mikli Nostradamus sem uppi var á 16. öld orti þúsund spádómsvísur en aðeins 942 hafa varðveist. Hvað varð um þær 58 sem vantar? Þá gátu reyna tveir karlmenn að ráða en af ólíkum hvötum. Adam Sabir verður fyrri til að komast á sporið en Anchor Bale er á hælunum á honum og eltingaleikurinn hefst – upp á líf og dauða …
334 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0490-2



SULTUR
Knut Hamsun
Þýð.: Jón Sigurðsson
Fyrsta skáldsaga norska Nóbelshöfundarins braut blað í heimsbókmenntasögunni þegar hún kom út 1890. Söguhetja hans, ónefndi ungi maðurinn sem hangir á hungurmörkum með höfuðið fullt af skáldskaparórum átti þá engan sinn líka en hefur síðan eignast marga arftaka. Þýðingin nær einstæðum tökum á stíl og andrúmi frumtextans. Halldór Guðmundsson skrifar formála. Erlend klassík Forlagsins.
214 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-533-1
Kilja



UTANGARÐSBÖRN
Kristina Ohlsson
Þýð.: Jón Daníelsson
Martröð allra foreldra: Barn hverfur sporlaust. Flestir telja að faðir litlu stúlkunnar sé valdur að hvarfi hennar en Fredrika Bergmann er ekki jafnviss. Brátt kemur í ljós að hér býr annað og myrkara að baki en forræðisdeila. Fleiri börn hverfa, rannsókn lögreglunnar verður að vonlitlu kapphlaupi við tímann og spennan verður næstum óbærileg.
432 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-138-8
Kilja



VERÖLD SEM VAR
Stefan Sweig
Þýð.: Halldór J. Jónsson og Ingólfur Pálmason
Þriðja útgáfa einnar áhrifamestu sjálfsævisögu sem út hefur komið. Zweig lýsir á einstakan hátt hvernig kynslóð hans glutraði niður „gullöld öryggisins“ í skiptum fyrir veröld haturs og villimennsku. Sagan er þrungin söknuði eftir horfnum heimi en felur líka í sér varnaðarorð til komandi kynslóða. Erlend klassík Forlagsins.
400 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-530-0
Kilja



ÞAÐ SEM ÉG SÁ OG HVERNIG ÉG LAUG
Judy Blundell
Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir
Líf Spooner-fjölskyldunnar fellur í sinn gamla farveg eftir að pabbi Evie kemur heim úr stríðinu, en allt breytist þegar Peter Coleridge, ungur og glæsilegur félagi hans úr hernum, leitar hann uppi. Evie fellur fyrir Peter og lokar augunum fyrir leyndinni sem umlykur hann uns hörmulegur atburður neyðir hana til að opna þau. „… auðlesin, viðburðarík og ógleymanleg.“ **** Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið
300 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3104-9
Kilja



Gott ár hjá Gerði




Gerður Kristný sendi nýverið frá sér ljóðabókina **Blóðhófni** sem geymir magnaðan ljóðabálk undir áhrifum frá hinum fornu Skírnismálum. Gagnrýnendur keppt-ust við að lofa bókina um leið og hún kom út, fimm stjörnur fékk hún í Morgunblaðinu hjá Ingveldi Geirsdóttur og sömuleiðis í Fréttablaðinu þar sem Friðrika Benónýsdóttir kallaði hana „lestrarnautn".

Árið hefur verið Gerði gjöfult, í janúar fékk hún Ljóðstaf Jóns úr Vör og í sömu vikunni í sumar bæði Barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins og Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar.

Kjarval og Thor

Í sumar varð Thor Vilhjálmsson 85 ára og af því tilefni var bók hans um Kjarval endurútgefin. Hún hefur komið út tvisvar áður, 1964 og 1978. Þetta er fágætt listaverk því óvenjulegt samræmi er milli viðmælenda: hér skrifar mikill rithöfundur um mikinn myndlistarmann. Enda er bókin einn glitrandi vefur frá upphafi til enda. Um hana skrifaði Erlendur Jónsson í Morgunblaðið 1965: „Kjarval málar hraunið, en útskýrir það ekki. Hið sama hefur Thor Vilhjálmsson gert frammi fyrir list Kjarvals. Hann skilgreinir hana ekki, en yrkir um hana. Bókin er framlag skálds, en ekki listfræðings. Hún er eins konar tilbrigði um hin margvíslegu stef Kjarvals, svo tekið sé að láni orðalag frá tónlistinni. … Thor Vilhjálmsson er jafnauðkennilegt skáld eins og Kjarval er einstæður málari. Hvor um sig stendur bjargfastur í sinni grein."



Ljóðaforlagið

Bæði splunkuný og sígild ljóð í níu ljóðabókum

Hjá Forlaginu koma út í ár níu ljóðabækur eftir ung skáld og gömul, lífs og liðin. Fyrstur á vettvang í vor var Jóhannes úr Kötlum með **Ljóðaúrval**. Mörg ár eru liðin síðan ljóðasafn hans í níu bindum seldist upp og ljóð hans fyrir fullorðna hafa ekki sést á markaði í um tvo áratugi. Enda var þessari nýju bók í nýstárlegu bandi og með líflegri kápu tekið afar vel.

Er tími hnyttninnar liðinn?

Næstur fór fram alger nýliði á þessu sviði en þó kunnur fyrir dægurlagatexta og -söng með hinni geysivinsælu hljómsveit Sprengjuhöllinni: Bergur Ebbi Benediktsson. Bókin hans heitir **Tími hnyttninnar er liðinn** og afrekaði að komast inn á lista tíu efstu metsölubóka vikuna sem hún kom út.

Þórarinn Eldjárn var næstur með sína **Vísnafýsn**, safn ferskeytla sem sönnuðu fyrir sitt leyti að tími hnyttninnar væri ekki liðinn. Og sló í gegn að venju!

Gersemar

Vilborg Dagbjartsdóttir varð áttræð í júlí og gaf út af því tilefni nýtt ljóðasafn sem hún nefnir **Síðdegi**. Þar er m.a. birt ljóðið glæsilega um fjallkonuna sem flutt var á Austurvelli 17. júní 2005 við mikla hrifningu. Vilborg er í senn hjartnæm og fyndin í þessari bók eins og jafnan fyrr og bókin gersemi eins og vænta mátti.


Forlagið er smám saman að endurprenta löngu uppseldar bækur Sigurðar Pálssonar. Hann yrkir eins og vitað er í kippum, þrjár ljóðabækur í hverri, og fær hver kippa sína „stórbók" í ákaflega penu broti. Í ár var komið að ljóðlínunum, Ljóðlínudansi, Ljóðlínuskipi og Ljóðlínuspili, sem fengu sitt **Ljóðlínusafn**.



Sigurbjörg




Vilborg



Bergur Ebbi



Þórarinn



Jóhannes



Anton Helgi

Þjóðleg ljóð

Helst til hljótt hafði verið um Anton Helga Jónsson lengi þegar út kom í september bókin **Ljóð af ættarmóti**. Þar má heyra raddir margra sem eru samankomnir af þessu þjóðlega tilefni. Þetta er skemmtileg bók sem leynir á sér, djúp og hlý en líka grimm og kaldhæðin, og henni var vel fagnað.

Gerður Kristný kom svo á hæla Antons Helga með sinn **Blóðhófni**, ljóðsögu af Gerði Gymisdóttur. Hún hlaut óvenjumikil og heit viðbrögð strax frá fyrsta degi, eins og Íslendingar hefðu einmitt beðið eftir úrvinnslu úr þessari fornu ástarsögu – sem reyndar verður ekki ástarsaga hjá Gerði.

Hallberg Hallmundsson er einkum þekktur fyrir ljóðaþýðingar sínar og óbilandi elju við að kynna íslenskar bókmenntir í Bandaríkjunum. En hann frumsemur líka ljóð og nú er komið safn þeirra: **Á barmi næturinnar**.

Loks kom ljóðabókin **Brúður** eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur. Þrátt fyrir ljúfan titil er rétt að lesendur hafi varann á því brúðarkjóllinn er ofinn úr gaddavír og svönum …


Margt bendir til þess að ljóðið sé í sókn á okkar tímum. Ljóðavinir ættu að athuga að ganga í Ljóðaklúbb Forlagsins og fá bækurnar bæði á hagstæðum kjörum og sendar heim.

Grundvallarrit í íslenskri þjóðarsögu

Nærri aldamótunum 1300 safnaði Þórður Narfason saman allmörgum samtímasögum eftir ýmsa höfunda og fléttaði saman í eina samfellda heild. Frægastur þessara höfunda var bróðursonur Snorra Sturlusonar, Sturla Þórðarson, sem talinn er hafa ritað Íslendinga sögu, hryggjarstykkið í seinni hluta safnsins, og var sjálfur í miðju þeirra atburða sem sagt er frá. Sögurnar sem felldar voru í þessa samsteypu týndust í sjálfstæðri gerð utan Hrafns saga og **Sturlunga** er síðan eina heimildin um þær.

Samfélag í upplausn

Í Sturlungu segir frá samfélagi í upplausn. Raktir eru atburðir frá fyrstu áratugum 12. aldar og fram til þess að íslenska þjóðveldið hrundi og komst undir Noregskonung árið 1262. Valdajafnvægið hefur raskast. Sundurlyndi og upplausn fylgir uppgangi sumra höfðingja, deilur magnast, vígaferli, svik og sáttarof, upplausn í fjölskyldum, virðingarleysi fyrir lögum, afsiðun og að lokum hrun. Margir fræðimenn telja að vakað hafi fyrir Þórði Narfasyni að sýna fram á hvernig Íslendingar fóru að því að glata sjálfstæði sínu.




Sú útgáfa Sturlungu í ritstjórn Örnólfs Thorssonar sem nú er endurútgefin í kilju kom upphaflega út árið 1988 en hefur verið ófáanleg lengi. Textabókunum tveimur fylgir sérstakt skýringabindi sem greiðir götu lesenda um þessa heillandi veröld með ítarlegum formála, fjölmörgum kortum og skýringarmyndum, töflum, orðskýringum og skrám auk nokkurra sagnfræðitexta frá miðöldum sem hver með sínum hætti varpa ljósi á veröld Sturlungu.

Opinská og áhrifamikil



Gunnar Thoroddsen **– *ævisaga*** er breiðtjaldsmynd af einum áhrifamesta stjórnmálamanni liðinnar aldar.

Byggt er á opinskáum og einlægum einkaheimildum Gunnars. Ævisagan birtir ítarlega og raunsanna mynd af manninum og varpar um leið nýju ljósi á átök og atburði á sögulegum umbrotatímum.





Eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing, höfund *Hrunsins* og *Óvina ríkisins*.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Ljóð



Á BARMI NÆTURINNAR
Hallberg Hallmundsson
Úrval úr ljóðabókum Hallbergs Hallmundssonar og að auki óbirt ljóð , ort til konu hans, May. Hallberg hefur sent frá sér fimmtán ljóðabækur á Íslandi og þýðingar hans á íslensku losa fimmta tuginn.
103 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-129-6
Óbundin



BLÓÐHÓFNIR
Gerður Kristný
Hér segir frá jötnameynni Gerði Gymisdóttur sem Skírnir, skósveinn Freys, sótti til Jötunheima handa húsbónda sínum. Hér er efni hinna fornu Skírnismála listilega flutt í nútímalegt söguljóð, fullt af átökum, harmi og trega, og talar sterkt til samtímans. Gerður Kristný hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir ljóð sín, nú síðast Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar.
132 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3187-2




BRÚÐUR
Sigurbjörg Þrastardóttir
Myndir: Bjargey Ólafsdóttir
Sérkennileg og heillandi bók um brúðkaup. Alls konar fólk ratar upp að altarinu og reynir að leika hlutverk sitt af kostgæfni en ýmislegt fer öðruvísi en ætlað er. Þessi bók er skyldueign einhleypra, kaldhæðinna, hamingjusamlega giftra og, jú, rómantíkera. Sigurbjörg Þrastardóttir hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir skáldskap sinn og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir síðustu bók sína, *Blysfarir*.
77 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-164-7
Óbundin



LJÓÐ AF ÆTTARMÓTI
Anton Helgi Jónsson
Hér hlerum við raddir alls konar fólks; það fagnar gömlum vinum, segir slúðursögur, rifjar upp minningar, harmar liðna tíð, þráir liðna tíð, játar syndir sínar, skammast sín, áfellist yfirvöld eða engist af samviskubiti. Langþráð bók eftir frábært skáld. „Orginal og flott ljóðabók.“ Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan
96 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3165-0
Kilja



LJÓÐAÚRVAL
Jóhannes úr Kötlum
Jóhannes úr Kötlum lifði mikla umbrotatíma og ekkert skáld sýnir eins nákvæmlega þróun íslenskrar ljóðlistar á 20. öld og hann. Hér eru ljóð úr öllum bókum Jóhannesar fyrir fullorðna sem gefa breiða mynd af margslungnum ljóðheimi skáldsins. Silja Aðalsteinsdóttir sá um útgáfuna og ritar inngang um Jóhannes og verk hans.
316 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3113-1
Óbundin




LJÓÐLÍNUSAFN
Sigurður Pálsson
Hér eru þrjár ljóðabækur Sigurðar Pálssonar, Ljóðlínudans, Ljóðlínuskip og Ljóðlínuspil. „Skáldskapur Sigurðar Pálssonar er þegar á heildina er litið afar tær eða opinn. Það er á einhvern hátt auðvelt að ganga inn í hann og beita honum sem sjóngleri á eigin veruleika.“ Eiríkur Guðmundsson / Skírnir
224 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-116-6
Óbundin



SÍÐDEGI
Vilborg Dagbjartsdóttir
Síðdegi er níunda ljóðabók Vilborgar Dagbjartsdóttur og enn eru yrkisefnin áþekk og forðum. Í ljóðunum þessi galdur sem gerir mannlífið fallegra. „Vilborg Dagbjartsdóttir ykir af skáldlegum einfaldleik um hið eilífa í hversdagsleikanum, ástir manns og konu, veröld barnsins, sálarlíf mannsins … ljóð hennar vekja sérstakt trúnaðartraust.“ Kristján Karlsson um *Dvergliljur*
58 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-130-2
Kilja




TÍMI HNYTTNINNAR ER LIÐINN
Bergur Ebbi Benediktsson
Ljóð eftir ungt skáld fyrir okkar tíma, ljóð sem er ætlað að faðma í stað þess að slá út af laginu, hugga í stað þess að espa og minna á það sem sameinar frekar en það sem sundrar. Þau tæma huga okkar af gömlum myndum og skoðunum og fylla hann af nýjum.
63 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3162-9
Kilja




VÍSNAFÝSN
Þórarinn Eldjárn
Hér yrkir Þórarinn Eldjárn laust og fast um smátt og stórt – stökur og smáljóð um ýmsar hliðar tilverunnar, ekki síst þær óvæntu. *Vísnafýsn* er óvenjulegt kver með brýnt erindi við vandaða þjóð í hnipri; speki og sprok um sérviskur og samviskur að hætti skáldsins.
83 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2115-9
Kilja

ALVARA LEIKSINS – ÆVISAGA GUNNARS EYJÓLFSSONAR

Dramatík á leiksviði lífsins





Gunnar Eyjólfsson hefur unnið marga leiksigra og tekist á við erfiðar tilfinningar á sviði. Ævi hans sjálfs hefur þó ekki síður verið átakamikil.

***Alvara leiksins** er saga af miklum örlögum og sárri lífsreynslu en einnig af ógleymanlegu fólki og ævintýralegu lífi, innanlands sem utan.*

Árni Bergmann skráði af næmi og stílfimi.













JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Logi er engum líkur

Handboltamaðurinn Logi Geirsson er ekki gefinn fyrir neitt hálfkák. Fáir eru betri en hann þegar hann er bestur og fáir eru líka lagnari að koma sér í klandur. Í bókinni **10.10.10 – Atvinnumannssaga Loga Geirssonar**, sem skráð er af Henry Birgi Gunnarssyni, rekur hann brokkgenga sögu sína hjá þýska stórliðinu Lemgo og með íslenska landsliðinu, segir frá Ólympíuverðlaunum og Evrópumeistaratitlum en um leið frá skuggahliðum atvinnumennskunnar og frægðarinnar, draumum, vonbrigðum, lúxuslífi og partístandi. Nokkur kaflaheiti úr bókinni gefa vísbendingu um söguna: Straumhvörf í kirkjugarði – Listin að sleppa við sturtuna – Tattúin og ímyndin – Tilþrif á hraðbrautinni – Leikurinn sem breytti lífi mínu – Rekinn á leið í leik – Fyrsta fylliríið var óvart – Í höndunum á Dorrit – Böstaður með bjór – Silfrinu fagnað með stæl – Bombaði boltanum upp í stúku – Ástin bankar á dyrnar – Á flótta undan glæpamönnum – Lúxuslíf í Mónakó – Felldi Lemgo á eigin bragði – Yndislegasta gjöfin … Já, þegar Logi Geirsson er annars vegar er enginn skortur á krassandi fyrirsögnum!

Kristján Jóhannsson – Á valdi örlaganna



„Ætlarðu að skrifa bók um Kristján Jóhannsson, ertu biluð? Er hann ekki rosaleg prímadonna?“

Þessa spurningu fékk ég oft frá listamönnum þegar ég sagði þeim frá því að ég væri að skrifa bók um Kristján. Í stríðni svaraði ég þeim gjarnan með orðunum: „Ekki eins mikil og þú!“

Ekki prímadonna

Sannleikurinn er nefnilega sá að Kristján er ekki prímadonna í þeim skilningi að hann telji sig yfir aðra hafinn. En hann er skapheitur og stendur á sínu. Og það var gaman að skrifa með honum bókina. Hann er hafsjór af fróðleik og mikill sögumaður. Verst var að sögurnar breyttust stundum frá degi til dags, en þá var að reyna að sauma þær saman og ná fram kjarna málsins!

Fyrir mörgum árum hitti ég hann á Ítalíu og sá hann í hópi kollega, þar var hann hrókur alls fagnaðar. Það kom mér því mjög á óvart hversu oft honum tókst að setja allt upp í loft hér heima. Oft fannst mér það frekar dæmi um einhverja einkennilega öfund landans og fáfræði en klaufaskap hans sjálfs. Þess vegna langaði mig til að segja frá lífi hans og störfum, miklum sorgum og erfiðleikum, en líka ótrúlegri bjartsýni og þrautseigju. Með hjálp ýmissa viðmælenda, sem segja frá kynnum sínum af Kristjáni, vona ég að tekist hafi að draga upp rétta mynd af þessum kraftmikla manni sem á fáa sína líka.

Sorg og missir

Óperuheimurinn er fullur af dramatík og þverstæðum, samt tekur hann ekki fram því sem gerist í lífinu sjálfu. Kristján hefur lifað ótrúlega tíma. Í þremur hjónaböndum hefur hann horfst í augu við sorg og missi og hefur komið sterkari út úr hverri raun. Sagan af Kristjáni er því sannarlega saga um vald örlaganna og hún segir ekki bara frá honum sem listamanni heldur ekki síður sem eiginmanni, syni, föður, bróður og vini.


Þórunn Sigurðardóttir

Viðmælendur Þórunnar:

Baldvin Jónsson framkvæmdastjóri
Björgvin Halldórsson söngvari
Gissur Páll Gissurarson söngvari
Gísli Sigurgeirsson blaðamaður
Ingvar Kristjánsson, framkvæmdastjóri og sonur
Maurizio Barbacini hljómsveitarstjóri
Ólafur Egilsson sendiherra
Ólafur Gíslason blaðamaður
Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) söngkona
Sigurjóna Sverrisdóttir, leikkona og eiginkona
Sveinn Einarsson leikstjóri

Gunnar í alvöru leiksins og lífsins

Gunnar Eyjólfsson er frábær leikari, það vita allir sem hafa séð hann á sviði. Hann er líka stórkostlegur sögumaður sem getur gætt hverja frásögn sjálfstæðu lífi og þegar hann og annar meistari orða og stíls, Árni Bergmann rithöfundur, leggja saman krafta sína og festa á blað ævisögu Gunnars verður útkoman einstök.




Alvara leiksins, ævisaga Gunnars Eyjólfssonar, segir frá ævi sem hefur verið um margt afar óvenjuleg; stóran hluta lífsins hefur Gunnar verið í sviðsljósinu, staðið á sviði og leikið dramatísk hlutverk, en hann hefur líka sjálfur kynnst harmi og trega, allt frá fyrstu bernsku, og þurft að standa í sporum sem fáir hafa fetað. Frá því segir hann hér á áhrifaríkan hátt.

Hann segir líka frá litríku og viðburðaríku lífi allt frá bernskudögum í Keflavík; frá leiklistarnámi í London rétt eftir stríð, árunum í New York og ævintýralegum ferðum um heiminn sem flugþjónn hjá Pan Am, leiksigrum á Íslandi, trú, lífsskoðunum og „þessu kínverska“ … Alvara leiksins er sannkölluð sagnaskemmtun en um leið einlæg og opinská bók sem lýsir því hvernig erfðir og áhrif móta einstaklinginn.



Ötull, virtur, umdeildur

Kristján Jóhannsson er einn örfárra íslenskra söngvara sem komist hafa á svið stærstu óperuhúsa heimsins. Æviferill hans er markaður þverstæðum, rétt eins og maðurinn sjálfur. En þrátt fyrir frægð og frama fer því fjarri að líf hans hafi alltaf verið dans á rósum.



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Þórunn Sigurðardóttir skráir sögu þessa einstaka manns sem hefur sungið sig inn í hjörtu okkar allra.






Gunnar Thoroddsen og dómur sögunnar

Gunnar Thoroddsen var umdeildur stjórnmálamaður enda hneigðari fyrir að fara eigin leiðir en fylgja stífum flokksaga. Síðasti kúltúrpólitíkusinn sögðu sumir, aðrir töluðu um meinta sviksemi og taumlausa metorðagirnd. Það er fagnaðarefni að í ár kemur út löng og mikil ævisaga hans, **Gunnar Thoroddsen – ævisaga**, eftir Guðna Th. Jóhannesson.



Hver segir söguna?

Þegar kvöldaði í viðburðaríkri ævi var Gunnari tamt að líta um öxl og honum var í mun að hafa áhrif á dóm sögunnar um sig og störf sín enda höfðu andstæðingar hans haft hátt og ekki vandað kveðjur. Yrðu það eftirmælin um Gunnar Thoroddsen borgarstjóra, alþingismann, forsetaframbjóðanda og forsætisráðherra?

Í kapphlaupi við tímann

Gunnar hafði frá ungum aldri haldið dagbók sem hann trúði fyrir sínum innstu hugrenningum og öll fullorðinsárin setti hann gjarnan á blað minningabrot sem hann merkti „Endurminn." Sumarið 1983 las hann ennfremur inn á segulband ýmislegt minnisvert. Nú átti að taka til við samningu endurminninga, einlægt og persónulegt verk, þar sem ekkert yrði dregið undan og engum hlíft. En verkið þurfti að vinnast í kappi við tímann því Gunnar var fársjúkur orðinn. Í september var mjög af honum dregið og endalokin bersýnilega skammt undan. „Betrumbæta, betrumbæta," sagði hann í móki undir það síðasta. Hinn 25. september var hann allur.

Litríkur stjórnmálamaður

Svo fór því að sjálfsævisagan var aldrei skráð og Gunnar Thoroddsen fékk litlu ráðið um ritun eigin minninga. Og þó – eftir stóðu hin opinskáu gögn, dagbókarskrif og minningabrot Gunnars sem sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson (*Völundarhús valdsins*, 2005, *Óvinir ríkisins*, 2006, *Hrunið*, 2009) fékk ótakmarkaðan aðgang að. Úr þeim og umsögnum samferðamanna, fréttaefni og fjölmörgum heimildum til viðbótar hefur Guðni nú smíðað magnað verk – einlægt og heiðarlegt – um lífshlaup eins litríkasta stjórnmálaforingja liðinnar aldar og um átök og atburði á sögulegum umbrotatímum.



Ritað í Wien 20/9 61

Auðvitað missýnist mér eins og öðrum. Vitaskuld er dómgreind mín mörkum háð eins og annarra manna. Að sjálfsögðu er þekking mín minni en ætti að vera. Og það er hafið yfir allan vafa að afköstin eru, þrátt fyrir næstum ótrúlega spretti í bland, allt of lítil að jafnaði. Sorgin er sú að jafnvægið, sem maðurinn er að predika á öllum sviðum, er eitthvað óbalanserað í honum sjálfum. En einum hlut vil ég slá föstum, naglföstum. Eina staðreynd vil ég grunnmúra. Hvatir, sjónarmið og mótív hafa alltaf verið heiðarleg. Að vilja vel, að reyna að leysa vandræði manna, að reyna að hjálpa, ef mögulegt var, að létta byrðar, að greiða úr, – það hefur verið leiðarljós alltaf, viljinn, andinn, hin einlæga löngun til þess að gera fólki gott fremur en illt eða ekkert.

Þóra biskups – hver var nú það?

Sigrún Pálsdóttir sagnfræðingur hefur ritað sögu Þóru Pétursdóttur, **Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar**. Við fengum Sigrúnu til að segja frá bók sinni.



Hvers konar ævisaga er þetta?

„Þetta er örlagasaga, mátulega stór fyrir 21. öldina, byggð á einstökum heimildum sem einkennast af nákvæmum lýsingum, hispursleysi, sviðsetningum og samtölum. Það er aldrei hægt að segja frá öllu lífi einnar manneskju, eins gott að velja bara einn þráð. Sá þráður kemst sennilega nær einhverjum kjarna í lífi sögupersónunnar en ef reynt væri að miðla þeim upplýsingum sem varðveittar heimildir geyma."

Er bókin skrifuð fyrir ákveðinn lesendahóp?

„Bókin er ekki skrifuð með neinn ákveðinn hóp í huga enda slíkt ekki ráðlegt, hvorki í fræðum né skáldskap. Fyrst eftir að ég lauk við bókina datt mér hins vegar í hug að hún myndi fyrst og



fremst höfða til kvenna þar sem þær leika aðalhlutverk í sögunni. Svo var ég ekki viss, karlmenn hafa jú áhuga á konum og þeim mikilvægu smáatriðum sem líf þeirra virðist stundum snúast um. Auk þess snertir sagan stærri þætti í fortíð okkar; stjórnmálaátök, þjóðerniskennd og þjóðarímynd. Saga Þóru er saga sem fjallar um veröld sem líður undir lok í fleiri en einum skilningi."

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Innsýn í einstaka sögu





Ævi og örlög Þóru Pétursdóttur Péturssonar biskups yfir Íslandi og eiginkonu Þorvaldar Thoroddsen náttúrufræðings eru líklega mátulega stór fyrir samtíma okkar.




Í þessari einstöku sögu Sigrúnar Pálsdóttur segir frá kjólum og karlmönnum, draumum og glæstum vonum; grátbroslegum stundum í lífi lítillar þjóðar. Þetta er saga um tungumál og tjáningu, um þörf og hæfileika formæðra okkar til að búa til margradda frásögn um umhverfi sitt og þetta tímabil sögunnar sem þrátt fyrir allar ljósmyndirnar og textana er hljóðlaust og frosið.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


Ævisögur og endurminningar



10.10.10 – ATVINNUMANNSSAGA LOGA GEIRSSONAR
Henry Birgir Gunnarsson
Logi Geirsson lék um árabil með Lemgo, einu fremsta handboltaliði heims, og gerði garðinn frægan með íslenska landsliðinu. Í 10.10.10 rekur hann atvinnumannsferil sinn og dregur ekkert undan, segir jafnt frá sætum sigrum og sáru tapi, bæði inni á velli og í einkalífinu. Bók sem enginn handboltaáhugamaður lætur fram hjá sér fara.
256 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2125-8




ALVARA LEIKSINS – ÆVISAGA GUNNARS EYJÓLFSSONAR
Árni Bergmann
Gunnar Eyjólfsson hefur leikið mörg dramatískustu verk leikbókmenntanna á sviði og hlotið mikið lof fyrir. Ævi hans sjálfs hefur þó ekki síður verið viðburðarík og átakamikil og stundum hefur sá eldur sem á honum brennur verið heitur. Frá því segir Gunnar hér en einnig frá bernskubrekum suður með sjó, leiklistarnámi í London, dansi við Bretaprinsessu, ævintýralegum leikferðum og heimshornaflakki, vinum og ógleymanlegum samferðarmönnum. Árni Bergmann hefur skráð sögu Gunnars af næmi og listfengi.
329 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-162-3



GUNNAR THORODDSEN – ÆVISAGA
Guðni Th. Jóhannesson
Gunnar Thoroddsen – ævisaga eftir dr. Guðna Th. Jóhannesson er breiðtjaldsmynd af einum áhrifamesta stjórnmálamanni lýðinnar aldar. Verkið byggir höfundur að miklu leyti á opinskáum og einlægum einkaheimildum Gunnars, m.a. dagbókum sem hann færði samviskusamlega frá ungum aldri og allt til loka og trúði fyrir sínum innstu hugrenningum. Ævisagan birtir því áhrifamikla og einlæga mynd af manninum og varpar um leið nýju ljósi á átök og atburði á sögulegum umbrotatímum.
660 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-163-0



KJARVAL
Thor Vilhjálmsson
Rómuð bók Thors Vilhjálmssonar um Jóhannes S. Kjarval kemur nú út í þriðju útgáfu. Hér segir hann í snilldarlegum texta frá lífi og verkum Kjarvals frá frumbernsku og þar til hann er kominn um áttrætt, óumdeildur meistari málaralistarinnar á Íslandi. Nýr formáli höfundar fylgir. „… eldur hinnar stóru listar …“ Kristján frá Djúpalæk / Verkamaðurinn 1964
178 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3188-9
Óbundin



KRISTJÁN JÓHANNSSON – Á VALDI ÖRLAGANNA
Þórunn Sigurðardóttir
Kristján Jóhannsson er einn örfárra íslenskra söngvara sem komist hafa á svið stærstu óperuhúsa heimsins. Æviferill hans er markaður þverstæðum, rétt eins og maðurinn sjálfur. Þrátt fyrir frægð og frama fer því fjarri að líf hans hafi alltaf verið dans á rósum. Erfiðleikar, sjúkdómar og dauðsföll hafa veitt honum þung högg en ekkert hefur þó megnað að brjóta á bak aftur óbilandi lífskraft og þrótt þessa glaðbeitta Akureyrings.
272 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-155-5



MEISTARAR OG LÆRISVEINAR
Þórbergur Þórðarson
„Stóra handritið“ loksins komið á bók. Þórbergur segir frá námi sínu við háskólann, lýsir ritstörfum, kveðskap og tilurð *Bréfs til Láru*, kvennamálum, guðspekiáhuga og esperantónámi af eldmóði og einstakri stílgáfu sem einnig birtist í frábærum lýsingum á Unuhúsi og gestum þess. Soffía Auður Birgisdóttir skrifar formála. Íslensk klassík Forlagsins.
190 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-539-3
Kilja



ÞÞ – Í FÁTÆKTARLANDI, ÞÞ – Í FORHEIMSKUNARLANDI
Pétur Gunnarsson
Þórbergur Þórðarson er einn fremsti höfundur íslenskra bókmennta. Í þessum rómuðu bókum rekur Pétur ævi skáldsins frá æskuárum til endadægurs 1974. Fyrri bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og báðar hlutu frábærar viðtökur lesenda og gagnrýnenda. „Sagan rennur eins og reyfari … Ítarleg og skýr, falleg og frábærlega hugsuð.“ Páll Baldvin Baldvinsson / *Fréttablaðið*
223 / 312 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-100-5 / 101-2
Kilja




ÞÓRA BISKUPS OG RAUNIR ÍSLENSKRAR EMBÆTTISMANNASTÉTTAR
Sigrún Pálsdóttir
Ævi og örlög Þóru Péturdóttur Pétursson biskups yfir Íslandi og eiginkonu Þorvaldar Thoroddsen náttúrufræðings eru líklega mátulega stór fyrir samtíma okkar. Hér segir frá kjólum og karlmönnum, draumum og glæstum vonum; grátbroslegum stundum í lífi lítillar þjóðar. Þetta er saga um tungumál og tjáningu, um þörf og hæfileika kvenna á síðari hluta nítjándu aldar til að búa til margradda frásögn um umhverfi sitt.
280 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-131-9

TÍMI TIL AÐ VERA TÖFF

Sjöundi og áttundi áratugurinn var vellandi suðupottur nýrra hugmynda um tísku, menningu og viðhorf. Hér er haldið á vit minninganna með einstæðum ljósmyndum Sigurgeirs Sigurjónssonar og minningabrot Einars Kárasonar kallast á við myndefnið svo úr verður einstaklega skemmtilegur aldarspegill.



GLÆSILEG LJÓSMYNDABÓK



„Ég man að í barnablaðinu Æskunni voru öll ensku hljómsveitarnöfnin þýdd og **„The“** var þýtt sem **„Hinir“**. **„Hinir rúllandi steinar“** gekk alveg upp. Verra með **„The Beatles“** en einhverntíma voru þeir kallaðir **„Hinar klingjandi bjöllur“**. Hljómar voru **„Hinir íslenzku bítlar“**.“







FORLAGIÐ
www.forlagid.is



Allir út að rækta!

Áhugi landsmanna á garðrækt hefur aukist gríðarlega í seinni tíð og nú hefur ný grein bæst við; ræktun á ávaxtatrjám! **Ræktum sjálf** er kærkomin viðbót við handbækur um garðrækt því fyrir utan leiðbeiningar við ræktun á grænmeti, kryddi og berjum er sérstakur kafli um ávaxtatré og ræktun þeirra. Bókin er staðfærð svo allar upplýsingar í bókinni eiga við íslenskar aðstæður.





Bók í blóma

Íslenska plöntuhandbókin kom fyrst út árið 1986 og varð brátt einhver vinsælasta handbók sinnar tegundar á Íslandi. Margt hefur breyst á þeim tæpa aldarfjórðungi sem liðinn er frá því bókin kom fyrst út. Þar munar ekki minnst um breytingar á flórunni sjálfri og því orðið aðkallandi að endurskoða bókina rækilega. Ný gerð *Plöntuhandbókarinnar* kom út á árinu og ber hæst í útgáfunni að nú er ítarlega fjallað um 465 tegundir í stað 365 áður. Bókin er þó jafn fróðleg og aðgengileg og hún hefur alltaf verið og jafn sjálfsagður ferðafélagi þegar farið er um landið.

Margt smátt gerir mikið gott



Það er tilhlökkunarefni hjá starfsfólki Forlagsins þegar Nanna Rögnvaldardóttir er með matreiðslubók í smíðum því að hún er gjörn á að nota samstarfsfólk sitt sem smakkara. Og gleðin var mikil þegar Nanna var að elda fyrir nýju bókina sína, **Smáréttir Nönnu**, því að hún er uppfull af alls kyns gómsætum bitum sem tilvalið var að stinga upp í sig þegar maður átti leið um kaffistofuna. Bók af þessu tagi hefur lengi vantað – skýrar leiðbeiningar og hugmyndir um smárétti af ýmsu tagi, bæði pinnamat, forrétti, góðgæti í klúbbinn og kræsingar við allra hæfi, sætar og ósætar.

Þetta eru einfaldir og yfirleitt fljótgerðir réttir úr hráefni sem fæst í flestum búðum, svo að nú ættu allir að geta fengið nóg af hugmyndum fyrir veisluna eða matarboðið og útbúið kræsingarnar sjálfir – það margborgar sig.

Kínverskir kjúklingavængir

3 msk sojasósa
2 msk hunang
1 msk kínversk fimm krydda blanda
20–24 vængjabitar

Hrærðu saman sojasósu, hunang og fimm krydda blöndu í skál, settu kjúklingavængina út í og láttu standa í a.m.k. 2 klst. í kæli. Hrærðu öðru hverju. Raðaðu vængjunum svo á bökunarplötu klædda bökunarpappír og bakaðu þá í um hálftíma við 200°C; snúðu þeim einu sinni.



Eldað skref fyrir skref

Þegar börn og aðrir byrjendur spreyta sig á eldamennsku er mikilvægt að leiðbeiningarnar séu skýrar og einfaldar svo allir geti farið eftir þeim. Langbest er þó að allt sem á að gera sé sýnt á góðum myndum, skref fyrir skref. Þannig læra börnin matreiðsluaðferðirnar, sjá hvernig á að gera og hvernig maturinn á að líta út á hverju stigi.



Aðgengilegar uppskriftir og ítarlegar skýringarmyndir er einmitt annað aðaleinkenni bókarinnar **Þú getur eldað!** Hitt aðaleinkennið er auðvitað girnilegur, hollur og góður matur fyrir alla fjölskylduna – og nóg af honum – enda hefur höfundurinn sérhæft sig í matreiðslu fyrir börn og með börnum. Einnig eru vinnubrögð sýnd á sérstökum myndasíðum og kennt að þekkja hráefni og áhöld sem notuð eru í eldhúsinu. Nanna Rögnvaldardóttir þýddi bókina.

Meðal þess sem kennt er að matbúa í bókinni er:

Kjúklingapastasalat með papriku
Ómótstæðilegar bakaðar kartöflur
Fljótlegar ídýfur & alvöru poppkorn
Ávaxtapeytingar
Kryddkjúklingur
Súrsætt svínakjöt
Sænskar kjötbollur
Marokkóskur lambakjötsréttur
Bestu borgararnir
Fiskbögglar með tómatsósu
Innbakaður lax
Pítsa Margaríta
Grænmetis-lasanja
Langbestu múffurnar
Marmarakaka
Súkkulaði- og appelsínubrúnkur
Auðveldur berjais



Skemmtilegur og aðgengilegur fróðleiksbrunnur fyrir alla fjölskylduna

Í Aldanna rás

„Það var haustið 1949, þegar faðir minn, Valdimar Jóhannsson í Iðunni, var að pakka bókum til sendingar að kvöldlagi, að hann fór að velta fyrir sér með hvaða hætti væri hægt að gera fyrri helmingi aldarinnar skil í bók.“


Úr eftirmála Jóhanns Páls Valdimarssonar, Faðir Aldanna

Bókaflokkurinn **Aldirnar** hefur um áratuga skeið verið aðalheimild ótalmargra Íslendinga um fortíð lands og þjóðar og margir eiga minningar um að hafa sökkt sér ofan í Aldirnar og lesið um galdrabrennur og siðaskipti, vígaferli, eldgos og frelsisbaráttu. Mörgum þeim sem ólust upp með Öldunum finnst næstum eins og þær hafi alltaf verið til. Það munar reyndar ekki svo miklu: Í ár eru sextíu ár frá útkomu fyrstu bókarinnar í flokknum en það var *Öldin okkar 1931–1950*.

Í tilefni af því kemur út ný Öld, **Öldin okkar 1996–2000**, og má þá á vissan hátt segja að hringnum sé lokað því nú nær flokkurinn yfir alla Íslandssöguna frá landnámi 874 til ársins 2000. Jafnframt var ákveðið að endurprenta þau bindi Aldanna sem hafa verið uppseld og mikið hefur verið spurt um og samræma um leið útlit bókaflokksins. Á þessu afmælisári er því tilvalið að fylla í götin í safninu eða hefja nýja söfnun á ómetanlegri fróðleiksnámu um sögu landsins og liðna tíð.

Hættumerkin sem við sáum ekki


Þótt liðnar aldir séu heillandi er ekki síður margt áhugavert að finna í nýliðinni fortíð; í *Öldinni okkar 1996–2000*, sem Guðmundur Magnússon sagnfræðingur tók saman, er sagt frá lokaárum 20. aldarinnar, friðsamlegum og stórslysalausum árum sem virtust gefa fyrirheit um glæsta framtíð og mikla velmegun. En þegar að er gáð má víða finna vísbendingar sem kannski hefði mátt túlka sem viðvörunarmerki og margt má nú skoða í öðru ljósi en þá var gert.



Ekki skorti þó tíðindi. Hér má lesa um eldgos og aðrar náttúruhamfarir, glæpamál og gróðabrall, listsigra og súludans, stjórnmálarefi og upphaf útrásar. Bókin er prýdd fjölda litmynda.



Myndir og orð



Út er komin myndarleg barnaorðabók sem hentar notendum á aldrinum 6 til 12 ára, og auðvitað öllum sem eru að glíma við íslensku í fyrsta sinn á hvaða aldri sem þeir eru. Bókin geymir um 2200 uppflettiorð sem eru skýrð og notkunardæmi gefin. Bókin er glæsilega myndskreytt í lit og sett upp á aðgengilegan hátt. **Íslensk barnaorðabók** ætti að vera til alls staðar þar sem eru börn og þá þarf ekki að óttast um orðaforða komandi kynslóða.



Skjót viðbrögð


Fréttablaðið Grapevine sem gefið er út á ensku birti í fyrra ritdóm um vinsæla Íslandssögubók Gunnars Karlssonar sagnfræðings, **Brief History of Iceland**. Gagnrýnandinn var hrifinn af bókinni en hneykslaður á því að ný útgáfa skyldi vera prentuð óbreytt og ekki taka hrunið með. Höfundurinn brá við skjótt og skrifaði nýjan lokakafla og forlagið bætti um betur og lét þýða bæði á þýsku og sænsku. Nú er þessi handhæga og einstaklega hnitmiðaða Íslandssaga því til á fjórum tungumálum, íslensku líka, með fjölda litmynda og hruni og öllu …



Hugvekjur handa Íslendingum

Pétur Gunnarsson sendir í ár frá sér greinasafnið **Péturspostillu**. Pétur er orðheppinn maður eins og lesendur vita. Þar fer maður sem ævinlega er trúr því hlutverki höfundarins „að skipta sér af því sem honum kemur ekki við. Berhentur, umboðslaus, oftar en ekki ólaunaður, en sannfærður um að leitin að merkingu sé leiðin til að ljá lífi okkar merkingu.“ Á örlagatímum í lífi íslenskrar þjóðar er henni mikilvægt að átta sig á því að leiðin er hvorki óljós né vandrötuð heldur blasir hún við – líkt og Pétur Gunnarsson er ófeiminn við að benda okkur á.





Stjarna á einni nóttu

Á einni nóttu sló kínverska fjölmiðlakonan Yu Dan í gegn! Bók hennar, Heilræði hjartans, hefur selst í yfir tíu milljónum eintaka. Hvers vegna? Hún tengir tímalausa speki Konfúsíusar við líf nútímamannsins. Í bókinni eru einfaldar leiðbeiningar um hvernig finna megi leiðina til sannrar hamingju og skilnings á lífinu – og lifa í sátt við sjálfan sig og náungann. Á erfiðum tímum er gott að hafa bók í hönd sem beinir sjónum að þeim lífsgæðum sem skipta máli. Heilræði hjartans er sannarlega ein slík.

„Þetta er alveg dásamlegt“



Í bókinni **Poppkorn** spila saman einstæðar ljósmyndir Sigurgeirs Sigurjónssonar og minningabrot Einars Kárasonar og segja sögu sjöunda og áttunda áratugarins frá nýju sjónarhorni.

Þessi tími var sannkallaður suðupottur nýrra hugmynda um tísku, menningu og viðhorf, eins og sjá má af svörum sex kunnra einstaklinga við spurningu Morgunblaðsins 6. desember 1964: „Hvað vilduð þér segja um bítilæðið?“



Hljómar, 1964

Séra Frank M. Halldórsson:
„Annars skilst mér, að bítilæðið sé að deyja út. Þetta hefur verið ágæt tilbreyting í skammdeginu. Þetta er eins og pipar í plokkfiski.“

Ómar Ragnarsson stud. jur.:
„Bítilæði er ýtið æði.
Ýtar skæðir rýta fræði,
sýtir gæði, slítur næði.
Skrítið fæði. Lítilræði.“

Rúnar Júlíusson hljóðfæraleikari:
„Þetta er alveg dásamlegt. Músík bítlanna er vafalaust sú ágætasta dægurmúsík, sem fram hefur komið síðastliðin hundrað ár … Sumum finnst hrifningaræði unglinganna ganga út í öfgar, en ég segi fyrir mig og mína félaga, að þá fyrst er gaman að vera til, þegar ærlegt stuð er komið í mannskapinn.“

Ragnar Karlsson geðlæknir:
„Svo er það hinn hópurinn, sem betur fer miklu minni, sem sýnir einkenni veikinnar, með því að líkja eftir útliti fyrirmyndarinnar, og taka upp hina afkáralegu og kvenlegu hárgreiðslu bítlanna, og jafnvel klæðast háhæluðum skóm. Það er hér, sem ég dreg markalínuna, því þegar bítilæðið er komið á þetta stig, þá er hér ákveðin hætta á ferð. Sú hætta, sem ég á hér við er kynvilla og sérstaklega homosexualitet.“

Svavar Gests hljóðfæraleikari:
„Það er ekkert óheilbrigt í sambandi við þetta, það hefur enginn liðið útaf froðufellandi eins og þegar twistæðið gekk yfir.“

Bók til styrktar Kattholti

Skrifstofur Forlagsins eru á horni Bræðraborgarstígs og Ránargötu og þar er líka umferðarskilti. Í sumar tók einhver sig til og málaði mynd af ketti á skiltið. Í allmargar vikur gladdi það augu vegfarenda – ekki síður en þeir ótalmörgu kettir sem búa við Ránargötu, en þeirra á meðal eru heiðurskettirnir Randver og Breki.

Randver og Breki
Félagarnir tveir, Randver og Breki, dvelja löngum stundum á skrifstofum Forlagsins, gestum og starfsfólki til yndisauka. Í kjölfarið á sérkennilegri umræðu um kattahald í Árborg nýlega samdi Gunnar Theodór Eggertsson smásögu um samskipti katta og manna og tók saman bókina **Köttum til varnar**, fallega bók fyrir kattavini – og líka alla hina. Ágóði af sölu bókarinnar rennur óskiptur til Kattholts, en í Kattholti hefur Sigríður Heiðberg um árabil vakað yfir starfseminni af ást og




virðingu við þessi ljúfu gæludýr. Skoðið vefsíðuna www.kattholt.is – þar er fróðleikur um ketti ásamt myndum af heimilislausum köttum.

ÖLDIN ÖLL

Aldirnar spanna sögu lands og þjóðar í meira en ellefu hundruð ár. Nú kemur út lokabindi tuttugustu aldar, *Öldin okkar 1996–2000* – tímabil sem margir horfa til með söknuði.

Hér segir frá eldgosum og hamfarahlaupum, sakamálum og slysförum, íþróttaafrekum og hetjudáðum, uppgangi og bjartsýni.



VANTAR Í SAFNIÐ?
Sjö eldri bækur sem lengi hafa verið ófáanlegar eru nú komnar út á ný.

IÐUNN
www.forlagid.is


STÓRSKEMMTILEGAR FRÓÐLEIKSNÁMUR



Fræði og bækur almenns efnis



ALDIRNAR
ÖLDIN 1501–1550,
ÖLDIN 1701–1760,
ÖLDIN 1861–1900,
ÖLDIN 1931–1950,
ÖLDIN 1961–1970,
ÖLDIN 1981–1985,
ÖLDIN 1991–1995
Bókaflokkurinn Aldirnar er ómetanleg og bráðlifandi heimild um liðna tíma þar sem öll Íslandssagan frá landnámi til ársins 2000 er sett fram í formi stuttra, fræðandi og skemmtilegra blaðagreina sem allir geta notið. Í ár eru 60 ár síðan fyrsta bindið kom út. Af því tilefni hafa nokkur bindi sem hafa verið uppseld um skeið og mikið hefur verið spurt um verið endurprentuð með nýju útliti svo nú gefst tækifæri til að fylla upp í safnið.
182/242/288/323/240/231/187 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0482-7/0483-4/0484-1/0485-8/0486-5/ 0487-2/ 0476-6



ALHEIMURINN
Ritstj.: Martin Rees
Þýð.: Karl Emil Gunnarsson
Alheimurinn er ógleymanlegt ferðalag um óravíddir alheimsins. Ferðin hefst í miðju sólkerfisins og þaðan liggur leiðin út til endimarka hins þekkta alheims. Bókin birtir okkur geiminn í allri sinni litríku og ljómandi dýrð, fjallað er ítarlega um sólkerfið okkar og reikistjörnurnar sem því tilheyra og litið ennþá lengra. Þá eru birt stjörnukort sem gefa góða yfirsýn yfir reikistjörnur, stjörnur og annað það sem ber fyrir augu á næturhimninum.
512 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-121-0



BARD OF ICELAND – JÓNAS HALLGRÍMSSON, POET AND SCIENTIST
Dick Ringler
Í þessu óviðjafnanlega stórvirki fá enskumælandi menn í fyrsta sinn aðgang að stóru úrvali verka Jónasar Hallgrímssonar í bundnu máli og lausu. Ljóðaþýðingarnar eru undir sömu bragarháttum og frumgerðin. Ítarlegar skýringar, skýr og fjörlega skrifuð ævisaga skáldsins og ágrip af sögu Íslands fylgja. „Með þýðingum sínum á verkum okkar ástsælasta skálds hefur Dick Ringler gert kraftaverk." Vigdís Finnbogadóttir
474 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3111-7
Óbundin




ERTU VISS?
Thomas Gilovich
Þýð.: Sigurður J. Grétarsson
Hvað vitum við og hvað höldum við bara að við vitum? Hvernig verða ranghugmyndir til og hvað heldur í þeim lífinu? Endurútgáfa í kilju á þessari skemmtilegu bók um skynsemi og skynsemisbresti í dagsins önn.
209 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3- 3106-3
Kilja




HEILRÆÐI HJARTANS: KONFÚSÍUS FYRIR NÚTÍMANN
Yu Dan
Þýð.: Ísak Harðarson
Finndu frið og jafnvægi – speki Konfúsíusar er tímalaus og endurnærandi, veitir hjálp á erfiðum stundum og beinir sjónum að því sem skiptir máli í lífinu. Hefur selst í yfir tíu milljónum eintaka.
208 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-102-9



ÍSLENSKA 3
Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir, Steingrímur Þórðarson
Íslenska þrjú er kennslubók fyrir framhaldsskóla. Íslenskar fornbókmenntir og erindi þeirra við nútímann eru viðfangsefni bókarinnar. Hún hentar því til kennslu í ÍSL 303 í áfangaskólum og samsvarandi bekkjum í bekkjaskólum. Bókin er hvort tveggja í senn, kennslubók og sýnisbók. Í henni eru dæmi um flestar greinar fornbókmennta og bókmenntasögulegur fróðleikur.
282 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3178-0
Óbundin



KÖTTUM TIL VARNAR
Gunnar Theodór Eggertsson
Staða gæludýrsins í borgarsamfélaginu hefur löngum verið óljós. Það lifir á gráu svæði á milli þess að vera villt dýr, húsdýr og fjölskyldumeðlimur. Meginuppistaða bókarinnar er smásaga eftir Gunnar Theodór Eggertsson en að auki eru fimm stuttar ritsmíðar um íslenska ketti eftir Haruki Murakami, Jónas Jónasson, Pál Halldórsson og Þorstein Erlingsson. Allur ágóði rennur óskiptur til Kattholts.
143 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-165-4
Kilja



LÍFSHAMINGJA Í HRJÁÐUM HEIMI
Howard C. Cutler og Dalai Lama
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Hvernig er hægt að lifa hamingjuríku lífi á okkar tímum þegar veröldin virðist svo hrjáð? Hér segir bandaríski geðlæknirinn Howard C. Cutler frá samtölum sínum við Dalai Lama. Með sögum, dæmum og djúpum hugleiðingum kennir Dalai Lama okkur að sjá í gegnum algengar hugsanavillur sem leiða til vansældar og takast á við þær með eigin hamingju og annarra að leiðarljósi. Sígild fræði búddatrúar í bland við nýjustu rannsóknir gera þessa mannbætandi bók að einkar góðum leiðarvísi til að takast á við algeng vandamál samtímans.
370 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-169-2



MANNFRÆÐI FYRIR BYRJENDUR
Þórður Kristinsson og Gunnar Þór Jóhannesson
Mannfræði fyrir byrjendur er grunnbók í mannfræði ætluð nemendum á framhaldsskóla- og háskólastigi og öllum áhugamönnum um fræðigreinina. Í bókinni er fjallað um undirgreinar mannfræðinnar og megináherslur þeirra kynntar út frá sögulegum forsendum og viðmiðum mannfræðinga nú á dögum. Leitast er við að gera grein fyrir grunnhugmyndum og hugtökum fræðigreinarinnar og tengja við nýlegar mannfræðirannsóknir, bæði hér á landi og erlendis.
158 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3180-3
Óbundin



PÉTURSPOSTILLA
– Hugvekjur handa Íslendingum Pétur Gunnarsson
Dögum oftar er höfundurinn beðinn um álit, skoðun, ávarp, hugvekju, ræðu, grein eða erindi. Afstaða Péturs Gunnarssonar hefur jafnan verið á eina lund: að segja já – trúr því hugboði að hlutverk höfundarins sé að skipta sér af því sem honum kemur ekki við. Berhentur, umboðslaus, oftar en ekki ólaunaður, en sannfærður um að leitin að merkingu sé leiðin til að ljá lífi okkar merkingu.
256 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-168-5
Kilja



POPPKORN
Sigurgeir Sigurjónsson og Einar Kárason
Sjöundi og áttundi áratugurinn var vellandi suðupottur nýrra hugmynda um tísku, menningu og viðhorf. Hér er haldið á vit minninganna með einstæðum ljósmyndum Sigurgeirs Sigurjónssonar ljósmyndara og minningabrot Einars Kárasonar kallast á við myndefnið svo úr verður glæsilegur og skemmtilegur aldarspegill.
224 bls.
FORLAGIÐ
ISBN 978-9979-53-542-3
Óbundin




STJÓRNARSKRÁ LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins hefur verið ofarlega á baugi upp á síðkastið og ákvæði hennar sennilega meira rædd en nokkru sinni fyrr á lýðveldistímanum. Stjórnarskráin hefur að geyma grundvallarlög ríkisins. Hún er æðri öðrum lögum og þar er að finna meginákvæði um stjórnskipan ríkisins og mannréttindi. Stjórnarskrána ættu allir Íslendingar að þekkja – og þar með rétt sinn.
74 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0493-3
Óbundin




STURLUNGA SAGA
Ritstj.: Örnólfur Thorsson
Sturlunga saga er safnrit varðveitt á skinnbókum frá 14. öld og geymir nokkrar sjálfstæðar sögur um valdabaráttu íslenskra höfðingjaætta og endalok þjóðveldis. Hér er loks komin ný útgáfa Sturlungu með nútímastafsetningu ásamt ýmsum textum sem tengjast efninu, ítarlegum skýringum og skrám – þrjú vönduð bindi í öskju. Sturlunga hefur notið endurnýjaðrar hylli síðustu ár en verið illfáanleg; nú geta allir eignast þessa gersemi íslenskra bókmennta í fallegum búningi.
1450 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3105-6
Óbundnar



TÓNLIST Í LEIKSKÓLA
Sigríður Pálmadóttir
Tónlist í leikskóla er ætluð þeim sem kenna í leikskólum eða á yngri stigum grunnskóla og öðrum sem starfa með ungum börnum. Fjallað er um tónlist sem þroskaþátt í leik barna og skipulögðu starfi í söngstundum, tónlistartímum og þemavinnu. Einnig eru hér margs konar hugmyndir að efni sem nota má jafnt í formlegu starfi sem óformlegu og er því skipt niður í hljóðleiki, sönglög og hlustunarefni. Þrír geisladiskar fylgja bókinni og sérstakt vefefni er fáanlegt.
248 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3161-2
Óbundin



VOLCANO ISLAND
Sigurgeir Sigurjónsson
Hér er að finna einstakar ljósmyndir Sigurgeirs Sigurjónssonar ljósmyndara og annarra af hinum sögulegu umbrotum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli vorið 2010 ásamt fróðleik um tildrög gosanna og framvindu í samhengi við jarðsögu Íslands. Texta bókarinnar, sem er á ensku, ritar Sigurður Steinþórsson jarðfræðiprófessor. Þetta er stórbrotin bók sem fangar sögulegan tíma.
144 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-538-6
Óbundin



ÖLDIN OKKAR 1996–2000
Guðmundur Magnússon
Aldirnar eru sívinsælar bækur þar sem Íslandssögunni eru gerð skil í máli og myndum og hér er fjallað um árið 1996-2000. Síðustu ár viðburðaríkrar aldar virtust bera með sér fyrirheit um glæsta framtíð á nýrri öld, en sumir vöruðu þó við gróðahyggju og náttúruspjöllum. Bækurnar eru stórskemmtilegar fróðleiksnámur og geyma lifandi sögu liðins tíma. Öldin okkar 1996-2000 er prýdd fjölda litmynda.
159 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0491-9




ÍSLANDSSAGA Í STUTTU MÁLI, A BRIEF HISTORY OF ICELAND, EINE KOMPAKTE GESCHICHTE ISLANDS OG ISLANDS HISTORIA I KORTA DRAG
Gunnar Karlsson
Þýð.: Anna Yates, Alexander Schwarz og Sabine Burger, Ylva Hellerud
Heildstætt og einstaklega skýrt og aðgengilegt yfirlit yfir sögu Íslands í hnitmiðuðum texta með fjölda mynda, kjörið til nýfræðslu, glöggvunar og upprifjunar.
79 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3163-6/3164-3/3155-1/3156-8
Óbundin

Lostaleikir og sjóðheitar stellingar

„Það er til fólk sem hittir hinn fullkomna maka, giftist honum, eignast 2,2 falleg, gáfuð og hæfileikarík börn og nýtur fullkomins kynlífs og notalegheita til æviloka án þess að eiga í nokkrum vanda. Hin 99,9% mannkyns (þar á meðal ég) mundu alveg þiggja nokkur góð ráð til að auðvelda okkur að nálgast þessa sælu.“

Þetta segir kynlífssérfræðingurinn Tracey Cox, sem varla ætti að þurfa að kynna því fyrri bækur hennar um kynlíf og sambönd, svo sem *Súpersex*, *Súperflört* og *Sjortarar*, hafa notið mikilla vinsælda, bæði hérlendis og annars staðar … Í nýju bókinni sinni, **Lostaleikjum**, bætir hún um betur, skemmtir, hressir og hneykslar og segir frá öllu því sem fólk getur gert og ætti að gera til að njóta kynlífsins í botn … Og ef Tracey hefur kveikt í einhverjum svo um munar – eða ef fólk langar að breyta aðeins til en vantar hugmyndir – þá er tiltæk bókin **365 sjóðheitar stellingar**, uppfull af hispurslausum hugmyndum sem hægt er að nota til að kveikja ástríður og unað, nótt eftir nótt … eða dag eftir dag ef því er að skipta. Hér er hægt að finna stellingar og hlutverkaleiki sem örva ímyndunaraflið … þessar bækur eru ómissandi leiðarvísar um krassandi kynlíf.






„Ég held að það sé á erfiðleikatímum sem samfélagið skiptir mestu máli, til dæmis þegar fjölskylda verður fyrir áfalli.“

Dalai Lama

Ný bók í glæsilegri ritröð

Nú eru komnar fimm bækur í alfræðiritröð Forlagsins: *Jörðin*, *Maðurinn*, *Dýrin*, *Sagan* og nú síðast **Alheimurinn**. Eins og fyrri bækurnar er Alheimurinn gríðarmikil bók í stóru broti, alls yfir 500 síður, allar prýddar nákvæmum skýringarmyndum og ljósmyndum í lit. Bókin er frábær vegvísir um tign og fegurð alheimsins, frá miðju sólkerfis okkar út til endimarka hins þekkta heims. Útskýrð eru öflin sem stjórna gangverki alheimsins og gerð grein fyrir því hvernig vísindamenn telja að hann hafi orðið til; sagt frá fæðingu stjarna og dauðastríði sólna, stórra og smárra.




Stjörnuskoðun


Fjölmargir sérfræðingar koma að gerð bókarinnar en aðalritstjórinn, Martin Rees, er prófessor í stjarneðlisfræði og virtur fræðiritahöfundur. Hann er nafnkunnur fyrir rannsóknir sínar og var um skeið Konunglegur stjörnufræðingur í Bretlandi. Karl Emil Gunnarsson þýddi bókina eins og tvær af fyrri bókum flokksins, en í allri þýðingarvinnu er gætt vísindalegrar nákvæmni og leitað til valinkunnra íslenskra sérfræðinga á hverju sviði. Enda hafa ófá nýyrði orðið til við þýðingu þessa stórmerka bókaflokks á íslensku.

Bókin um alheiminn hentar fróðleiksfúsum almenningi á öllum aldri ekki síður en nemendum í grunn-, framhalds- og háskólum. Upplagt er að fjölskyldan lesi hana saman og bregði sér svo út í nóttina að skoða stjörnur.

Ögrandi og skemmtilegar æfingar fyrir alla


Þegar Boot Camp-strákarnir hressu, Arnaldur Birgir Konráðsson og Róbert Traustason, komu fram með æfingakerfið sitt haustið 2004 vissu þeir ekkert út í hvað þeir voru að fara en þeir trúðu því sjálfir að þeir væru með pottþétt kerfi sem allir gætu nýtt sér til að auka þol, styrk og þrek. Og nú hafa þúsundir Íslendinga kynnst Boot Camp-æfingunum þeirra og stunda þær reglulega.





Markmiðið: hraustur og heilbrigður líkami

Bók þeirra um Boot Camp-kerfið hefur verið uppseld um skeið og mikið spurt eftir henni en hér er komin ný bók, **Boot Camp – Hámarksárangur**, þar sem finna má æfingar jafnt fyrir grænjaxla sem ekkert vita um Boot Camp og hafa ekki stundað neina líkamsrækt (sumir starfsmenn Forlagsins hafa reynslu af að þær virka), almennar æfingar, elítuæfingar og íþróttaþjálfun sem keppnisíþróttamenn geta nýtt sér til að komast í algjört toppform.



Þeir Birgir og Róbert leggja áherslu á að fólk eigi að hlusta á líkama sinn og fara vel með hann, þess vegna eru í bókinni leiðbeiningar um mataræði og annað sem stuðlar að aukinni hreysti og heilbrigði.

Handbækur



365 SJÓÐHEITAR STELLINGAR
Ritstj.: Elizabeth Watson
Þýð.: Bergsteinn Sigurðsson
Ljósm.: Ýmsir
Ný kynlífsstelling fyrir hvern einasta dag ársins – getur það verið? Já það sannast í þessari bók. Sumar eru kannski bara fyrir þá sem eru í fantagóðu formi, aðrar fyrir hvern sem er. Í bókinni 365 sjóðheitar stellingar er svo sannarlega hægt að finna hugmyndir til að bæta og endurnýja kynlífið svo um munar.
384 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-123-4
Óbundin



BEÐIÐ EFTIR BARNI – HVERS MÁ VÆNTA Á MEÐGÖNGUNNI?
Heidi Murkoff og Sharon Mazel
Þýð.: Eva S. Ólafsdóttir
Beðið eftir barni er geysistór og ítarleg bók um allt sem snertir meðgöngu og fæðingu; einstök og ómissandi stoð fyrir verðandi foreldra. Meðgangan er rakin viku fyrir viku, fjallað um fósturþroska, næringu og heilsu móðurinnar, meðgöngukvilla, áhyggjur og tilhlökkun. Barnsfæðingunni er lýst, gefin góð ráð um undirbúning, rætt um fæðingartækni, keisaraskurði og fjölbura. Þá er fjallað um fyrstu vikur barnsins og tilfinningar nýbakaðra foreldra. Hér er á ferð margreynd meðgöngubiblía sem selst hefur í tugmilljónum eintaka erlendis og kemur nú loks í íslenskri þýðingu.
570 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2126-5
Óbundin




BOOT CAMP – HÁMARKSÁRANGUR
Arnaldur Birgir Konráðsson og Róbert Traustason
Boot Camp-æfingakerfið hefur náð gífurlegum vinsældum hér á landi, enda skila þessar krefjandi en auðlærðu æfingar frábærum árangri. Hér er komin endurnýjuð og aukin útgáfa bókarinnar, sem hefur að geyma lýsingar á fjölbreyttum æfingum ásamt skýringarmyndum og æfingaáætlunum þar sem lýst er bæði grunnæfingum fyrir byrjendur og elítuæfingum fyrir lengra komna.
184 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-151-7
Óbundin



HVALIR OG WHALES
Jón Baldur Hlíðberg og Sigurður Ægisson
Þýð.: Soffía Arnþórsdóttir
Hér er loksins komin fram aðgengileg bók um þessar dularfullu skepnur hafsins sem nýtist í senn við að skoða hvali í náttúrulegu umhverfi sínu og sem almennt uppflettirit. Fyrri hlutinn er greiningarlykill sem gerir notandanum kleift að þekkja á svipstundu þá hvali sem hann sér. Í síðari hlutanum er almenn umfjöllun um hvali og einstakar tegundir í hafinu umhverfis okkur.
156/156 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-119-7/120-3
Óbundin



IN THE FOOTSTEPS OF A STORYTELLER / IN DEN FUSSSTAPFEN EINES GESCHICHTENERZÄHLERS
Ritstj.: Þorbjörg Arnórsdóttir
Þýð.: Lingua/Norðan Jökuls ehf.
Ljósm.: Ýmsir
Brot úr textum Þórbergs Þórðarsonar um heimasveit hans, Suðursveitina, og umhverfi fæðingarbæjar hans, Hala, með litmyndum af stöðunum sem textarnir segja frá.
64 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3169-8
Óbundin




ÍSLENSK BARNAORÐABÓK
Ritstj.: Ingrid Markan og Laufey Leifsdóttir
Myndir: Anna Cynthia Leplar
Ný bók sniðin að þörfum 6–12 ára barna sem geymir alla helstu efnisþætti fullgildra orðabóka: upplýsingar um beygingu, skýringar og notkunardæmi um 2200 uppflettiorða. Bókin er ríkulega skreytt líflegum teikningum og litríkar myndaopnur tengjast fjölbreyttum viðfangsefnum íslenskunámsins. Aðgengileg og skemmtileg orðabók fyrir unga málnotendur.
249 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3192-6



ÍSLENSK ORÐABÓK
Ritstj.: Mörður Árnason
Íslensk orðabók er gríðarmikill gagnabanki og leiðarvísir um íslenska tungu, ómissandi hjálpargagn við nám og störf og á erindi við alla sem tala íslensku. Bókin geymir um 94.000 uppflettiorð með miklum fjölda skýringa og dæma ásamt fjölbreyttum leiðbeiningum um málsnið og málnotkun. Hún er nú gefin út í einu bindi í handhægri kilju.
1246 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-537-9
Óbundin




ÍSLENSKA PLÖNTUHANDBÓKIN, FLOWERING PLANTS AND FERNS OF ICELAND OG DIE BLÜTENPFLANZEN UND FARNE ISLANDS
Hörður Kristinsson
Íslenska plöntuhandbókin er ein vinsælasta handbók sinnar tegundar og birtist nú í nýjum búningi, ríkulega aukin og endurbætt. Fjallað er um 465 tegundir, þar af á annað hundrað sem bæst hafa við íslenska flóru á undanförnum árum. Texti, kort og myndir gera að verkum að bókin nýtist almenningi vel til að þekkja sundur plöntur og fræðast um hina fjölbreyttu og fögru flóru landsins
364 /368 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3157-5/3158-2/3159-9
Óbundin, plastkápa




ÍSLENSKT VÆTTATAL
Árni Björnsson
Íslenskt vættatal segir frá öll-

um helstu íbúum huliðsheima sem birst hafa alþýðu manna hér á landi í gegnum tíðina. Getið er heimkynna þeirra, uppruna og helstu afreka og greinargóð kort benda á helstu dvalarstaði þeirra. Bókin hentar því einstaklega vel öllum sem vilja kynnast landinu og vættunum sem það geymir, hvort sem þeir leggja land undir fót eða láta hugann reika.
192 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3109-4
Óbundin



LOSTALEIKIR
Tracey Cox
Þýð.: Sveinn Guðmarsson
Ljósm.: Ýmsir
Kynlífssérfræðingurinn Tracey Cox opinberar hér leyndarmálin sem eiga eftir að senda ykkur upp í sjöunda unaðshimin. Hún skemmtir, kitlar og hneykslar, gefur góð ráð og segir frá öllu sem hægt er að gera til að njóta kynlífsins í botn. Tracey Cox hefur skrifað fjölda metsölubóka um krassandi kynlíf og sjóðheit sambönd.
192 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-124-1
Óbundin



ORÐABÓK UM SLANGUR, SLETTUR, BANNORÐ OG ANNAÐ UTANGARÐSMÁL
Ritstj.: Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson
Myndir: Grétar Reynisson og Guðmundur Thoroddsen
Slangurorðabókin var brautryðjendaverk þegar hún kom út árið 1982. Þá urðu margir til að fagna því að daglegt mál samtímans væri komið á bók, skýrt og skilgreint, en aðrir fordæmdu verkið og töldu það upphefja götumál. Hvað sem því líður eru slettur og slangur í máli fólks fróðlegur vitnisburður um þjóðfélag hvers tíma og bókin löngu orðin klassísk. Íslensk klassík Forlagsins.
156 bls.
FORLAGIÐ
Forlagið
ISBN 978-9979-53-532-4
Kilja



RÆKTUM SJÁLF – GRÆNMETI, ÁVEXTI, KRYDDJURTIR OG BER
Gitte Kjeldsen Bjørn og Jørgen Vittrup
Þýð.: Halldóra Jónsdóttir.
Einföld og handhæg bók fyrir alla garðræktendur, hvort sem þeir hafa reynslu af ræktun matjurta eða eru byrjendur, sem inniheldur upplýsingar um hvenær og hvernig best er að sá eða planta, hvernig hægt er að láta ræktunina ganga sem best og hvaða uppskerutími hentar fyrir hverja tegund. Björn Gunnlaugsson garðyrkjusérfræðingur staðfærði bókina fyrir íslenskar aðstæður og skrifaði formála.
152 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2111-1



SKOTVOPNABÓKIN
Einar Guðmann
Skotvopnabókin fjallar um eiginleika og meðferð skotvopna með sérstakri áherslu á öryggisatriði. Fjölmargar skýringarmyndir, lýsandi ljósmyndir og greinargóður texti gera bókina að ómissandi uppsláttar- og fróðleikriti fyrir alla skotvopnaeigendur.
240 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-126-5



SMÁRÉTTIR NÖNNU – FINGRAMATUR, FORRÉTTIR OG FREISTINGAR
Nanna Rögnvaldardóttir
Ljósm.: Gísli Egill Hrafnsson
Vantar þig hugmyndir að einföldum smáréttum sem útbúa má með lítilli fyrirhöfn?
Ætlarðu að halda afmælisveislu, útskriftarboð, saumaklúbb eða matarboð? Hér eru uppskriftir og hugmyndir að fingramat, pinnum og smáréttum af öllu tagi, bæði ósætum og sætum, sem henta við alls kyns tækifæri, auk ráðlegginga og ábendinga um veisluhöld og matargerð.
205 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0492-6



SVONA Á AÐ ...
Derek Fagerstrom, Lauren Smith og Svona á að-liðið
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Þessi einstaka bók geymir einfaldar leiðbeiningar um 492 hluti sem allir sjá á augabragði að nauðsynlegt er að kunna (og 8 í viðbót sem enginn heilvita maður myndi nokkurn tíma prófa!). Bók sem hægt er að læra óendanlega mikið af og skemmta sér stórkostlega yfir. *Svona á að …* er bók sem skýrir lífið sjálft – skref fyrir skref – og ætti að vera til á hverju heimili!
320 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2113-5
Óbundin



ÞÚ GETUR ELDAÐ!
Annabel Karmel
Þýð.: Nanna Rögnvaldardóttir
Ljósm.: Ýmsir
Þú getur eldað! er frábær matreiðslubók fyrir börn og byrjendur, sem sýnir skref fyrir skref í myndum og máli hvernig gera á gómsæta, girnilega, holla og einfalda rétti við hæfi allra. Hér má sjá hvernig á að skera, þeyta, sigta, hnoða og baka. Annabel Karmel er metsöluhöfundur sem hefur skrifað fjölda bóka um næringu og mataræði barna og unglinga.
128 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2114-2




Vetur, sumar, vor og haust!

Bráðfjörug og stórglæsileg barnaljóðabók eftir Sigrúnu og Þórarin Eldjárn. Bók sem börnin lesa aftur og aftur ... og fullorðna fólkið líka.









VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



Að taka flugið




Unga litla líður vel í hreiðrinu hjá mömmu sinni. Það er því viðeigandi að mamma hans nefnir hann Hreiðar! Mamma gerir allt sem Hreiðar biður um en einn daginn fær hún nóg ...

Hugljúf og glæsileg bók eftir hinn ástsæla höfund Guðrúnu Helgadóttur.


Anna Cynthia Leplar myndskreytti.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



Sögueyjan Flatey

Kristjana Friðbjörnsdóttir sendir frá sér í ár bráðskemmtilega bók sem gerist úti í Flatey og ber titilinn **Flateyjarbréfin**. Eyjan hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár en það skrýtna er að þangað hefur Kristjana sjálf aldrei komið. Hún heillaðist af sögusviðinu þegar einn af nemendum hennar í Hamraskóla í Grafarvogi sýndi henni heimildarmynd sem hann hafði gert í eyjunni og sú hefur greinilega verið góð því kunnáttumenn um eyna sem lásu bókina á handritsstigi fundu sárafátt sem ekki passaði.




Viltu koss?

Nýjasta bók Jacqueline Wilson heitir því grípandi nafni **Koss**. Bókin er ætluð unglingum eins og vinsælustu bækur hennar á íslensku fram til þessa. Jacqueline Wilson hefur skrifað hátt í hundrað bækur sem flestar hafa notið mikilla vinsælda, selst í yfir 25 milljónum eintaka í heimalandi höfundarins og sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum. Til skamms tíma var Jacqueline sá höfundur sem gestir breskra bókasafna tóku mest að láni en nýverið missti hún þann titil til spennusagnahöfundarins James Patterson. Í Kossi er umfjöllunarefnið vináttan og ástin eins og titillinn gefur til kynna.

Vinsæll verðlaunahöfundur

Þegar kom í ljós að Þorgrímur Þráinsson bæri sigur úr býtum í samkeppninni um Íslensku barnabókaverðlaunin var hann þegar kominn langt á veg með aðra bók. Ákveðið var að báðar bækurnar kæmu út nú fyrir jólin, enda hlýtur að gilda um jafnvinsælan höfund og hann: Því meira, því betra!



Saga úr vesturbænum

Af 35 handritum sem bárust í samkeppnina um Íslensku barnabókaverðlaunin í ár var dómnefndin sammála um að verðlauna sögu sem bar þann áhugaverða titil **Ertu Guð, afi?** Þetta er jákvæð og uppbyggjandi saga sem sigraði hug og hjörtu allra dómnefndarmanna, eldri og yngri. Sagan segir frá vináttu hinnar ellefu ára Emmu Soffíu og afa hennar sem hún er að hitta í fyrsta sinn. Afinn er skrýtin skrúfa – safnar ljósi í hjartað og segist geta flogið út úr líkamanum en er líka ansi lunkinn í fótbolta og á hund sem getur bæði skilið mannamál og staðið í marki. Hárfín blanda af djúpum hugleiðingum og lúmskum húmor gerir bókina alveg einstæða og upplagða fyrir fjölskylduna að lesa saman.

Góðar viðtökur

Verðlaunabókinni *Ertu Guð, afi?* var strax vel tekið, hún fékk afar lofsamleg ummæli í bókmenntaþættinum Kiljunni og fjórar stjörnur með fallegum ritdómi Páls Baldvins Baldvinssonar í Fréttatímanum.



Enn af Jóel

Hin bókin sem Þorgrímur sendir frá sér í ár er spennusaga um persónur sem þegar hafa birst í þremur bókum. **Þokan** er sjálfstætt framald *Núll núll 9* sem naut mikilla vinsælda í fyrra og aflaði höfundi sínum Bókaverðlauna barnanna. Þetta er spennusaga fyrir unglinga sem teygir anga sína víða – hefst á Akureyri þar sem persónurnar eiga heima, fylgir hópnum í helgarferð til Snæfellsness en hugurinn ber krakkana líka til Egyptalands og dularfullu eyjarinnar Atlantis.

Enginn byrjandi

Eins og alþjóð veit er Þorgrímur Þráinsson enginn byrjandi á ritvellinum. Áður en bókatvennan í ár kom út hafði hann sent frá sér hvorki meira né minna en 23 bækur á 20 árum – geri aðrir betur!



Sagan af Hreiðari komin á bók

Það sætir alltaf tíðindum þegar út kemur ný bók eftir Guðrúnu Helgadóttur og í ár kemur út saga sem er ný fyrir þorra landsmanna en kunnugleg afkomendum Guðrúnar, **Lítil saga um latan unga**. Söguna um lata ungann Hreiðar samdi Guðrún nefnilega fyrir mörgum árum handa börnunum í fjölskyldunni. Sem betur fer ákvað hún núna að deila henni með afgangi þjóðarinnar og af því tilefni skreytti Anna Cynthia Leplar hana gullfallegum myndum.



Ekki hætt á toppnum


Nú geta aðdáendur litla skrímslisins og stóra skrímslisins glaðst því í ár kemur út fimmta bókin um þessar skemmtilegu persónur sem ber titilinn **Skrímsli á toppnum**. Að venju er eitt málefni í brennidepli í samskiptum skrímslanna og að þessu sinni er það ótti, þor og lofthræðsla. Skrímslin hafa verið í hægri en öruggri útrás undanfarin ár, auk Íslands, Svíþjóðar og Færeyja koma þau nú út á dönsku, frönsku og spænsku. Og höfundatríóið hyggst halda ótrautt áfram og hætta ekki þótt skrímslin séu komin á toppinn.

HÖRKUSPENNANDI UNGLINGASAGA


„... spennuþrungin og mjög skemmtileg.“

Marta María Arnarsdóttir, 13 ára
pressan.is (um *Núll núll 9*)

Hvernig tengist eldgömul ljósmynd bíómyndinni Avatar og dularfullum mannaferðum á Snæfellsnesi? *Þokan* er hörkuspennandi unglingasaga eftir Þorgrím Þráinsson, sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Núll núll 9*.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



Verðlaunahöfundurinn Þorgrímur Þráinsson í essinu sínu!

Lesum og hlustum




Grallari í lit

Í Fíasól og litla ljónaránið eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur segir frá ótrúlegri ævintýraferð í skemmtigarð í Svíþjóð. Sagan er spennandi eins og fyrri bækur um þessa vinsælu persónu en hún er í stærra broti og allar myndir Halldórs Baldurssonar í fullum litum sem gera ævintýri Fíusólar auðvitað enn meira spennandi fyrir krakka á aldrinum 5 til 105 ára.



Í ársbyrjun var frumsýnd leiksýning um Fíusól og vini hennar í Þjóðleikhúsinu og er skemmst frá því að segja að allar götur síðan hefur hún verið sýnd fyrir fullu húsi afskaplega ánægðra gesta á öllum aldri.



Rjúfum þögnina

Í vor kom út í samstarfi við Barnaverndarstofu norska verðlaunabókin **Illi kall**. Þar segir í ljóðrænum texta og sterkum myndum frá litlum dreng sem býr við heimilisofbeldi. Boðskapurinn er brýnn: Jafnvel þótt barn búi við hræðilegar aðstæður er alltaf leið út og lykillinn að lausn er að segja frá. Bók sem þessi getur vitanlega skipt sköpum fyrir börn sem búa við ofbeldi en hún á einnig erindi við aðra, enda er henni ætlað að rjúfa þögnina sem umlykur það alvarlega samfélagsvandamál sem heimilisofbeldi er.

Það er gaman að lesa bók en það er ennþá meira gaman ef bókinni fylgir geisladiskur – og það á við um þrjár bækur Forlagsins í ár.

Vinsæl mús

Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann kom út fyrr á árinu. Þar rambar tónelska músin Maxi inn í tónlistarskóla og kemst að því að börn geta líka leikið á hljóðfæri. Hann lendir í æsispennandi ævintýri í tónlistarskólanum en fylgir síðan börnunum yfir í tónlistarhúsið þar sem þau leika á tónleikum. Á geisladiski sem fylgir bókinni leika ungir einleikarar þekkt verk með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess sem sagan er lesin og lagið hans Maxa flutt. Tveir hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands standa á bak við bækurnar um Maxa: Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari skrifar söguna og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari myndskreytir.



Allir syngja með

Með á nótunum 2 fylgir eftir hinni vinsælu bók *Með á nótunum* sem kom út árið 2006 og er löngu orðin uppseld. Nýja bókin geymir 58 lög og þulur sem gaman er að syngja með ungum börnum. Hrafnhildur Sigurðardóttir, söngkona og kennari, valdi textana en Sigríður Ásdís Jónsdóttir skreytti líflegum myndum. Hverjum texta fylgja lýsingar á hreyfingum þar sem stuðst er við tjáningarformið Tákn með tali, auk nótna og hljóma. Rúsínan í pylsuendanum er svo geisladiskur þar sem Hrafnhildur flytur ásamt fleirum öll lögin og þulurnar í bókinni. Það er því engin afsökun að kunna ekki lagið – allir geta sungið með!



Músagangur í Hörpu

Maxímús Músíkús var kynntur til sögunnar fyrir tveimur árum í bókinni Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina. *Þar flytur hann inn í tónlistarhús og glögglega má sjá á myndum að það er sjálf Harpa. Maxi var því langfyrstur til að flytja inn í Hörpu og verður áreiðanlega kátur þegar húsið fyllist loksins af tónlist.*

Gamalt og nýtt

Mörg leikskólabörn þekkja **Karnival dýranna**, sígilda tónverkið eftir Camille Saint-Saëns sem er svo vinsælt að leika fyrir börn. Tónverkið er í 14 þáttum sem hver er helgaður einu dýri þannig að hlustandi sér dýrið auðveldlega fyrir sér um leið og hann hlýðir á tónlistina. Með þessari bók fylgir ný upptaka á Karnivalinu í flutningi kammerhópsins Sheherazade. Á milli laga flytur Guðrún Ásmundsdóttir leikkona nýjar og bráðskemmtilegar vísur sem Þórarinn Eldjárn orti sérstaklega fyrir þessa útgáfu. Sömu vísur eru í bókinni innan um líflegar myndskreytingar eftir Kristínu Maríu Ingimarsdóttur.



Bækur sem gefa

Það er ekki bara skemmtilegt að hlusta á tónlist – það er líka afar þroskandi. Fátt örvar málþroska ungra barna betur en að syngja og börn sem læra ung að meta góða tónlist búa að því alla ævi. Bók og geisladiskur er því gjöf sem bæði gleður og gefur.

Vampírudraumur

Myrkvun, þriðja bókin í bókaflokknum sem hófst á *Ljósaskiptum*, er nýkomin í verslanir. Íslenskir lesendur tóku fyrri bókunum fagnandi og má búast við sömu vinsældum nú, enda njóta bækurnar aðdáunar um allan heim. Meira en hundrað milljón eintök hafa selst af bókaflokknum um allan heim á meira en 38 tungumálum. Bækurnar voru mest seldu skáldsögur í Bandaríkjunum árið 2008 samkvæmt metsölulista USA Today og hafa verið á toppi New York Times metsölulistans yfir bókaflokka fyrir börn í meira en 235 vikur. Eftir fyrstu þremur bókunum hafa verið gerðar vinsælar kvikmyndir og er sú fjórða væntanleg.

Bókaflokkurinn er það fyrsta sem rithöfundurinn, Stephenie Meyer, skrifaði og segir hún sögu-




una hafa komið til sín í draumi. Það má segja að það hafi verið góður draumur.

Dularfulla safnahúsið!

Spennandi saga um eldgamalt safn þar sem ekki er allt sem sýnist.

Fyrsta bókin í nýjum bókaflokki eftir Sigrúnu Eldjárn.





MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

RÍKULEGA MYNDSKREYTT

★ ★ ★ ★

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn



Hlý og skemmtileg verðlaunasaga fyrir stráka og stelpur eftir metsöluhöfundinn Þorgrím Þráinsson.



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Eiga afar líka leyndarmál?

Sígildar bækur fyrir síunga lesendur

Sumar bækur eru þannig að þær verða ekki úreltar heldur segja hverri kynslóð eitthvað nýtt. Í ár koma út hjá Forlaginu margir ástsælir vinir íslenskra lesenda til áratuga.

Tinni og Tobbi

Bækurnar um snjalla blaðamanninn Tinna og trygga vin hans Tobba komu fyrst út á íslensku á áttunda áratugnum og hafa sumar þeirra verið prentaðar mörgum sinnum. Í ár hóf Forlagið markvissa endurútgáfu á bókaflokknum í nýju og handhægara broti en áður og eru nú fjórar bækur komnar út: **Leyndardómur einhyrningsins** og framhaldið af henni, **Fjársjóður Rögnvaldar rauða**; **Skurðgoðið með skarð í eyra** og **Krabbinn með gylltu klærnar**. Allar í afbragðsþýðingu Lofts Guðmundssonar.



Lífið í Múmíndal

Múmínálfarnir hafa verið talsvert í umræðunni upp á síðkastið og síðar í haust verður frumsýnd ný múmínmynd í þrívídd með titillagi eftir Björk. Af því tilefni er **Halastjarnan** endurútgefin í frábærri þýðingu Steinunnar Briem, en auk þess komu á vormánuðum út tvær fallegar harðspjaldabækur fyrir yngstu





börnin: **Múmínálfar læra orð** og **Múmínálfar læra tölur**.

Strumpaðu þetta!

Fáar fígúrur hafa notið jafnmikilla vinsælda og Strumparnir en allmargar bækur um þá komu út á níunda áratugnum. Nú koma Strumparnir út í nýjum búningi fyrir yngri lesendur, tvær skemmtilegar sögubækur: **Strympa** og **Öðruvísistrumpur**; og tvær skemmtilegar þrautabækur: **Strumpafjör** 1 og 2.



Goðheimar


Á árunum 1979 til 1989 komu út fimm bækur úr bókaflokknum **Goðheimum** eftir Peter Madsen og nutu mikilla vinsælda. Bækurnar eru löngu ófáanlegar en bókafólk hefur orðið vart við mikla og vaxandi eftirspurn eftir þeim undanfarin ár. Það eru því gleðitíðindi að í ár kemur fyrsta bókin út að nýju, **Úlfurinn bundinn**, í upprunalegri þýðingu Guðna Kolbeinssonar.



Og margt margt fleira

Miklu fleiri gamlir vinir koma út hjá Forlaginu í ár og má þar nefna hina ástsælu **Herramenn** sem glatt hafa íslenska lesendur í 30 ár, **Víst kann Lotta** að hjóla sem kom fyrst út 1982, **Moldvarpan sem vildi vita hver skeit á hausinn** á **henni** sem selst hefur upp nokkrum sinnum í frábærri þýðingu Þórarins Eldjárns, **Litli prinsinn** sem alltaf á sína tryggu lesendur á öllum 190 málunum sem hann hefur verið þýddur á, óþekka barnaljóðið **En hvað það var skrýtið** sem margar kynslóðir hafa lært utan að, **Ástarsaga úr fjöllunum**, **Í grænni lautu**, **Svona stór**, **Dísa ljósálfur** … og áfram mætti telja.





Týnda prinsessan

Þeir krakkar sem fylgst hafa með Stundinni okkar í Sjónvarpinu í vetur hafa tekið eftir prinsessu sem veit ekki hvaða ævintýri hún á heima í, og svo eru þar líka skór og klukka sem húsvörðurinn veit ekkert hvert hann á að setja. Í þessari skemmtilegu bók komumst við að því hvaða ævintýri þau tilheyra – það er glænýtt og heitir **Nornin og dularfulla gauksklukkan**. Ævintýrið sömdu Gunnar Helgason og Björgvin Franz Gíslason sem bakgrunnssögu fyrir Stundina okkar en það stendur þó sjálfstætt og sver sig í ætt við ævintýrin í safni Jóns Árnasonar eða Grimms-bræðra. Halldór Baldursson myndskreytir ævintýrið með glæsilegum heilsíðu litmyndum og fjölda smámynda.





Út í heim

Það gerist ekki ósjaldan að erlendar bækur koma út hér á landi um leið og annars staðar í heiminum, en nú verður æ algengara að dæmið snúi á hinn veginn. Í ár koma þrjár útgáfubækur Forlagsins samtímis út hér og ytra.

Smásagnasafnið **Elskar mig – elskar mig ekki** er afrakstur samstarfs átta norrænna útgefenda og kom bókin samtímis út í öllum löndunum. Finnski titillinn er *Rakastaa, rakasta* og sá grænlenski *Asavaanga – asanngilaanga*. Aðrir eru keimlíkir þeim íslenska enda sögnin að elska lík á flestum norrænu málunum. Titilsögu bókarinnar skrifar Jónína Leósdóttir og hinn fulltrúi Íslands er Eiríkur Örn Norðdahl.

Myndabókin **Grallarar í gleðileit** eftir Björk Bjarkadóttur er prentuð samtímis á íslensku og norsku, erlenda útgáfan kemur út hjá Mangschou og heitir *Tullete Tolle* og *Ullster*. Þá kemur **Skrímsli á toppnum**, eftir Áslaugu Jónsdóttur, Rakel Helmsdal og Kalle Güettler, út í heimalöndum allra höfunanna: Íslandi, Færeyjum og Svíþjóð.


Ný bók verðlaunahöfundar

Í vor kom út fræðslubókin **Upp í sveit** ætluð börnum frá tveggja ára aldri. Þetta er þriðja bók Halldórs Elvarssonar en fyrir þær fyrri, *Stafróf dýranna* og *Teljum dýr* hlaut hann Vorvindaviðurkenningu IBBY á Íslandi, enda ekki margir sem sinna þessu mikilvæga starfi að semja alíslenskar fræðslubækur fyrir börn. Í *Upp í sveit* er fjallað um algeng húsdýr á borð við kindur og kýr, en einnig kanínur, refi og minka.



Söktu þér í ævintýri

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is






Eldfjörug bók um sumar á eyju, brjálaðar kríur, óþekktarorm og bréfaskriftir eftir höfund bókanna um spæjarann Fjóla Fífils.





Kóngur og drottning geta ekki eignast barn, en einn daginn kemur dularfull kona til hallarinnar ... Spennandi ævintýri eftir Gunnar Helgason og Björgvin Franz Gíslson sem tengist efni Stundarinnar okkar í Sjónvarpinu.


Íslenskar barna- og unglingabækur



ÁRSTÍÐIRNAR
Þórarinn Eldjárn
Myndir: Sigrún Eldjárn
Þessi stórskemmtilega bók geymir sextán myndskreytt kvæði um árstíðirnar fjórar: Vetur, sumar, vor og haust. Barnaljóðabækur Þórarins og Sigrúnar Eldjárn hafa um árabil notið verðskuldaðra vinsælda og þessa munu lesendur frá fjögurra ára aldri gleypa í sig.
40 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2122-7




ERTU GUÐ, AFI?
Þorgrímur Þráinsson
Emma Soffía er ellefu ára, á pabba sem er alltaf úti á sjó og mömmu sem reynir sig reglulega við Íslandsmetið í fýlu. Hún hefur aldrei séð afa Afríku fyrr en hann birtist á tröppunum með hundinn Tarzan og eftir það verður ekkert eins og áður. Hér leiðir Þorgrímur Þráinsson lesendur sína á ný mið í fylgd heillandi persóna sem eru í senn djúpvitrar og skemmtilegar. Sagan var valin úr fjölda handrita sem bárust í samkeppnina um Íslensku barnabókaverðlaunin 2010.
133 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2119-7




FÍASÓL Í HOSILÓ
Kristín Helga Gunnarsdóttir
Myndir: Halldór Baldursson
Lesendur á öllum aldri hafa tekið Fíusól fagnandi og íslensk börn veittu þessari bók Bókaverðlaun barnanna vorið 2006. Hér er hún endurútgefin í kilju.
119 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3108-7
Kilja



FÍASÓL OG LITLA LJÓNARÁNIÐ
Kristín Helga Gunnarsdóttir
Myndir: Halldór Baldursson
Einu sinni var Fíasól á flandri og um það skrifuð heil bók. En auðvitað var það ekki SAGAN ÖLL. Ekkert var sagt frá fáránlegum leiðangri í skemmtigarð þar sem framandi dýr og skuggalegt fólk kom við sögu. Nú er kominn tími til að leysa frá SKJÓÐUNNI. Hér er komin glæný og LITRÍK bók um gleðisprengjuna Fíusól og furðulegu fjölskylduna hennar.
25 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3150-6



FLATEYJARBRÉFIN
Kristjana Friðbjörnsdóttir
Myndir: Margrét Laxness
Skólinn er búinn en Ólafía Arndís hefur áhyggjur. Hvað ef hún kemst nú ekki upp í sjötta bekk næsta vetur eins og kennarinn sagði? Til að gera gott úr öllu byrjar hún að skrifa kennaranum sínum bréf en þau fjalla um flest annað en námið enda er Ólafía Arndís önnum kafin við að berjast við kríur, passa ólátabelg, eltast við drauga og eignast nýja vini. Sprenghlægileg saga handa krökkum á aldrinum 7–12 ára.
120 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-141-8




FORNGRIPASAFNIÐ
Sigrún Eldjárn
Rúnar er nýfluttur í lítið þorp úti á landi þar sem pabbi hans hefur ráðið sig sem safnstjóra. Draslið á safninu blasir við öllum en þar er greinilega eitthvað fleira á kreiki sem minna fer fyrir. Ásamt krökkunum í næsta húsi – og hinni dularfullu Gunnhildi – lendir Rúnar í æsispennandi ævintýri. *Forngripasafnið* er fyrsta bókin í nýjum þríleik – ríkulega myndskreytt og spennandi saga fyrir krakka á aldrinum 8–12 ára.
195 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3177-3



GAURAGANGUR
Ólafur Haukur Símonarson
Ormur Óðinsson er sextán ára snillingur og töffari en það þýðir ekki endilega að allt hans líf sé í góðum gír. Gauragangur er drepfyndin og háalvarleg þroskasaga sem heillað hefur lesendur árum saman, notið vinsælda á leiksviði og birtist okkur senn á hvíta tjaldinu.
260 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3154-4
Kilja



GRALLARAR Í GLEÐILEIT
Björk Bjarkadóttir
Mamma er upptekin og alveg hætt að brosa. Það finnst Tolla og Todda leitt og leggja því af stað til að finna eitthvað sem gleður mömmu. Bráðskemmtileg saga eftir Björk Bjarkadóttur sem hlotið hefur fjölmargar viðurkenningar fyrir fjörugar barnabækur.
33 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3172-8



HETJUR
Kristín Steinsdóttir
Þórhallur er fluttur með fjölskyldunni til Þrándheims í Noregi. Yfir borginni gnæfir löngu dauður kóngur á súlu – forn hetja. Eða hvað? Hér fléttast gamlar frásagnir saman við nýjar sem og vangaveltur um hvað það felur í sér að vera hetja. Margslungin saga fyrir lesendur frá 10 ára aldri.
176 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2108-1
Kilja



KARNIVAL DÝRANNA
Þórarinn Eldjárn
Myndir: Kristín María Ingimarsdóttir
Í þessari glæsilegu bók er *Karnival dýranna* eftir Camille Saint-Saëns búið í



„Einfaldlega besta Artemisbókin hingað til.“

The Irish Independent

Það þarf ekki að kynna glæpasnillinginn Artemis Fowl fyrir íslenskum lesendum og nú er hann staddur á Íslandi! En eitthvað dularfullt er á seyði – hann er orðinn góður!

Artemis Fowl – Atlantisduldin er margslungin, skemmtileg og spennandi saga.

„Spennandi ævintýrasaga, eitthvað fyrir aðdáendur Harry Potters.“

Booklist

Framtíð heimsins hvílir í höndum tvíburanna Josh og Sophie Newman – bara ef þau snúast ekki hvort gegn öðru. Hröð og spennandi saga um fólk og furðuverur sem farið hefur sigurför um heiminn.

Töframaðurinn er sjálfstætt framhald *Gullgerðarmannsins*.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


nýjan og fjörugan búning. Geisladiskur fylgir bókinni þar sem kammerhópur Sheherazade flytur tónverkið ásamt Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu. *Karnival dýranna* hefur um áratugaskeið notið mikilla vinsælda um allan heim, ekki síst hjá börnum. Umsjón með útgáfunni hafði Pamela De Sensi flautuleikari.
35 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3174-2



LÍTIL SAGA UM LATAN UNGA
Guðrún Helgadóttir
Myndir: Anna Cynthia Leplar
Unga litla líður svo vel í hreiðrinu hjá mömmu sinni að hann vill aldrei fara burt. Mamma gerir allt sem unginn biður um en einn daginn fær hún nóg. Hér er á ferðinni skemmtilegt ævintýri eftir Guðrúnu Helgadóttur um það að standa á eigin fótum, prýtt glæsilegum myndum Önnu Cynthiu Leplar.
25 bls.
FORLAGIÐ
Vaka-Helgafell
ISBN 978-9979-2-2120-3



MAXÍMÚS MÚSÍKÚS TRÍTLAR Í TÓNLISTARSKÓLANN
Hallfríður Ólafsdóttir
Myndir: Þórarinn Már Baldursson
Maxímús Músíkús býr í gömlum bassa í stóra tónlistarhúsinu og líkar lífið vel. Einn daginn fer hann í óvænt ferðalag og kemst að því að börn geta líka spilað á hljóðfæri! Hér er komin ný og spennandi saga um tónelsku músina Maxa sem heillað hefur hug og hjörtu fjölda barna. Bókinni fylgir geisladiskur þar sem Valur Freyr Einarsson les söguna og ungir einleikarar flytja tónverkin sem við sögu koma ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Daníels Bjarnasonar.
33 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3149-0



MEÐ Á NÓTUNUM 2
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Myndir: Sigríður Ásdís Jónsdóttir
Sjálfstætt framhald bókarinnar *Með á nótunum* sem notið hefur mikilla vinsælda. Hér eru enn fleiri skemmtilegir hreyfisöngvar og þulur sem gaman er að kunna. Lögunum fylgja útskýringar á hreyfingum þar sem stuðst er við tjáningarformið Tákn með tali. Aftast í bókinni eru nótur að öllum lögunum ásamt einföldum gítar- og píanóhljómum. Þá fylgir geisladiskur bókinni þar sem lögin og þulurnar eru flutt.
80 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-111-1



NORNIN OG DULARFULLA GAUKSKLUKKAN
Björgvin Franz Gíslason og Gunnar Helgason
Myndir: Halldór Baldursson
Í óþekktu konungsríki eru allir ánægðir og glaðir nema konungshjónin sem geta ekki eignast barn. Dag einn kemur ægifögur kona til ríkisins með dularfulla klukku og segir að þegar gaukurinn í klukkunni gali í fyrsta sinn muni þau eiga barn í vændum. En gaukurinn á eftir að gala oftar og það boðar ekki alltaf gleðitíðindi. Þetta spennandi ævintýri tengist efni Stundarinnar okkar í Sjónvarpinu í vetur.
47 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-152-4




PRINSESSAN Á BESSASTÖÐUM
Gerður Kristný
Forsetinn hefur fengið góða gesti frá útlöndum: Kóng, drottningu og prinsessu! Sautjándi júní nálgast og þá fær fullt af duglegu fólki fálkaorðu. En ótalmargt gerist áður en fálkaorðuveislan getur byrjað. Eldfjörug saga fyrir 6 ára og eldri.
88 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3114-8
Kilja



SKRÍMSLI Á TOPPNUM
Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güttler og Rakel Helmsdal
Uppi í háu tré prílar stóra skrímslið og segir frá ævintýralegri fjallgöngu á Skrímslatind. Litla skrímslið heldur sig við jörðina en frásögnin fer á flug. *Skrímsli á toppnum* er sjötta bókin um litla og stóra skrímslið. Bækurnar hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál og hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar.
25 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3179-7



UPP Í SVEIT
Halldór Elvarsson
Skemmtileg bók fyrir börn sem vilja vita meira um dýrin í sveitinni. Hér er að finna fjölbreyttan fróðleik um íslensku húsdýrin ásamt skýrum og skemmtilegum myndum af dýrunum og afkvæmum þeirra. Veggspjald með íslensku húsdýrunum fylgir bókinni.
25 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3151-3



ÞOKAN
Þorgrímur Þráinsson
Það eru liðnir þrír mánuðir frá því að Jóel bjargaði sér hetjulega úr klóm erlendra glæpamanna og hann er orðinn leiður á sífelldum spurningum um afrek hans. Hann vill bara vera í friði og hlakkar til að slaka á með vinum sínum á Snæfellsnesi. En ferðin verður ekki eins og Jóel sá fyrir sér. *Þokan* er dulræn og spennandi unglingasaga og sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Núll núll 9*.
228 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3199-5



Þekkir þú Maxímús?



Tónlistarmúsin Maxímús Músíkús snýr aftur í bráðskemmtilegri bók eftir Hallfríði Ólafsdóttur og Þórarin Má Baldursson.

Nú heimsækir Maxi tónlistarskólann og kynnist hæfileikaríkum krökkum.



Geisladiskur fylgir

Syngjum öll saman



Yndisleg myndskreytt söngvabók með lögunum úr leikskólanum. Sjálfstætt framhald hinnar geysivinsælu bókar *Með á nótunum* eftir Hrafnhildi Sigurðardóttur.





Yfir 60 lög!

Geisladiskur fylgir

Dýrin leika sér

Gullfalleg bók byggð á tónverkinu Karnival dýranna. Nýjar vísur eftir Þórarin Eldjárn segja frá þrettán fjörugum dýrum. Kristín María Ingimarsdóttir myndskreytti.






Geisladiskur fylgir

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Þýddar barna- og unglingabækur



365 HUGMYNDIR TIL AÐ TEIKNA OG MÁLA
Fiona Watt
Þýð.: Sigþrúður Gunnarsdóttir
Langar þig að teikna íþróttamenn, blóm eða vélmenni – mála mörgæsir með fingrunum, stimpla skrautleg skrímsli með grænmeti eða vatnslita draugakastala? Þessi frábæra bók geymir 365 skemmtilegar hugmyndir að verkefnum sem gaman er að prófa – alla daga ársins!
128 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3103-2



ARTEMIS FOWL – ATLANTISDULDIN
Eoin Colfer
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Glæpasnillingurinn Artemis Fowl er staddur á Vatnajökli og eitthvað dularfullt er á seyði – hann er orðinn góður! Það er eins gott að hulduverunum takist að kalla fram hinn raunverulega Artemis áður en óðir róbótar ráðast á hópinn og eyða öllu lífi á jörðinni. Hér er komin margslungin og skemmtileg saga sem þykir jafnvel sú besta af Artemis-bókunum hingað til.
357 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-159-3



ELSKAR MIG – ELSKAR MIG EKKI
Ýmsir höfundar
Þýð.: Böðvar Guðmundsson
Sögurnar í þessari bók fjalla allar um að vera ástfanginn, vera elskaður og þora að fylgja hjarta sínu. Sextán norrænir höfundar frá átta málsvæðum skrifa hér um ástina í allri sinni fjölbreytni fyrir lesendur frá 13 ára aldri.
205 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3181-0
Óbundin




GOÐHEIMAR 1: ÚLFURINN BUNDINN
Peter Madsen
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Þrumur og eldingar lýsa upp himininn og skyndilega birtist þrumuguðinn Þór á vagni sínum. Með í för er Loki hinn lævísi og vegna klækjabragða hans fylgja mennsk systkin, Þjálfi og Röskva, guðunum til Ásgarðs. Þar er voðinn vís því sjálfur Fenrisúlfur gengur laus … Bókaflokkurinn um Goðheima hefur verið ófáanlegur um árabil en er nú loksins gefinn út að nýju.
46 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0481-0




HALASTJARNAN
Tove Jansson
Þýð.: Steinunn Briem
Hvað eiga múmínálfarnir til bragðs að taka þegar von er á halastjörnu til jarðarinnar og kannski verður heimsendir? Múmínsnáðinn og Snabbi leggja af stað í langa og háskalega ferð áleiðis til geimrannsóknarstöðvar sem stendur á hæsta tindi Einmanafjallanna. Bækurnar um múmínálfana komu fyrst út á íslensku fyrir fjórum áratugum. Þessi bók geymir nákvæma endurgerð af útgáfu Arnar og Örlygs á Halastjörnunni sem kom út 1971.
156 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3- 3200-8
Kilja



HERRA HVOLFI, HERRA KLAUFI, HERRA KLÁR OG HERRA ÞÖGULL
Roger Hargreaves
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Fjórar nýjar bækur um herramennina skemmtilegu. Bættu þessum í safnið þitt!
36 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9979-656-39-5/36-4/38-8/37-1



ILLI KALL
Gro Dahle
Þýð.: Sigrún Árnadóttir
Myndir: Svein Nyhus
Áhrifarík bók um heimilisofbeldi sem vakti gríðarlega athygli þegar hún kom út og hlaut fjölda verðlauna og viðurkenninga. Síðan hafa bæði leikrit og teiknimynd verið gerð eftir henni. Bókin er gefin út í samvinnu við Barnaverndarstofu.
40 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3153-7



KOSS
Jacqueline Wilson
Þýð.: Halla Sverrisdóttir
Sylvie og Karl hafa verið perluvinir frá því þau voru lítil. Núna eru þau orðin þrettán ára og eitthvað er að breytast. Hvað er í gangi í kollinum á Karli? Jacqueline Wilson er einn vinsælasti barnabókahöfundur heims og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir skrif sín. Stelpur í strákaleit og framhaldsbækur hennar öfluðu Jacqueline fjölda íslenskra aðdáenda sem munu njóta þess í botn að lesa Koss.
299 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-134-0



LITLI PRINSINN
Antoine De Saint-Exupéry
Þýð.: Þórarinn Björnsson
Þessi einstæða saga kom fyrst út árið 1943, fór strax sigurför um heiminn og er nú talin meðal sígildra verka. Hér fléttast saman draumur og veruleiki, einfaldleiki og dul, létt gaman og djúp alvara sem vekur stöðugt til umhugsunar. Litmyndir við söguna gerði höfundurinn sjálfur.
93 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3110-0





MÚMÍNÁLFAR LÆRA ORÐ OG MÚMÍNÁLFAR LÆRA TÖLUR
Tove Jansson
Þýð.: Bjarni Guðmarsson
Í þessum sterku og litríku bókum má skoða tölurnar og einföld orð í fylgd heillandi persóna úr Múmíndal.
14 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3101-8/3102-5
Harðspjaldabækur

VAMPÍRUR OG VARÚLFAR

Þriðja bókin í Twilight-bókaflokknum sem farið hefur sigurför um heiminn.

Ævispennandi saga sem fær hárin til að rísa og hjartað að slá hraðar.





„Aðdáendur Ljósaskipta og Nýs tungls munu gleypa þessa í sig af sömu áfergju."

TEENREADS.COM

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




MYNDAATLAS BARNANNA – JÖRÐIN OKKAR
Andrea Pinnington og Marie Greenwood
Þýð.: Sigþrúður Gunnarsdóttir
Þessi nýstárlega kortabók geymir skýrar og skemmtilegar upplýsingar um jörðina okkar fyrir lesendur frá fimm ára aldri. Fróðleikur um lönd og þjóðir heims er settur fram með fjölbreyttum hætti og þegar bókin er opnuð sprettur upp hnöttur sem snýst.
33 bls.
FORLAGIÐ
Mál og menning
ISBN 978-9979-3-3086-8



MYRKVUN
Stephenie Meyer
Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir
Hér kemur þriðja bókin í Twilight-bókaflokknum sem farið hefur sigurför um heiminn og heillað lesendur á öllum aldri. Isabella er enn í stofufangelsi og pabba hennar er ekkert ljúft að gefa henni frelsi, allra síst þegar morðingi virðist ganga laus í nágrenninu. Til allrar hamingju veit hann ekki um hinar hætturnar sem steðja að dóttur hans.
528 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-135-7



NÝTT TUNGL
Stephenie Meyer
Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir
Heimur Isabellu hverfist um eitt og aðeins eitt: Edward Cullen! En það er jafnvel enn hættulegra að elska vampíru en hún gerði sér í hugarlund og kannski eru vandamál elskendanna bara rétt að byrja. Stephenie Meyer sló rækilega í gegn með Ljósaskiptum. Í Nýju tungli heldur sagan áfram og söguþráðurinn teygir sig víða.
537 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-107-4
Kilja



PRINSESSA Í FRAMBOÐI
Meg Cabot
Þýð.: Salka Guðmundsdóttir
Áður en Mía prinsessa veit af er hún komin í framboð til formanns nemendaráðs. Og eins og það sé ekki nóg þarf hún líka að hafa áhyggjur af litla bróður sínum, tíu þúsund sjávarsniglum sem hún lét sturta út í Genóvíuflóa og síðast en ekki síst því sem Lana Weinberger (vinsælasta klappstýra skólans og mótframbjóðandi Míu) segir um framboði er sjötta bókin um Míu prinsessu af Genóvíu – sem er fjörugri en nokkurn tíma fyrr.
271 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-136-4



SKÚLI SKELFIR FER Í FRÍ
Francesca Simon
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Myndir: Tony Ross
Það er komið sumarfrí en fríið verður ekki alveg eins og Skúli skelfir óskaði sér! Hér birtist þessi vinsæla persóna í litríkri bók sem ætluð er byrjendum í lestri. Hvað er betra en að æfa sig að lesa með prakkaranum Skúla?
76 BLS.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-095-4



SKÚLI SKELFIR RÆNIR BANKANN OG SKÚLI SKELFIR VEKUR UPP DRAUG
Francesca Simon
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Myndir: Tony Ross
Tvær nýjar bækur um prakkarann Skúla sem kemur lesendum sífellt á óvart með hnyttni og hrekkjum. Hvor bók geymir fjórar skemmtilegar sögur um Skúla og vini hans.
103/104 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-128-9/127-2
Kiljur



STRUMPARNIR: STRUMPAFJÖR 1 OG 2
Peyo
Þýð.: Sölvi Björn Sigurðsson
Skemmtilegar þrautabækur fyrir 4-6 ára og 7-9 ára börn. Fjölbreytt verkefni þar sem strumparnir skemmtilegu eru í aðalhlutverki.
36 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0477-3/0478-0



STRUMPARNIR: STRYMPA OG ÖÐRUVÍSI STRUMPUR
Peyo
Þýð.: Sölvi Björn Sigurðsson
Loksins eru strumparnir komnir aftur! Tvær spennandi sögur um lífið í Strumpaþorpinu fyrir lesendur á aldrinum 3–7 ára.
25 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0479-7/0480-3



TINNI: SKURÐGOÐIÐ MEÐ SKARÐ Í EYRA, LEYNDARDÓMUR EINHYRNINGSINS, FJÁRSJÓÐUR RÖGNVALDAR RAUÐA OG KRABBINN MEÐ GYLLTU KLÆRNAR
Hergé
Þýð.: Loftur Guðmundsson
Fyrsta bókin um Tinna kom út í Belgíu 1930 og æ síðan hefur blaðamaðurinn snjalli og félagar hans heillað lesendur um allan heim, ekki síst hér á landi. Ævintýri Tinna eru nú endurútgefin í frábærri þýðingu Lofts Guðmundssonar og í nýju og handhægu broti. Fylgstu með frá byrjun!
62 bls.
FORLAGIÐ
Iðunn
ISBN 978-9979-1-0474-2/0475-9/0488-9/0489-6



TÖFRAMAÐURINN – LEYNDARDÓMURINN UM HINN ÓDAUÐLEGA NICOLAS FLAMEL
Michael Scott
Þýð.: Guðni Kolbeinsson
Eftir æsispennandi flótta frá Bandaríkjunum lenda Nicolas Flamel og föruneyti hans í París. Myrkrafornarnir eru staðráðnir í að tortíma jörðinni og einungis tvíburar spásagnarinnar, Josh og Sophie Newman, geta komið í veg fyrir það – ef þau snúast ekki hvort gegn öðru. *Töframaðurinn* er æsispennandi framhald Gullgerðarmannsins og önnur bókin af sex í bókaflokknum um hinn ódauðlega Nicolas Flamel sem farið hefur sigurför um heiminn.
393 bls.
FORLAGIÐ
JPV útgáfa
ISBN 978-9935-11-137-1

Bókaklúbbar Forlagsins

Ekkert finnst bókabéusum skemmtilegra en að fá harða pakka, og ef maður er félagi í bókaklúbbi fær maður svo og svo marga harða pakka á ári með alveg óvæntu innihaldi. Jólin oft á ári! Nú rekur Forlagið fimm ólíka klúbba sem allir senda félögum sínum eina eða tvær bækur í senn nokkrum sinnum á ári. Auk bókanna njóta félagar alls kyns fríðinda, þeir fá 15–25% afslátt í verslun Forlagsins að Bræðraborgarstíg 7 og í lagerversluninni stóru á Fiskislóð 39 og jafnvel sérstök tilboð við og við.

Skrýtnir fuglar og handtöskur

Elstur er kiljuklúbburinn **Uglan**, stofnaður vorið 1986. Hann sendir félögum tvær bækur í einu, íslenska og þýdda skáldsögu, sex sinnum á ári. Meðal Uglubóka á árinu má nefna **Auði** eftir Vilborgu Davíðsdóttur, **Hvíta tígurinn** eftir Aravind Adiga, **Píslarvotta án hæfileika** eftir Kára Tulinius og **Arsenikturninn** eftir Önnu B. Ragde.

Ljóðaklúbburinn er líka gamall. Félagar hans fá fjórar glænýjar ljóðabækur á ári heim í hús.

Hrafninn leggur áherslu á spennusögur og sendir áskrifendum sínum sex æsispennandi kiljur á ári. Meðal Hrafnsbóka ársins eru **Maðurinn sem hvarf** eftir Sjöwall og Wahlöö, **Hyldýpi** Stefáns Mána, **Barnið í ferðatöskunni** eftir Kaaberbøl og Friis og **Friðlaus** eftir Lee Child.

Handtöskuserían velur bækur eftir konur og um konur og er markmiðið að gera nýjar og nýlegar erlendar skáldsögur eftir konur aðgengilegar lesendum á íslensku. Bækurnar koma út í kilju, fjórar á ári. Meðal handtöskubóka í ár voru **Morgnar í Jenín** eftir Susan Abulhawa og **Blóðnætur** eftir Åsu Larsson.

Sá klassíski

Eftirlætið á Forlaginu er Klassíski kiljuklúbburinn sem sendir félögum eina sígilda bók sex sinnum á ári, til skiptis íslenska og þýdda. Hann gerir almenningi – og ekki síst nemendum í framhaldsskólum og háskólum landsins – kleift að koma sér upp safni dýrindis bókmenntaverka fyrir hlægilega lítið fé.

Í honum hafa komið út íslensk öndvegisrit á borð við **Steinarnir tala** og **Bréf til Láru** eftir Þórberg Þórðarson, **Sögur og ljóð** Ástu Sigurðardóttur, **Gerplu** Halldórs Laxness, **Snöruna** eftir Jakobínu Sigurðardóttur, **79 af stöðinni** eftir Indriða G. Þorsteinsson, **Engla alheimsins** eftir Einar Má Guðmundsson, **Undir kalstjörnu** eftir Sigurð A. Magnússon og **Samastað í tilverunni** eftir Málfríði Einarsdóttur. Sér á parti meðal þessara endurútgáfa var frumútgáfa af áður óprentuðu handriti Þórbergs, „stóra ævisögulega handritinu“ svonefnda, undir heitinu **Meistarar og lærisveinar**.

Meðal þýddra heimsbókmennta má nefna **Veröld sem var** eftir Stefan Zweig, **Glæp og refsingu** eftir Dostojevskí, **Hundrað ára einsemd** eftir Márquez, **Sult** Hamsuns, **Meistarann og Margarítu** eftir Búlgakov og **Fuglana** eftir Tarjei Vesaas. Sú síðastnefnda var frumútgefin í klúbbnum.

Tímarit Máls og menningar kemur út fjórum sinnum á ári á vegum Forlagsins, barmafullt af skemmtun og fróðleik, greinum um bókmenntir og þjóðfélagsmál, smásögum og ljóðum og umsögnum um bækur. Ritstjóri er Guðmundur Andri Thorsson.

Yndislestur

Sem betur fer kaupir fólk í vaxandi mæli bækur í þeim eina tilgangi að skríða með þær upp í rúm – eða leggjast út í sólina – og lesa. Í sumar gengu þessar bækur vel en fullvíst er að þær má allt eins lesa í skammdeginu í vetur:



Það sem ég sá og hvernig ég laug er ný bandarísk verðlaunasaga, spennandi þroskasaga ungrar stúlku frá sjötta áratugnum. Dorothy Koomson svíkur ekki aðdáendur sína með **Góða nótt, yndið mitt**, þar sem sagt er frá sárum tilfinningum í kjölfar veikinda og vinslita þannig að lesandinn hrífst með.



Aðþrengd í Ódessu



segir frá Daríu sem veit ekki hvort er verra, atvinnuleysi eða ágengur yfirmaður og dreymir um að komast til Ameríku.

Í Sítrónum og saffran brýtur Agnes fokdýra rauðvínsflösku í átökum við sinn yfirmann og situr uppi atvinnulaus eftir en hreint ekki ráðalaus.



Bláa minnisbókin segir nöturlega sögu stúlkubarns sem er seld í kynlífsþrælkun og **Morgnar í Jenín** segir átakamikla sögu palestínskrar fjölskyldu á flótta og er um leið saga þjóðar á flótta. Nýlega kom svo út bandaríska skáldsagan **Prjónaklúbburinn** þar sem segir frá hugkvæmri ungri konu sem setur á fót prjónabúð á Manhattan í New York. En hún veit ekki alveg hvernig hún á að taka því þegar hópur kvenna fer að setjast þar upp á föstudagskvöldum og bera saman bækur sínar.



Það er nóg til að lesa!

Verðlaunakort af Íslandi

Árið 1998 hóf Mál og menning útgáfu Íslandskorta undir stjórn Arnar Sigurðssonar landfræðings og Hans H. Hansen kortagerðarmanns, sem annast hefur alla kortagerð fyrirtækisins frá fyrsta degi. Í upphafi voru gefin út Ferðakort í mælikvarða 1:600 000 og Fjórðungskort í mælikvarða 1:300 000 og fengu þau strax frábærar viðtökur innlendra og erlendra ferðamanna. Helsta byltingin var einstök notkun á skyggingu og litavali. Á bakhlið voru upplýsingar um helstu náttúruperlur landsins, sem þá var alger nýjung í íslenskri kortagerð.

Verðlaunakort

Árið 1999 voru fjórðungskortin útnefnd best heppnaði kortaflokkur heims á alþjóðlegri kortaráðstefnu. Í framhaldi var gerð handhæg, gormabundin kortabók í sama mælikvarða, sem í eru 60 landshlutakort og fjöldi korta af þéttbýlisstöðum, auk margvíslegra upplýsinga fyrir ferðamenn. Þessi bók var kynnt á alþjóðlegu kortaráðstefnunni árið 2000 og hreppti þar fyrstu verðlaun líkt og fjórðungskortin. Viðtökur hennar hér heima voru einnig með eindæmum góðar og hefur hún verið gefin út ellefu sinnum og er nú ein mest selda bók á Íslandi frá upphafi.



Askjan geymir 31 Atlaskort af Íslandi.



Upphleypta kortið er fáanlegt með eða án ramma.

Nýju Atlaskortin

Í kjölfarið var hleypt af stokkunum nýjum sérkortaflokki í mælikvarða 1:100 000 sem ætlað var að mæta síaukinni þörf göngu- og útivistarfólks. Nú hafa verið gefin út 12 kort í þessum flokki.

Árið 2005 kom út ÍslandsAtlas í mælikvarða 1:100 000, sem telst eitt mesta stórvirki íslenskrar kortaútgáfu fyrr og síðar. Í kjölfar frábærrar viðtöku á Atlasinum var ráðist í heildarútgáfu korta (31 kort) af öllu landinu, Atlaskorta, og eru þau seld saman í vandaðri öskju.

Upphleypt kort

Einnig hafa verið gefin út fjögur vönduð náttúrufarskort af Íslandi; jarðfræðikort, höggunarkort, fuglakort og plöntukort, en þetta eru kort sem allir áhugamenn um náttúru landsins ættu ávallt að hafa með í farteskinu. Nýjasta afurðin er upphleypt kort af Íslandi í mælikvarða 1:1000 000, svipað því sem fyrst var gefið út árið 1970 og margir muna eftir. Nýja kortið er unnið eftir bestu fáanlegu gögnum og stuðst er við gervitunglamyndir til að kalla fram eðlileg litbrigði landsins. Kortið er fáanlegt með eða án ramma og hentar frábærlega til gjafa.



Kortaverslun

Heildarútgáfa kortadeildar Máls og menningar telur nú 57 titla og er því langviðamesta kortaútgáfa landsins. Kortin eru fáanleg í glæsilegri kortaverslun Forlagsins að Fiskislóð 39, brotin eins og hentar best til ferðalaga, eða flöt fyrir þá sem vilja hafa þau innrömmuð á vegg.

„Ef hægt er að finna lausn á vandanum þurfum við ekki að hafa neinar áhyggjur af honum. Þá eigum við að einbeita okkur að því að finna lausnina. Ef hins vegar er enga lausn að finna þá er tilgangslaust að hafa áhyggjur því að við getum ekkert gert í málinu."

Dalai Lama


Þekkir þú stjórnarskrána?

Mikið hefur verið rætt um stjórnarskrána undanfarið og allir hafa á henni skoðun, einn segir hana ansi fína á meðan annar heldur því fram að hún sé ónýt. Margir kunna stjórnarskrána eflaust aftur á bak og áfram en þeir sem ekki gera það geta nú keypt hana í nýrri útgáfu frá Forlaginu og verið viðræðuhæfir í aðdraganda Stjórnlagaþings.


Það var árið 1874 sem Kristján konungur tíundi færði Íslendingum stjórnarskrá og hefur hún að meginatriðum staðið óbreytt síðan þá. Af skiljanlegum ástæðum byggir hún að stærstum hluta á dönsku grunnlögunum sem aftur byggja á stjórnarskrám Noregs, Belgíu og Bandaríkjanna.

Stjórnarskráin geymir grundvallarlög ríkisins og þar er meðal annars kveðið á um að þjóðaratkvæðagreiðslu skuli halda við þrenns konar aðstæður: Ef forseti neitar að staðfesta lög, ef stendur til að breyta þjóðkirkjunni og ef Alþingi vill láta reka forseta lýðveldisins. Gaman verður að sjá hvort Stjórnlagaþingið hróflar við þessu.





Óborganleg skáldsaga



Tveir vinir fara með skipi til Englands til að sækja arf annars þeirra – tvö hundruð pör af úrvals mokkasíum.

Tímann um borð ætla þeir að nota til að skrifa kvikmyndahandrit.

Ómótstæðileg saga eftir Braga Ólafsson.

„Söguhetjur hans eiga það nefnilega til að koma sér í svo magnaðar tilvistarklípur, nánast með allt niðrum sig, að maður fer hreinlega hjá sér.“

Geir Svansson / Morgunblaðið

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

ÓRAVÍÐDIR HIMINGEIMSINS

Ný bók í geysivinsælli ritröð

Í þessari einstöku bók birtist geimurinn okkur í allri sinni litríku og ljómandi dýrð.

Fróðleikur um stjörnufræði, sögu og eðlisfræði heimsins ásamt þúsundum mynda og einstökum stjörnukortum.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

